


**SIGURÐUR SÖREN GUÐJÓNSSON**

*Metið er sjö hundruð hestöfl*

bílar ferðir

**allt**

**ÓMAR RAGNARSSON**

*Gísli á Uppsölum lifir enn í honum*

Kjörinn eftirminnilegasti sjónvarpsmaður Íslands

**FÓLK 54**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. ágúst 2006 — 209. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


# Tekjur hækkað um 100 milljarða króna

**Fjármagnstekjur hækkuðu um rúmlega sextíu prósent frá 2004 til 2005. Páll Kolbeins segir hækkunina umtalsverða og athyglisverða. Sigurður Kári Kristjánsson segir hálaunafólk skila miklu til samfélagsins með skattgreiðslum.**

**FJÁRMÁL** Skattskyldar tekjur einstaklinga hækkuðu um rúmlega hundrað milljarða frá 2004 til 2005. Um helmings hlutfall hækkunarinnar má rekja til mikillar hækkunar á fjármagnstekjum. Þær hækkuðu um tæplega 61 prósent frá 2004 til 2005 og námu samtals 45 milljörðum árið 2005. Tekjur hafa hækkað umtalsvert undanfarin ár, sé miðað við skattskyldar tekjur, eða næstum 64 prósent frá árinu 2000. Rekja má helming allra fjármagnstekna til sölu á hlutabréfum. Fimm prósent allra framteljenda hlutu slíkan hagnað.

Samtals jukust skattskyldar tekjur um tæplega sautján prósent frá 2004 til 2005, samanborið við tæplega tíu prósent árið á undan.

Páll Kolbeins, verkefnisstjóri tölfræðilegra útreikninga hjá ríkisskattstjóra, segir hækkunina á fjármagnstekjunum vera umtalsverða miðað við árið á undan. „Launatekjurnar voru í samræmi við það sem við héldum en hækkunin á fjármagnstekjunum er umtalsverð, og athyglisverð. Þetta er mikil hækkun, en í sögulegu samhengi þá hafa fjármagnstekjur hækkað mikið á síðustu árum og því virðist þessi hækkun vera liður í þeirri þróun.“

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir mikilvægt að einstaklingar og fyrirtæki fari vel með velgengnina, en laun hækkuðu mikið árið 2005. „Ég fagna því mjög ef menn eru með góð laun og skila miklu til samfélagsins með skattgreiðslum. Það er mikilvægt fyrir þjóðfélagið og þá samneyslu sem við þurfum að standa undir. Þótt það sé ánægjulegt að fólk sé á góðum launum, þá fylgir því samfélagsleg ábyrgð að fara vel með velgengnina og þá hugsjón þurfa fyrirtæki og einstaklingar að hafa að leiðarljósi.“

Samkvæmt útreikningum Þorvalds Gylfasonar hagfræðiprófessors er ójöfnuður á Íslandi orðinn einn sá mesti í Evrópu. Ísland hefur færst fjær nágrannalöndum sínum á síðustu árum. **- mh / sjá síðu 6**



**FÖGUR FLEY** Heimamenn á Vestfold vilja víkingaskipin til sín. FRÉTTABLAÐIÐ/SBT

Sveitarstjórnir á Vestfold:

## Vilja víkingaskipin frá Ósló

**NOREGUR, AP** Sveitarstjórnir fjórtán sveitarfélaga í Vestfold-sýslu við vestanverðan Óslóarfjörð hafa sameinast um að krefjast þess að frægustu víkingaskipunum sem verið hafa til sýnis á víkingaskipasafninu í Ósló í heila öld og kennd eru við Oseberg og Gauksstaði verði skilað „heim“ til Vestfold, þar sem skipin fundust á sínum tíma.

Gauksstaðaskipið fannst árið 1880 og Oseberg-skipið árið 1903, en þau voru bæði í grafhaugum höfðingja frá 9. öld. Sveitarstjórnarmenn á Vestfold vilja endurheimta skipin til að laða að ferðamenn. **- aa**

## Íslendingar og Grikkir líkir



Sigurði A. Magnússyni var á dögunum veitt heiðursorða gríska lýðveldisins en hann hefur farið reglulega til Grikklands í yfir fimmtíu ár.

**TÍMAMÓT 24**

## Ótrúlegt að fólk sætti sig við þetta

Helga Hauksdóttir bjó í nágrenni Jenín á vesturbakka Jórdanar um níu mánaða skeið. Hún segir frá kynnum sínum af lífi og kjörum Palestínumanna sem daglega búa við vopnað eftirlit ísraelska hersins.



**VIÐTAL 26**

## Poppstjarna í eðli sínu

Tónlistarmaðurinn Morrissey hefur farið mikinn á sextán ára sólóferli sem er álíka þversagnakenndur og maðurinn sjálfur.



**TÓNLIST 36-37**

## Loksins íslenskur sigur

Íslenska karlalandsliðið í körfuknattleik lagði Norðmenn að velli á Norðurlandamótinu í Finnlandi í gær. Þetta var fyrsti sigur íslenska liðsins á mótinu en undirbúningur fyrir Evrópumótið er nú í fullum gangi.



**ÍÞRÓTTIR 48**

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI -** Í dag verður hæg breytileg átt. Víða bjart veður, síst þó austan til. Hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 15-23 stig, hlýjast til landsins norðan og vestan til en mun svalara í þokunni.

**VEÐUR 4**






**FJÖRUG ÆSKA Á LANDSMÓTI UMFÍ** Tæplega tíu þúsund manns voru í steikjandi hita á Laugum í Þingeyjarsveit í gær. Gripu þessir krakkar til þess ráðs að kæla sig í Reykjadalsá. Var fjörið mikið þegar þeir stukku út í ána og reyndu að draga félaga sína með. MYND/SÍMON SVERRISSON

Unglingalandsmót UMFÍ:

## Tíu þúsund gestir mættir

**LANDSMÓT** **Tæplega tíu þúsund manns voru saman komnir við setningu Unglingalandsmóts UMFÍ á Laugum í Þingeyjarsveit í gærkvöldi. Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpaði landsmótsgesti og sagði mótið bera vott um hið góða starf sem ungmennafélögin vinna.**

**Mikill hiti var á Laugum í gær og gripu ýmsir til þess ráðs að kæla sig með sundspretti í Reykjadalsá.**

**Arnór Benónýsson, formaður HSÞ, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að landsmótið á Laugum væri stærsta frjálsíþróttamót Íslandssögunnar, en keppendur á landsmótinu telja á annað þúsund.**

**„Æskan hefur aldrei verið glæsilegri og það er gaman að sjá ungmennafélagsandann sigra vínandann með þvílíkum glæsibrag,“ sagði Arnór.** **- öhö**

Verulegt tjón varð þegar eldur kom upp við Síldarverksmiðjuna á Akranesi í gær:

# Brennuvargur gengur laus

**ELDSVOÐI** Verulegt tjón varð í eldsvoða við og í Síldarverksmiðjunni á Akranesi í gær. Lögregla segir ljóst að um íkveikju hafi verið að ræða og að brennuvargur gangi laus í bænum.

Tilkynning um eldinn barst um klukkan fimm síðdegis. Slökkviliðið var fljótt á staðinn með tiltækt lið og stóð slökkvistarf í rúma klukkustund.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu á vettvangi kom eldurinn upp í fiskikörum sem stóðu í stafla í porti verksmiðjunnar. Eldurinn komst síðan inn á milli þilja mjölpökkunarhúss verksmiðjunnar. Innviðir hússins sluppu að mestu en það brann illa að utan, auk þess sem klæðning hússins og einangrun er að mestu ónýt.

Brunavakt var á staðnum fram eftir kvöldi og lögregla mun rannsaka brunann áfram. Þetta er fjórði bruninn á Akranesi á tiltölulega skömmum tíma þar sem grunur er um íkveikju. Öll málin eru óupplýst. Að sögn lögreglu er ljóst að við brennuvarg er að etja, hvort sem sami maður var að verki í öllum tilvikum eða ekki.

Lögregla hvetur hvern þann sem varð var við einkennilegar mannaferðir við Síldarverksmiðjuna í gær eða kann að geta veitt einhverjar upplýsingar um málið að hafa samband. **- sh**



**VERULEGT TJÓN** Eldurinn kom upp í fiskikörum sem staflað var upp í porti verksmiðjunnar. MYND/SVEINN KRISTJÁNSSON






## SPURNING DAGSINS

*Ásgeir, er þetta ekki fín leið til að halda í viðskiptavinina?*

„Jú, við beitum öllum tiltækum ráðum.“

Strætóinn sem gengur upp á Skaga bilaði nýlega með þeim afleiðingum að farþegar sátu fastir inni þar til bílstjórinn opnaði með handafli. Mikið hefur verið rætt um hversu fáir nýta strætisvagna landsins. Ásgeir Eiríksson er framkvæmdastjóri Strætó bs.

Sautján mótmælendur virkjanaframkvæmda handteknir við Desjarárstíflu í gær:

# Sagði nokkurri hörku beitt

**MÓTMÆLI** Sautján manns voru handteknir eftir að hafa hlekkjað sig við vinnutæki við Desjarárstíflu við Kárahnjúka í gær. Vinna stöðvaðist við stífluna á meðan á mótmælum stóð.

Í það minnsta einn mótmælendanna meiddist við handtökurnar að sögn Örnu Aspar Magnúsardóttur sem stödd var á svæðinu og var í sambandi við nokkra mótmælendanna.

„Mér finnst eðlilegt að handtaka fólk í aðgerðum eins og þessum en það er ekki sama hvernig farið er að því,“ segir Arna og bætir við að nokkurri hörku hafi verið beitt við handtökurnar.

Óskars Bjartmarz yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum vissi ekki að til pústra hefði komið við handtökurnar á svæðinu en sagði að einn úr hópi mótmælenda hefði villt á sér heimildir við aðgerðirnar en hann klæddist vinnufatnaði vinnumanna á svæðinu.

Arna, sem dvalið hefur í tjaldbúðum við Snæfell undanfarnar tvær vikur, sagði að talsverð umferð lögreglu hefði verið á svæðinu að undanförnu og hafði hún meðal annars verið stöðvuð af lögreglu þar sem hún var á ferð um svæðið í bifreið. **- hs**



**MÓTMÆLENDUR Á KÁRAHNJÚKUM** Sautján mótmælendur voru handteknir við Kárahnjúka í gær. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

Mislæg gatnamót:

# Eina akrein í hvora átt

**VEGAGERÐ** Aðeins önnur brúin af tveimur á mislægum gatnamótum Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar fyrir neðan Grafarholtið verður byggð að þessu sinni. Sú síðari er ekki komin á vegaáætlun stjórnvalda.

Jóhann Bergmann, deildarstjóri nýframkvæmda á suðvestursvæði hjá Vegagerðinni, segir að á brúnni sem í byggingu er núna verði ein akrein í hvora átt. Gert er ráð fyrir að hægt verði að breikka hana síðar gerist þess þörf.

Gatnamótin mislægu hafa verið í byggingu frá því í maí. Þau eiga að verða fullgerð 1. nóvember næstkomandi. **- gag**

Ítrekað ekið á hæðarslár:

# Öryggismyndavél sett upp

**LÖGGÆSLA** Lögreglan í Reykjavík hefur komið fyrir eftirlitsmyndavél við gatnamót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar.

Hæðarslár hafa verið settar þar upp vegna framkvæmda og hefur verið ekið á þær nánast daglega. Það skapar mikla hættu fyrir vegfarendur og starfsmenn. Oftast er um að ræða of háan farm á gámaflutningabifreiðum.

Ökumenn sem ekki virða hæðartakmörk eiga sekt yfir höfði sér á bilinu 5.000 til 20.000 krónur. **- sdg**



**LUNDI** Eftirspurn eftir reyktum lunda hefur slegið öll met í sumar.

Lundakreppa í Eyjum:

# Hafa gripið til skömmtunar

**VESTMANNAEYJAR** „Þetta er í fyrsta skipti sem við lendum í því að reyktur lundi selst upp,“ segir Magnús Bragason, lundasölumaður í Vestmannaeyjum. Hann segir að menn hafi ætíð byrgt sig upp fyrir þjóðhátíð en núna hafi eftirspurnin slegið öll met.

Magnús telur skýringuna vera þá að nú sé mun meira af gömlum Vestmannaeyingum á þjóðhátíð og því hafi eftirspurnin verið svo mikil. Gripið var til þess ráðs að skammta lunda svo að sem flestir gætu fengið eitthvað.

Veiðin hefur að mestu gengið vel í sumar en slaknað síðustu daga. „Lundinn flýgur ekki í logni og það hefur verið svo mikil blíða hér að hann hefur haldið sig í holunum,“ segir Magnús. **- öhö**



**STUÐMENN Á FARALDSFÆTI UM VERSLUNARMANNAHELGINA** Margir tónlistarmenn koma fram á tveimur til þremur hátíðum um helgina. Sem dæmi þarf Páll Óskar Hjálmtýsson að ferðast tæpa nítján hundruð kílómetra þessa daga. Stuðmenn fara ekki eins víða en þurfa þó að ferðast um tæpa 500 kílómetra fyrir tónleikahaldið.

# Ferðast tæpa nítján hundruð kílómetra

**Um verslunarmannahelgina er oft og tíðum sama hljómsveitin bókuð á þrjár útihátíðir víðs vegar um landið. Plötusnúðurinn Páll Óskar ferðast tæplega nítján hundruð kílómetra um helgina til að standa við skuldbindingar sínar.**

**VERSLUNARMANNAHELGI** Hljómsveitir landsins verða margar hverjar á faraldsfæti um helgina til að standa við samninga. Margar þeirra hafa bókað sig á tvær eða fleiri útihátíðir um verslunarmannahelgina. Sömu sögu má segja um einstaka skemmtikrafta.



**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON**

Þá þarf plötusnúðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson að ferðast tæpa nítján hundruð kílómetra til að standa við samninga.

Páll Óskar er bókaður sem plötusnúður á þremur útihátíðum um helgina. Hann þeytir skífum á Neistaflugi í Neskaupstað á föstudagskvöldið, hann heiðrar Akureyringa með nærveru sinni á laugardagskvöldið og á sunnudagskvöldið spilar hann á Síldarævintýrinu á Siglufirði.

„Þetta er eins og að vera á vertíð. Ef maður passar sig, borðar rétt og sefur vel þá er þetta svolítið eins og að vera úti á sjó,“ segir Páll Óskar og hlær. „Ég geri lítið annað þessa helgi en að spila og sofa.“ Páll flýgur frá Egilsstöðum til Reykjavíkur svo hann geti flogið þaðan til Akureyrar. „Það er mikið betra en að hanga í bíl,“ segir Páll Óskar. Hann er einn á ferð um helgina.

Hljómsveitin Skítamórall verður einnig á faraldsfæti um verslunarmannahelgina. Meðlimir sveitarinnar eru bókaðir á bindindismótið í Galtalæk á föstudagskvöldinu, á Neistaflug í Neskaupstað á laugardagskvöldinu og á sunnudagskvöldið verða þeir á Akureyri. Þeir keyra hringinn í kringum landið til að ná á tónleikastaðina, eða um fjórtán hundruð kílómetra. „Þetta er alltaf jafn gaman,“ segir Arngrímur Fannar Haraldsson, bassaleikari Skítamórals. „Það fer vel um okkur í rútunni. En auðvitað getur þetta verið lýjandi, þetta er samt örugglega mikið betra en að vera á sjó, sumir myndu örugglega segja að það væri lýjandi.“

Stuðmenn spila á þremur stöðum um helgina. Hljómsveitin spilar í Vestmannaeyjum á föstudagskvöldinu, í Húsdýragarðinum í Reykjavík á laugardaginn og á sunnudagskvöldinu treður hljómsveitin upp á bindindismótinu í Galtalæk. Hljómsveitin þarf því að ferðast um 458 kílómetra fyrir tónleikahaldið. **aegir@frettabladid.is**

Ekið á konu á fimmtugsaldri:

# Í lífshættu eftir umferðarslys

**SLYS** Kona á fimmtugsaldri liggur þungt haldin á gjörgæsludeild eftir að ekið var á hana á Suðurlandsbraut í gær.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík hlaut konan töluverða höfuðáverka og sagði læknir á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi að líðan konunnar væri eftir atvikum.

Suðurlandsbraut var lokað í austurátt frá Grensásvegi í hálfan annan tíma í gær vegna atviksins. Ekki liggur ljóst fyrir hvað olli slysinu. **- sh**



**Á FLÓTTA** Íbúar strandbæjarins Muttur á NA-Srí Lanka á flótta undan átökunum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin á Srí Lanka:

# Fallbyssuskot bana saklausum

**SRÍ LANKA, AP** Þúsundir íbúa á átakasvæðinu í norðausturhluta Srí Lanka, þar sem stjórnarher Srí Lanka á í höggi við skæruliða aðskilnaðarsinnaðra tamíla, voru í gær á flótta undan átökunum. Á fimmtudag dóu minnst átján manns er fallbyssukúlur lentu á þremur skólum í strandbænum Muttur, þar sem íbúar höfðu leitað skjóls. Fleiri féllu í gær.

Hvor aðilinn sakaði hinn um að bera ábyrgð á manntjóninu. Síðustu daga hafa hörðustu átök skæruliða aðskilnaðarsinnaðra tamíla og stjórnarhersins geisað á þessum slóðum frá því vopnahlé komst á árið 2002. **- aa**




- Miðjarðarhafslönd:
Konan þín er þér ótrú

- Malta og Ítalía:
Þegar beint er, vörn gegn „Hinu illa auga“

- Suður-Ameríka:
Vörn gegn óláni, þegar hendi er snúið

- USA:
Merki háskólans í Texas


Landhelgisgæslan aðstoðar lögregluna:

# Þyrla sinnir eftirliti með helgarumferð

**EFTIRLIT** Minni þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, mun aðstoða lögregluna í Reykjavík við umferðareftirlit um allt land um verslunarmannahelgina. Er þetta samstarfsverkefni Landhelgisgæslunnar, lögreglustjórans í Reykjavík og Ríkislögreglustjóra.

„Þyrlan mun fljúga um landið með tvo lögreglumenn innanborðs sem fylgjast munu með akstri á þjóðvegum landsins,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar í Reykjavík. „Þetta er virkt umferðareftirlit úr lofti. Ef lögreglumennirnir verða vitni að vítaverðum framúrakstri eða ofsaakstri einhvers konar, munu þeir hafa samband við næsta lögreglubíl sem hefur þá afskipti af viðkomandi ökumanni.“ Lögreglan í Reykjavík herti umferðareftirlit við helstu umferðaræðarnar út úr borginni í gær.



**TF-SIF REIÐUBÚIN** Lögreglan mun fylgjast með umferð úr þyrlunni.

Að sögn Guðbrands lá straumur ferðamanna um Vesturlandsveginn. Að hans sögn byrjaði umferðin úr höfuðborginni seinna en venjulega, enda hellirigndi á Reykjavíkursvæðinu í gærdag. **- æþe**

Varnarmálin rædd í fjóra tíma:

# Fundað aftur í mánuðinum

**VARNARMÁL** Áfram var fundað um varnarmál Íslands í Washington í gær. Fjögurra tíma fundi viðræðunefndanna lauk um klukkan eitt að staðartíma, en að sögn Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, aðstoðarmanns forsætisráðherra, fékkst ekki niðurstaða á fundinum.

„Málin voru öll ítarlega rædd, bæði hvað varðar brottflutning varnarliðsins og hvað varðar öryggis- og varnarmálin. Það er ekki komin endanleg niðurstaða í málið en það hefur verið ákveðið að halda annan fund í Reykjavík núna síðar í mánuðinum. Sú dagsetning hefur ekki verið ákveðin,“ sagði Ragnheiður. **- sh**

# RÝMINGAR-SALA

## aðeins í dag og á morgun

### fyrstur kemur fyrstur fær

**90%** afsláttur



af speglum og borðum
úr leðri og skinni

## Valinn leðursófasett á

**60.000 kr.**



Húsgögn fást einungis í Hagkaupum
Smáralind og á Akureyri

Gildir til 6. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 4.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,53 | 70,87 |
| Sterlingspund | 133,38 | 134,02 |
| Evra | 90,16 | 90,66 |
| Dönsk króna | 12,083 | 12,153 |
| Norsk króna | 11,439 | 11,507 |
| Sænsk króna | 9,773 | 9,831 |
| Japanskt jen | 0,6111 | 0,6147 |
| SDR | 104,79 | 105,41 |

*Gengisvísitala krónunnar*
124,7985

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra vill höfða til skynsemi mótorhjólamanna:

# Erfitt að banna öflug hjól

**OFSAAKSTUR** Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, segir að hugfar þeirra mótorhjólamanna sem aka á ofsahraða verði að breytast en telur illmögulegt að banna kraftmestu hjólin, líkt og stungið hefur verið upp á. „Ég held að það sé mjög erfitt. Verður þá ekki að banna kraftmikla bíla líka? Jafnvel alla bíla sem geta ekið yfir löglegum hraða?“ spyr hún og svarar sjálfri sér neitandi. Hún bendir á að þó menn eigi mjög kraftmikil hjól þurfi þeir ekki að aka þeim á ofsahraða, enda akkúrat ekkert sem réttlæti það. „Það eru mannslíf í húfi,“ segir Siv.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** segir mótorhjólaakstur skemmtilegan en honum fylgi mikil ábyrgð.

Hún vonast til að umræðan um ofsaakstur hafi áhrif á þá sem hann stunda, en leggur áherslu á að aðeins sé um fámennan hóp mótorhjólafólks að ræða, langflestir fari að lögum og reglum. Hins vegar séu mótorhjól þess eðlis að ökumenn þeirra geti á afar skömmum tíma komið þeim á mikla ferð.

Siv segir að einnig þurfi að tryggja að vegakerfið sé eins gott og hægt er að hafa það, en flókið sé að búa svo um hnúta að slysahætta sé í lágmarki.

Sjálf segist Siv halda sig á löglegum hraða þegar hún hjólar en hún á ekki mótorhjól sem stendur þar sem hún seldi það konu á Akureyri fyrir nokkru. „Þetta er skemmtilegt sport en því fylgir mjög mikil ábyrgð.“ **- bþs**

Hraðakstur í Kópavogi:

# Á 160 framhjá Smáralindinni

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fertugsaldri var mældur á tæplega 160 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni við Fífuhvammsveg, rétt hjá Smáralindinni í Kópavogi, í fyrradag. Maðurinn var stöðvaður um tíu leytið um morguninn í töluverðri umferð.

„Þetta ber vott um vítavert kæruleysi og er með öllu óþolandi,“ sagði lögreglumaður í Kópavogi sem blaðamaður hafði samband við.

Á einum sólarhring voru um þrjátíu ökumenn stöðvaðir fyrir hraðakstur í umdæmi Kópavogslögreglunnar. **- æþe**



**HLÚÐ AÐ MANNI** Bikiníklæddir baðstrandargestir tóku á móti ólöglegum innflytjendum á Tenerife á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólöglegir innflytjendur:

# Bjargað af fólki á baðströnd

**SPÁNN, AP** Spænsk yfirvöld tóku 66 Afríkubúa höndum í gær í bát sem var undan ströndum Kanaríeyja. Einn bátsverja var látinn og margir voru afar illa haldnir, enda hafði báturinn verið á sjó í ellefu daga.

Á fimmtudag hlúðu baðstrandargestir á Tenerife að 46 illa höldnum Afríkubúum sem sigldu þar í strand, en fyrr um daginn höfðu yfirvöld tekið á móti tveimur öðrum bátum með riflega 150 manns innanborðs. Búist er við þriðja bátnum til Tenerife í dag með um 92 farþega innanborðs.

Mikil fátækt og atvinnuleysi hvetur fjöldamarga Afríkubúa til að freista gæfunnar og reyna að komast ólöglega til Evrópu í gegnum Spán. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ók á grindverk** Ölvaður ökumaður ók á járngrindverk við Suðurgötu á Akranesi um hádegisbilið í gær. Vegfarendur sem urðu vitni að atburðinum tilkynntu atvikið til lögreglu sem stöðvaði manninn í bænum. Maðurinn var handtekinn og tekin úr honum blóðprufa.

**Fimmti hraðaksturinn á árinu** Karlmaður um þrítugt var í fyrrakvöld tekinn fyrir hraðakstur í fimmta sinn á þessu ári. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík verður maðurinn sennilega sviptur ökuréttindum í kjölfarið vegna uppsafnaðra refsipunkta.

# Stjórnvöld verða að horfast í augu við rekstrarvandann

**Einar Oddur Kristjánsson segir nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að horfast í augu við raunverulegan rekstrarvanda ríkisvaldsins. Óskynsamir launasamningar eru rót vandans, segir Einar Oddur. Meira en fjórðungur fjárlagaliða fór fram úr heimildum. Agaleysi stjórnvalda gerir almenningi erfitt fyrir, segir Helgi Hjörvar.**

**FJÁRLÖG** Ríflega fjórðungur fjárlagaliða fór fram úr heimildum á síðasta ári. Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að agaleysi stjórnvalda hér á landi væri meira en í nágrannalöndum okkar og við því þyrfti Alþingi, ekki síður en stjórnvöld, að bregðast.



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON**



**HELGI HJÖRVAR**

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir rót vandans felast í launasamningum sem séu til þess fallnir að skapa rekstrarvanda sem sé ill leysanlegur. „Það verður að horfast í augu við það, að rekstrarvandi ríkisvaldsins er raunverulegur. Að mínu mati er rót vandans að finna í því hvernig ríki og sveitarfélög hafa staðið að launasamningum. Ég varaði við því, þegar stofnanasamningarnir voru teknir til notkunar, að þeir gætu valdið vandræðum sem á endanum bitnuðu á almenningi. Ég hef þá skoðun að það verði að ganga frá öllum lausum endum samninga, áður en farið er að ræða um launalið samninganna. Frá 1997 hefur ríkið farið þá leið að nota stofnanasamninga, sem ekki hafa reynst vel. Ríki og sveitarfélög verða að standa saman að gerð kjarasamninga, og aðeins þannig er hægt að ná tökum á rekstrinum.“

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, segir skýrslu ríkisendurskoðunar sýna að almenningur í landinu þurfi að súpa seyðið af óábyrgri efnahagsstjórn íslenskra stjórnvalda. „Þessi niðurstaða Ríkisendurskoðunar hefur verið árviss viðburður undanfarin ár. Það er skemmst frá því að segja að það virðist lítið vera gert vegna þeirra ábendinga sem koma frá Ríkisendurskoðanda. Ár eftir ár fer stór hluti fjárlagaliðanna fram úr áætlunum og auðvitað er það ábyrgðarlaust að reyna ekki að taka þessi mál traustari tökum. Þessi lausatök stjórnvalda hafa valdið gríðarlegri útgjaldaaukningu ríkissjóðs síðustu tíu árin, sem er verulegur hluti af þeim þensluvanda sem skilar sér í alltof hárri verðbólgu. Augljóst er að taka verður fastar á rekstrarvanda íslenska ríkisins.“

Samkvæmt fjárlögum ársins 2005, sem samþykkt voru af Alþingi, voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 306,4 milljarðar króna en gjöld 296,4 milljarðar króna.

Fjáraukalög voru samþykkt á Alþingi í nóvember á síðasta ári en samkvæmt þeim var gert ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs hækkuðu miðað við fjárlög, um 102 milljarða króna, en þar réð mestu söluhagnaður eigna upp á 59 milljarða. Auk þess var gert ráð fyrir því að gjöld ykjust um 21 milljarð, samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu ríkisendurskoðunar.

**magnush@frettabladid.is**



**FRAMKVÆMDIR** Stjórnvöld hafa að undanförnu gripið til þess ráðs að draga úr opinberum framkvæmdum til þess að slá á þenslu í hagkerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FJÁRLAGALIÐIR MEÐ OFNÝTTAR FJÁRHEIMILDIR Í ÁRSLOK 2005**

| | Fjöldi fjárlagaliða | Fjöldi umfram heimild | Fjöldi a.m.k. 4% yfir | Þar af a.m.k. 10% yfir |
|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 7 | 2 | 1 | 1 |
| Forsætisráðuneytið | 15 | 1 | 1 | 1 |
| Menntamálaráðuneytið | 104 | 35 | 29 | 24 |
| Utanríkisráðuneytið | 10 | 4 | 1 | 1 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 30 | 9 | 7 | 5 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 17 | 1 | 1 | 1 |
| Dómsmálaráðuneytið | 61 | 12 | 8 | 7 |
| Félagsmálaráðuneytið | 33 | 8 | 2 | 1 |
| Heilbrigðisráðuneytið | 112 | 43 | 29 | 18 |
| Fjármálaráðuneytið | 39 | 9 | 7 | 5 |
| Samgönguráðuneytið | 16 | 1 | 1 | 1 |
| Iðnaðarráðuneytið | 17 | 2 | 1 | 1 |
| Viðskiptaráðuneytið | 9 | 1 | 1 | 0 |
| Hagstofa Íslands | 1 | 1 | 1 | 0 |
| Umhverfisráðuneytið | 17 | 6 | 6 | 5 |
| **Samtals** | **488** | **27,6%** | **19,6%** | **14,5%** |


# Eitt með öllu!

**Léttbyggt hjólhýsi með fortjaldi með 50.000 króna afslætti**



**Verð aðeins kr. 1.130.000.-**
**Frábær greiðslukjör**

**Tilboðið gildir fram að Verslunarmannhelgi**

***Helstu mál:***
*lengd á húsi* 305 cm
*breidd* 195 cm
*hæð* 181 cm
*þyngd* 750 kg

NIEWIADOW

**50.000 kr. afsláttur**

***Hjólhýsunum fylgja:*** *Fortjald 2 x 3,5 m • 5 kg gaskútur með þrýstijafnara Hjólagrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur • Tengikapall 220 volt*

**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

**Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is**

**Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi**


## VEÐURSPÁ



Sigríður Ólafsdóttir, náttúrufræðingur

**Hlýindi og hægur vindur**

Horfurnar um komandi verslunarmannahelgi eru og hafa verið ágætar. Það sem helst einkenni þær eru hlýindi og yfirleitt hægur vindur en á hinn bóginn er nokkur væta í þeim og það bæði norðan og sunnan heiða. Þó að e.t.v. sé meira gaman að hafa sólina þá er ekki ónýtt að vera í hæglætisveðri og hlýindum enda er slíkt veður alls ekki slæmt fyrir regnhlífarmenninguna sem svo sárlega skortir hér á landi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hægviðri og bjart. Hiti allt að 18 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 23°C léttskýjað | Alicante | 28°C skúrir |
| Billund | 24°C rigning | París | 21°C skúrir | Mallorca | 33°C heiðskírt |
| Osló | 27°C heiðskírt | Frankfurt | 23°C skúrir | Algarve | 33°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 23°C skúrir | Friedrichshafen | 13°C rigning | Krít | 32°C heiðskírt |
| Gautaborg | 21°C rigning | Berlín | 24°C hálfskýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

4 400 400 / www.mest.is


Steypumót


Byggingakranar


Vinnuvélar & tæki


Skrautsteypa & steinar


Gáma- & stálgrindarhús


Múrvörur


Byggingavörur


Marmarasalli


Bílskúrshurðir

mest

- allt til bygginga


Járn & lykkjur


Skæra- & spjótalyftur


Festingar


Forsteyptar einingar


Hellur


Útiljós


Vegghleðslukerfi


Véla- og tækjaleiga


Kantsteinar


Þakrennur

# Allt til bygginga

## VERÐMÆTAR HEILDARLAUSNIR

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir.

mest

– allt til bygginga



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að ferðast innanlands um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hefur þú verslað á vefnum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Örorkulífeyrisþegum fjölgar ört þótt atvinnuleysi minnki snarlega:

# Fjölgun öryrkja vekur furðu

**LÍFEYRISMÁL** Tryggingastofnun ríkisins greiddi 6,8 milljarða í örorkulífeyri árið 2005, rúmum átta prósentum meira en árið 2004. Örorkuþegum fjölgaði um 6,2 prósent milli ára og voru í ársbyrjun 12.755 talsins. Sigríður Lillý Baldursdóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Tryggingastofnunar, segir þessar tölur koma á óvart.

„Menn hafa talið að mikið atvinnuleysi geti þýtt fjölgun örorkuþega, en þessar tölur sýna annað,“ segir Sigríður. „Talið hefur verið að atvinnulausir eigi á hættu að veikjast vegna álags eða verða atvinnulausir í kjölfar þess að verða öryrki. Það sem við sjáum núna er að þrátt fyrir minna atvinnuleysi eykst fjöldi öryrkja enn. Þetta sjáum við líka í nágrannalöndunum. Örorkan er nú til dags oft vegna streitutengdra sjúkdóma í kjölfar mikils álags í vinnunni og þjóðfélaginu.“

Greiðslur vegna atvinnuleysisbóta voru hærri en fjármálaráðuneytið tók fram í vefriti sínu í fyrradag, að sögn Sigurðar P. Sigmundssonar hjá Vinnumálastofnun. Alls fór 3,1 milljarður í atvinnuleysisbætur árið 2005, sem er 1,1 milljarði minna en 2004.

„Það stefnir allt í að meðalatvinnuleysi ársins 2006 verði 1,5 til 1,6 prósent, sem er mjög lítið, en greiðslur á árinu verða líklega um 3 milljarðar þrátt fyrir lækkunina vegna hækkunar bóta frá 1. júlí og tekjutengingar bótanna,“ segir Sigurður. **- sgj**



**SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR** Sigríður segir að skoða verði fjölgun öryrkja í ljósi þess að atvinnuleysi hefur minnkað.

Búsetuúrræðin tímaskekkja:

# Þjónustu skortir í Hátúninu

**HEILBRIGÐISMÁL** Búsetuúrræði geðfatlaðra eru úr takt við tímann, að mati Silju Magnúsdóttur, sálfræðings hjá Geðhjálp. „Það er ósk forsvarsmanna Geðhjálpar að búsetuúrræði fyrir geðfatlaða verði í formi lítilla eininga í framtíðinni, en í stórum einingum eins og voru í Hátúninu vantar sárlega þjónustu og liðveislu við íbúana.

Silja segir að Geðhjálp berist fjöldi kvartana frá fólki sem býði eftir búsetuúrræðum og veit um geðfatlaða sem búa inni á foreldrum sínum, en slíkt eykur álagið á alla fjölskylduna. **- hs**

Kaup FL Group í Straumi:

# Átta milljarða lækkun bréfa

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í Straumi-Burðarási hafa lækkað um fimmtung eftir að FL Group keypti fjórðungshlut í félaginu af þeim Kristni Björnssyni og Magnúsi Kristinssyni í lok júní.

Í gær gengu viðskiptin í gegnum kerfi Kauphallar Íslands og var hlutafé FL Group hækkað við það tilefni um 28 milljarða króna að markaðsvirði. Gríðarleg velta var á markaði gærdagsins sem rekja má til þessara viðskipta.

Gengi Straums stendur nú í 15,8 krónum á hlut en viðskiptin fóru fram á 18,9. **- eþa**



**FAGNAR SIGRI** Tommy Sheridan fagnar málalyktum fyrir utan dómhúsið í Edinborg í gær, með eiginkonuna Gail sér við hlið. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Meiðyrðamál í Skotlandi:

# Þingmanni dæmdar bætur

**SKOTLAND, AP** Kviðdómur í Edinborg úrskurðaði í gær að dagblaðið News of the World skyldi greiða skoska stjórnmálamanninum Tommy Sheridan 200.000 sterlingspund, andvirði 26,6 milljóna króna, í miskabætur fyrir meiðyrði, en blaðið hafði flutt ítrekaðar uppsláttarfréttir af meintu kynsvalli og kókaínneyslu þingmannsins.

Sheridan er leiðtogi Skoska sósíalistaflokksins og einn þekktasti stjórnmálamaðurinn á skoska þinginu. „Þeir eru lygarar, og við höfum sannað það,“ hrópaði Sheridan yfir utan dómhúsið, með eiginkonuna Gail sér við hlið, en hún bar vitni í réttarhaldinu. **- aa**

# Segir tekjuójöfnuð vera meiri en áður

**Tekjuójöfnuður á Íslandi hefur aukist mikið undanfarin ár. Samkvæmt útreikningum hagfræðiprófessors er ójöfnuður í tekjudreifingu á Íslandi langmestur af Norðurlöndunum og með því mesta í Evrópu.**

**EFNAHAGSMÁL** Tekjuójöfnuður á Íslandi hefur aukist til mikilla muna undanfarin ár, samkvæmt Þorvaldi Gylfasyni, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Samkvæmt útreikningum hans er ójöfnuður í skiptingu tekna á Íslandi mun meiri en á Norðurlöndunum og með því mesta sem gerist í Evrópu.

Gini-stuðull Íslands hefur hækkað um eitt stig á ári að jafnaði síðan 1995. Árið 2004 var hann 32. Miðað við vöxt stuðulsins á hverju ári má búast við að hann sé hærri nú, en niðurstöður fyrir árið 2005 liggja ekki fyrir. Þorvaldur tekur mið af bæði launa- og fjármagnstekjum í útreikningum sínum.

Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur tekið saman upplýsingar um Gini-stuðla ýmissa þjóða og samkvæmt þeim er Danmörk með jafnasta tekjuskiptingu, eða stuðulinn 25. Hæsti stuðull Evrópulands er hjá Portúgal, eða 38,5.

Almennt eru stuðlarnir lægstir í Evrópulöndunum en hæstir í löndum Suður-Ameríku og Afríku.




Namibía fær þann vafasama heiður að vera sú þjóð sem hefur ójafnasta tekjuskiptingu með Gini-stuðulinn 70,7.

Samkvæmt vefriti fjármálaráðuneytisins eru fjármagnstekjur þær tekjur einstaklinga sem vaxið hafa mest á undanförnum árum. Árið 2005 höfðu tæplega 85 þúsund fjölskyldur 120 milljarða í tekjur af eignum sínum.

salvar@frettabladid.is

**ÁLIT VEGFARENDA**

**MARÍA EIRÍKSDÓTTIR**



„Það er til mjög fátækt fólk á Íslandi. Það þarf að verða hugarfarsbreyting.“

**HERMANN SVEINBJÖRNSSON**



„Það taka allir eftir því að ójöfnuðurinn er að aukast. Það mætti reyna að jafna tekjurnar frekar gegnum skattkerfið.“

**DANÍEL MÁSSON**



„Maður tekur meira og meira eftir ójöfnuðinum. Það er eitthvað sem þarf að laga betur.“



**GRÆNLENSKIR OG ÍSLENSKIR SKÁKUNNENDUR** Skákmenn sitja að tafli fyrir utan skákhöllina í Tasiilaq.

Alþjóðlega Grænlandsmótið:

# Hápunktur skákhátíðar

**SKÁK** Í dag hefst IV. alþjóðlega Grænlandsmótið, Flugfélagsmótið 2006, í Tasiilaq á Grænlandi. Er mótið hápunktur skákhátíðar sem Hrókurinn ásamt stuðningsaðilum hefur staðið fyrir á Austur-Grænlandi síðan á þriðjudag.

Mótið stendur yfir á sunnudag og eru hátt í þrjátíu íslenskir skákmenn á öllum aldri skráðir til leiks en harðsnúinnar sveitar heimamanna.

„Það má segja að það sem standi upp úr í ár sé að Grænlendingar eru núna farnir að þekkja skákina sem kemur fram í mikilli þátttöku og gríðarlegum áhuga, “ segir Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins. **- sdg**

Ályktun Norræns þjóðfundar:

# Norðurlöndin öll utan ESB

**NORÐURLÖND** Lagt er til að öll Norðurlöndin standi utan Evrópusambandsins í ályktun Norræns þjóðfundar sem haldinn var á Íslandi dagana 28. til 30. júlí.

Varað er við þróun Evrópusambandsins í sambandsríki með vaxandi miðstýringu sem sé til þess fallin að grafa enn frekar undan fullveldi aðildarríkjanna.

Heimssýn efndi til ráðstefnunnar, sem fjallaði um norræna samvinnu og Evrópusambandið, í samvinnu við norrænu samtökin Frit Norden. Sérstök athygli var vakin á að Íslandi, Noregi, Færeyjum og Grænlandi vegnar mjög vel utan Evrópusambandsins. **- sdg**

**Athugið**

Fréttablaðið mun **ekki** koma út
Sunnudaginn 6. ágúst &
mánudaginn 7. ágúst

*Góða helgi*

Starfsfólk Fréttablaðsins

Ný umræða um kjarnorkumál í Svíþjóð eftir að slökkt var á kjarnaofnum:

# Ríkisstjórnin krafin svara

**SVÍÞJÓÐ, AP** Nú, þegar aðeins rúmur mánuður er til þingkosninga í Svíþjóð, krefjast þingmenn bæði stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka þess í gær að ríkisstjórnin skýrði stefnu sína í kjarnorkumálum í kjölfar þess að slökkt hefur verið á helmingi allra kjarnaofna í landinu.

Slökkt var á ofnunum af öryggis- og viðhaldsástæðum eftir atvik sem varð í einu kjarnorkuverinu í síðustu viku, en það þótti sýna að öryggiskerfi kjarnorkuveranna væru ekki eins áreiðanleg og vera ber. Sænsk kjarnorkumálayfirvöld sögðu í gær að ekki stæði til að slökkva á fleiri ofnum og þrátt fyrir að fimm af tíu kjarnaofnum landsins væru ekki í gangi ætti það ekki að valda teljandi röskun á raforkumarkaðnum. Að öllu jöfnu sjá kjarnorkuverin Svíum fyrir helmingi raforkuþarfar sinnar.



**GÖRAN PERSSON** Sænski forsætisráðherrann hefur lítið viljað tjá sig um kjarnorkumálin nú þegar rúmur mánuður er til kosninga. NORDICPHOTOS/AFP

Göran Persson forsætisráðherra og aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni hafa lítið viljað tjá sig um málið, en stjórnin er bundin af því að árið 1980 var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu að Svíar hættu að nota kjarnorku. Nýjustu skoðanakannanir hafa aftur á móti sýnt afgerandi stuðning Svía við að halda í kjarnorkuna. Árið 1997 kynnti stjórnin áætlun um að úrelda alla þá tólf kjarnaofna sem þá voru starfræktir í landinu. Tveimur hefur verið lokað síðan. **- aa**


PinUp.as/Massimo Leardini - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5537
MUNIÐ BÍLBELTIN
UMFERÐARSTOFA



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir nýr sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar?

2 Hvað heitir nýja hljómsveitin hans Damons Albarn?

3 Hvaða númer fær Michael Ballack hjá Englandsmeisturum Chelsea?

SVÖR Á BLS. 54

Kvartanir hafa borist vegna fjársafnana á vegum félagsins Fátæk börn á Íslandi:

# Segjast ekki safna heldur selja

**SÖFNUN** Fjársöfnunarfélagið Fátæk börn á Íslandi fer ekki eftir lögum og reglum um opinberar fjársafnanir. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu barst ábending vegna söfnunar þessa félags í seinustu viku. Einnig hafði kona samband við Fréttablaðið sem samþykkti að greiða 1.500 krónur til félagsins. Greiðsluseðill sem henni barst tveimur dögum seinna hljóðaði síðan upp á 3.000 krónur. Hún segist hafa átt mjög erfitt með að finna upplýsingar um félagið og engu sambandi náð við forsvarsmann þess.

Lög um opinberar fjársafnanir kveða meðal annars á um að viðkomandi félag skuli tilkynna lögreglustjóra um fjársöfnunina áður en hún hefst. Einnig þarf nákvæmt reikningshald að vera haldið yfir söfnunarfé og öll útgjöld við fjársöfnunina.

Jón Egill Unndórsson, einn forsvarsmanna félagsins Fátæk börn á Íslandi, segir rétt að enginn endurskoðandi fari yfir bókhald þeirra, en telur félagið undanþegið reglum um fjársafnanir. „Þeir sem gefa félaginu pening fá sendan penna sem þakklætisvott. Það eru skiptar skoðanir um hvort þetta sé fjársöfnun eða hvort þetta sé sala,“ segir hann. - sþs



**DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Fréttablaðinu barst ábending frá konu sem samþykkti að leggja söfnuninni lið, en greiðsluseðill hafi verið upp á tvöfalt hærri upphæð. Hún hafi engar upplýsingar fundið um félagið né náð sambandi við nokkurn á vegum þess.

Reiður ungur maður:

## Braut tönn dyravarðar

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður kýldi dyravörð á skemmtistað í Vestmannaeyjum í fyrrinótt með þeim afleiðingum að sauma þurfti í vör dyravarðarins og ein tönn hans reyndist brotin. Maðurinn var handtekinn í kjölfar árásarinnar og látinn gista fangageymslur. Honum var sleppt úr haldi í gær en ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna maðurinn reiddist dyraverðinum svo.

Þá voru fimm ungir menn handteknir í Eyjum í fyrrinótt fyrir að brjóta rúðu í verslun í bænum.

Veður í Eyjum batnaði til muna í gær, en það hafði verið afar slæmt nóttina áður. - sh



**HREFNUVEIÐAR** Veiðar sóttust hægt framan af tímabilinu sökum brælu.

Vísindaveiðar sækjast vel:

## Búið að veiða 40 hrefnur

**SJÁVARÚTVEGUR** Búið er að veiða 40 hrefnur í ár af 50 dýra kvóta en hrefnuveiðitímabilinu lýkur 18. ágúst. Tímabilið, sem átti upphaflega að ljúka 4. ágúst, var framlengt sökum þess hve hægt veiðar sóttust framan af.

Samkvæmt áætlun Hafrannsóknarstofnunarinnar um vísindaveiðar má veiða 200 hrefnur á fjögurra ára tímabili sem lýkur á næsta ári. Alls hefur 141 hrefna verið veidd af þessum heildarkvóta.

Hrefnur eru veiddar á níu svæðum í kringum landið og hafa fjögur skip verið að veiðum lengst af. - sdg

Skildi eftir 20 kíló af dínamíti:

## Eldsnöggur að hafa sig á brott

**SPRENGIHÆTTA** Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar var gert viðvart eftir að maður skildi eftir um tuttugu kíló af dínamíti á gámasvæði Sorpstöðvar Selfoss um tvöleytið í gær.

Daníel Karli Sveinbjörnssyni, starfsmanni á gámasvæðinu, var brugðið þegar blaðamaður náði tali af honum. „Ég sagði manninum að bera þetta inn í stöðina sem hann og gerði og svo rauk hann í burtu. Mér brá heldur betur í brún þegar mér var tjáð að sorpstöðin hefði getað sprungið í loft upp ef efnið hefði orðið fyrir hnjaski,“ segir Daníel Karl.

Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar fargaði efninu nokkrum klukkustundum síðar. Lögregla telur ekki ástæðu til að reyna að hafa uppi á manninum, en hvetur þá sem hyggjast losa sig við sprengiefni að hafa samband við lögreglu áður. - æþe

Hápunktur frjótíma grasa:

## Færri frjókorn en í meðalári

**FRJÓKORN** Heildarfjöldi frjókorna í júlí var undir meðallagi í Reykjavík og á Akureyri en frjótími grasa stendur sem hæst um þessar mundir.

Nokkrar grastegundir eru enn í blóma eins og vallarfoxgras en frjókorn þess eru skæður ofnæmisvaldur. Uppspretta grasfrjóa er því enn til staðar. - sdg

# Ræða leiðir til að binda enda á átökin

**Fulltrúar stórveldanna í öryggisráði SÞ héldu í gær áfram viðræðum um leiðir til að binda enda á átökin í Líbanon. Ágreiningur ríkir enn um hvort skuli koma á undan, vopnahlé eða friðargæslulið. Ísraelar héldu áfram loftárásum og sprengiflaugahríð Hizbollah-liða yfir Norður-Ísrael einnig.**

**LÍBANON, AP** Fulltrúar ríkisstjórna Bandaríkjanna og Frakklands héldu í gær áfram viðræðum bak við luktar dyr í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York um tillögu að ályktun öryggisráðs SÞ um það hvernig binda megi enda á átökin milli Ísraels og Hizbollah-skæruliða í Líbanon. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, frestaði því í gær að hefja áformað sumarfrí sitt til að leggja sitt af mörkum til að koma á friði.

Blair telur að næstu dagar ráði úrslitum fyrir samningu ályktunarinnar, að því er talsmaður hans sagði.

Erindrekar innan öryggisráðs SÞ tjáðu AP-fréttastofunni að enn strandaði samkomulag á því hvort skyldi koma á undan, vopnahlé eða að senda fjölþjóðlegt friðargæslulið á vettvang.



**STÍRÍÐIÐ ÞYRMIR EKKI FERFÆTLINGUM** Særður köttur sést hér á gangi við brakið úr fiskibátum í höfn í Ouzai-úthverfinu í Beirút eftir loftárásir Ísraela á það í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STYÐJA HIZBOLLAH** Reiðir íraskir sjía-múslimar halda á líkönum af George W. Bush Bandaríkjaforseta, Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands og Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, á mótmælafundi gegn hernaði Ísraela í Líbanon í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frakkar vilja að öryggisráðið krefjist þess að tafarlaust verði bundinn endi á hin vopnuðu átök, og fyrst eftir að vopnin þögnuðu yrði friðargæsluliði sent á vettvang. Bandaríkjamenn telja aftur á móti að eigi vopnin að þagna verði það að falla saman við aðrar aðgerðir til lausnar á deilunni, þar á meðal að gera út friðargæslulið. Bandaríkjamenn og Bretar hafa hingað til stutt Ísraela með því að standa gegn kröfum um tafarlaust vopnahlé, fyrr en mjög hefur dregið úr hernaðargetu Hizbollah.

Ísraelsher hélt áfram loftárásum á meint vígi Hizbollah-liða víða í Líbanon í gær, brýr á aðalþjóðveginum norður frá Beirút voru sprengdar upp og síðasta meginsamgönguæðin til Sýrlands þar með rofin. Að minnsta kosti 28 landbúnaðarverkamenn létu lífið er ísraelskar herþotur létu sprengjum rigna á vöruhús nærri landamærum Líbanons og Sýrlands. Talsmenn Hizbollah sögðu skæruliða hafa fellt sex ísraelska hermenn í bardögum í landamærabþorpum í Suður-Líbanon. Hizbollah-liðar skutu vel á annað hundrað sprengiflaugum suður yfir landamærin. Ísraelsk arabafjölskylda lét lífið í einu húsinu sem flaugarnar lentu á. -aa

Langanesbyggð:

## Björn ráðinn sveitastjóri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Björn Ingimarsson hefur verið ráðinn sveitarstjóri í Langanesbyggð til næstu fjögurra ára. Gengið var frá ráðningunni á fundi hreppsnefndar í vikunni. Langanesbyggð varð til við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps í vor, en Björn var áður sveitarstjóri Þórshafnarhrepps.



**BJÖRN INGIMARSSON**

„Það eru mörg spennandi verkefni framundan í tengslum við sameininguna og að kynna nýtt sveitarfélag,“ segir Björn. - öhö

Rúta festist í Krossá:

## Bílstjóri komst sjálfur í land

**ÓHAPP** Björgunarsveitir voru kallaðar út á fimmtudagskvöldið þegar óttast var um afdrif bílstjóra rútu sem festist í Krossá í Þórsmörk.

Bílstjóranum, sem var einn í rútunni, tókst að sparka út rúðu og komast sjálfur í land. Var þá hjálpin afturkölluð.

Rútan barst eitthvað undan straumi og var um tíma óttast að hún ylti. Með samvinnu fleiri rútubílstjóra sem komu þarna að og annarra vegfarenda tókst að ná rútunni upp úr ánni. - sdg



**Á VETTVANGI** Tveir menn voru handteknir í gær í tengslum við raðmorð í Phoenix. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Raðmorð í Phoenix í Arizona:

## Tveir grunaðir handteknir

**BANDARÍKIN, AP** Lögreglan í Phoenix í Arizona í Bandaríkjunum handtók í gær tvo menn í tengslum við raðmorð sem skelft hafa íbúa borgarinnar í meira en ár.

Mennirnir eru taldir tengjast máli leyniskyttu sem kölluð er „The Serial Shooter“ en ekki öðrum fjöldamorðingja sem gengur undir nafninu Baseline-morðinginn.

Leyniskyttan er talin hafa myrt sex manns og sært 17 aðra. Jafnframt hefur hún skotið á hunda og hesta. Hinn morðinginn er grunaður um að hafa banað átta manns og misþyrmt ellefu öðrum kynferðislega.

Borgarstjóri Phoenix, Phil Gordon, sagði mennina vera „skrímslin tvö sem við höfum verið að leita að,“ en lögreglan var mun þagmælli um málið. - smk

Kaupendur miða á tónleika Morrisseys fá forkaupsrétt á tónleika Sufjan Stevens:

# Miðar fara í almenna sölu

**TÓNLEIKAR** Þeir sem kaupa miða á tónleika Morrisseys næstkomandi laugardag í Laugardalshöll munu hafa forkaupsrétt á miðum á tvenna tónleika Sufjans Stevens í Fríkirkjunni í nóvember. Forsalan mun standa til 14. ágúst, en þá verður opnað fyrir almenna sölu.

Haft var samband við talsmann neytenda í gær vegna málsins og taldi viðkomandi að borin von væri fyrir þá sem ekki eiga miða á Morrissey að kaupa miða á Sufjan, enda hafi þeir rúmlega tvö þúsund sem keypt hafa miða á Morrissey forkaupsrétt á þeim 840 miðum sem alls eru í boði á tvenna tónleika Sufjans Stevens.



**GRÍMUR ATLASON**

Talsmaður neytenda tók ekki afstöðu til þessa máls sérstaklega, en sagðist alltaf vera á varðbergi gagnvart mismunun á neytendum og hindrun á frjálsu vali þeirra.



**SUFJAN STEVENS** Mikil eftirvænting er eftir komu hins virta tónlistarmanns til landsins.

Grímur Atlason tónleikahaldari segir að séð verði til þess að einhverjir miðar fari í almenna sölu og forsalan verði blásin af áður en allir miðar seljast.

„Ég mun ekki selja allt upp í forsölu,“ segir Grímur „Þetta hefur verið gert oft áður, að tónleikagestir fái forkaupsrétt á miða á aðra tónleika. Það eru rúmlega áttatíu prósent eftir af miðunum, svo fólk þarf ekkert að örvænta. Þó mun líklega seljast upp á tónleikana fljótlega eftir að almenn sala hefst.“ - sgj

# Girnilegt ferðahlaðborð

Úrval-Útsýn býður einstaklega fjölbreyttar ferðir í vetur og draumaferðin þín er örugglega á meðal þeirra – hvort sem þú sækist eftir sólbökuðu strandlífi, skíðaparadís, lúxussiglingu eða vilt njóta lífsins í heimsborgum Evrópu.



## Skíðaferðir

**Skíðaferðir vetrarins eru óðum að bókast og ferðir í febrúar að seljast upp. Bókaðu skíðaferðina þína strax.**

### Austurríki - Salzburg
**Vikulega frá 27. janúar til 3. mars.**

Verðdæmi
**Hotel Kirchbergerhof 72.695.-***
Á mann í tvíbýli m/hálfu fæði fæði í viku í Kirchberg

### Ítalía - Verona
**Vikulega frá 13. janúar til 11. mars.**

Verðdæmi
**Hotel Palú 83.930.-***
Á mann í tvíbýli m/morgunverði í viku í Madonna

Jólaferðir til Madonna og Selva 22. desember.
Sjá nánar á www.uu.is

### Aspen og Vail
**Beint leiguflug til Denver 21. febrúar til 2. mars.**

Verðdæmi
**86.530.-** Flugsæti með sköttum



## Siglingar og sérferðir

### Miðjarðarhafssigling og Ítalía
**13. - 27. september 2006**
**Fararstjóri: Guðmundur V. Karlsson.**

Stórkostleg sigling um Miðjarðarhafið á Splendor of the Seas, einu glæsilegasta skemmtiferðaskipi Royal Caribbean Cruise Lines, um leið og tækifæri gefst til að upplifa spennandi staði og menningu Ítalíu.

Flogið er til Bologna 13. sept. Gist í Verona í tvær nætur, deginum fyrir siglingu er eytt í Feneyjum og eftir siglinguna er dvalið í Flórens í tvær nætur.

Verðdæmi
**254.900.-** á mann í ytri klefa

**Splendor of the Seas - siglingaleið**

| | |
|---|---|
| 17. sept. | Feneyjar, Ítalía kl. 16:00 |
| 18. sept. | Á sjó |
| 19. sept. | Pireus/Aþena, Grikkland kl. 12:00 - 20:00 |
| 20. sept. | Mykonos, Grikkland kl. 08:00 - 22.00 |
| 21. sept. | Rhodos, Grikkland kl. 08:00 - 18:00 |
| 22. sept. | Á sjó |
| 23. sept. | Dubrovnik, Króatía kl. 08:00 - 15:00 |
| 24. sept. | Feneyjar, Ítalía kl. 07:00 |

Fjöldi annarra siglinga og sérferða, sjá bækling okkar Vetrarfrí og á www.uu.is



## Borgarveisla Úrvals-Útsýnar

**Glæsilegar helgarferðir í allt haust!**

**Zagreb, Madrid, Rómarborg, Bracelona, Berlín, Ljubljana, Edinborg, Luxembourg og Dublin.**
Allar okkar ferðir eru helgarferðir í beinu flugi og henta því vel fyrir árshátíðina.

### Varsjá
**21. - 24. sept. og 28. sept. - 01. okt.**
Frábær fyrir hópa - ódýrt að versla og gott að borða.
Gist á glæsilegum 5 stjörnu hótelum.

Verðdæmi
**Sofitel Victoria 49.940.-***
Á mann í tvíbýli í 3 nætur 21. september 2006



## Sólarveisla Úrvals-Útsýnar

### Tyrkland - Krít - Mallorca - Portúgal - Tenerife - Benidorm
**Vikulega í sumar og haust**

### Tenerife - Gran Canaria og Kúba
**Í allan vetur**

Verðdæmi
**Parque Santiago 56.000.-***
Á mann m.v. 2 í stúdíói í eina viku á Tenerife

VISA

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

*Innifalið: Flug, flugvallaskattar, gisting samkvæmt ofangreindu og íslensk fararstjórn.
Ekki innifalið: Ferðir til og frá flugvelli erlendis.

**Úrval-Útsýn** · Lágmúla 4: 585 4000 · Akureyri: 460 0600 · Vestmannaeyjum: 481 1450

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 33693 06/2006



**SMÁVAXIN SJÓHETJA** Hann er ekki hár í loftinu, þessi íþróttamaður. Cole Marsolek er tæpra tveggja ára og notar sérstakan þjálfunarbúnað til þess að læra á sjóskíðin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Var hótað handtöku af lögreglumönnum við Kárahnjúka:

# Ógnandi framkoma lögreglu

**MÓTMÆLI** „Mér var hótað handtöku, það voru teknar myndir af okkur í tjaldbúðunum við Snæfell, ég var krafin um að sýna ökuskírteini og það var skoðað inn í bílinn hjá mér,“ segir Hrund Ólafsdóttir sem var stödd í fjölskyldubúðum við Snæfell í grennd við virkjanasvæðið á Kárahnjúkum um síðustu helgi. „Mér er stórlega misboðið hvernig lögreglan kom þarna fram við venjulega borgara og erlenda gesti.“



HRUND ÓLAFSDÓTTIR

Hrund segir að lögregla hafi viðhaft ógnandi framkomu við fólk sem var þarna statt til að taka þátt í friðsamlegum mótmælum og henni kom á óvart hversu margir þeir voru á svæðinu, en hún sá sjálf um það bil tíu lögregluþjóna.

„Við friðsama mótmælastöðu á landi í almenningseign kom lögregluþjónn til mín og hótaði mér handtöku ef ég færi lengra. Fólki er frjálst að vera þarna og því get ég ekki sætt mig við þessa hótun.“ Hrund segir að lögreglumenn í ómerktum bílum hafi tekið myndir af fólki og neitað að upplýsa tilganginn með því. Svo þegar Hrund var á leið burt af svæðinu var hún stöðvuð af lögreglu og krafin um ökuskírteini. „Á meðan gengu sex lögreglumenn kringum bílinn og voru að skoða inn um rúðurnar. Maður veltir fyrir sér hver það er sem borgar þessa löggæslu og hver ákveður að hafa svona marga menn á svæðinu. Mér finnst þessi framkoma lögreglunnar alveg með ólíkindum.“ - sdg

Fíkniefnamál í gærnótt:

# Fjórir teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir karlmenn um þrítugt og fertugt voru handteknir á gistiheimili í Holtunum um fjögur leytið í fyrrinótt þar sem þeir sátu við neyslu fíkniefna.

Húsráðandi tilkynnti til lögreglu að menn væru að meðhöndla fíkniefni inni á einu herbergja gistiheimilisins. Þegar lögregla kom á vettvang og bar að dyrum, blöstu við þeim leifar áætlaðra fíkniefna á borði í herberginu. Efnið var hvítt og duftkennt.

Mennirnir voru allir handteknir og færðir til yfirheyrslu. Þeim var sleppt að þeim loknum og málið telst upplýst. Játning liggur fyrir. - æþe

Mislukkað skemmdarverk:

# Ónýt dekk lögreglubíls skorin

**LÖGREGLUMÁL** Skemmdarvargur stakk göt á öll dekk lögreglubíls á Höfn í Hornafirði í fyrrinótt þar sem bíllinn stóð á verkstæði. Til stóð að setja ný dekk undir bílinn á verkstæðinu þar sem þau gömlu voru orðin slitin og því var um afar mislukkað skemmdarverk að ræða.

Lögreglan á Höfn ætlar þó ekki að leyfa kauða að komast upp með brotið og hyggst reyna að hafa hendur í hári hans. Lögreglan biður viðkomandi að gefa sig fram og leita sér aðstoðar, því athæfi af þessu tagi beri vott um alvarlega skemmdarfýsn. - sh

Femínistar ekki til Eyja:

# Karlahópurinn á Akureyri

**VERSLUNARMANNAHELGIN** Vegna veðurs og samgönguerfiðleika er karlahópur femínistafélagsins ekki í Vestmannaeyjum um helgina eins og til stóð. Þess í stað er karlahópurinn á Akureyri og dreifir þar barmmerkjum, svifdiskum og bæklingum.

Þetta er fjórða verslunarmannahelgin í röð sem karlahópur Femínistafélags Íslands stendur fyrir átakinu „Karlmenn segja NEI við nauðgunum“. Karlahópurinn verður einnig fyrir utan nokkrar verslanir ÁTVR, BSÍ og Flugstöð Reykjavíkur. - hs

# Segir stjórnvöld geta sveipað söguna blæju

**Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni var meinaður aðgangur að gögnum um hleranir dómsmálaráðuneytisins í kalda stríðinu. Hann íhugar að leita til dómstóla með málið. Þjóðskjalavörður segir lög óskýr varðandi aðgang að gögnunum.**

**HLERANIR** Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður sendi erindi til dómsmálaráðuneytis, þjóðskjalasafns og héraðsdóms Reykjavíkur í lok maí, þess efnis að hann fengi aðgang að skýrslum um símahleranir stjórnvalda á árunum 1949 til 1968. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hafði birt upplýsingar um þessar hleranir fyrr í mánuðinum. Ragnar segist munu fara með málið fyrir dómstóla ef lausn fæst ekki á því.



JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON



ÓLAFUR ÁSGEIRSSON



GUÐNI TH. JÓHANNESSON

„Ráðuneytið neitaði mér tvívegis um aðgang að gögnunum. Ég gerði því kröfu um að dómsmálaráðherra viki sæti, en ráðuneytið brást við því með því að senda gögnin frá sér upp í Þjóðskjalasafn, nokkrum dögum áður en beiðninni var hafnað á þeim forsendum að gögnin væru ekki í ráðuneytinu,“ segir Ragnar. Ráðuneytið tók ekki afstöðu til málsins, en vísaði til þingsályktunartillögu Alþingis varðandi stofnun þingnefndar sem fjalla ætti um hvernig aðgangi fræðimanna að gögnunum yrði háttað. Ragnar segir þetta ekki vera lögfræðilegan rökstuðning fyrir synjuninni.

„Ég vil vita í hvers konar samfélagi ég bý. Það er hægt að sveipa söguna blæju ef fjölmiðlar og fræðimenn hafa ekki aðgang að svona gögnum,“ segir Ragnar.

Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður segir að Þjóðskjalasafni hafi ekki borist formleg beiðni frá Ragnari um aðgang að nýju gögnunum frá ráðuneytinu.

„Við erum með gögn frá dómstólum sem hafa verið nokkuð lengi hjá okkur. Við veittum Ragnari takmarkaðan aðgang, eins og Guðna. Ráðuneytið skilaði okkur svo gögnum núna í júlí, þar á meðal umræddum gögnum um hleranir, en þau hefðu átt að vera komin fyrir löngu, þar sem 30 ára skilaskylda er á þeim. Þau yngstu eru frá 1968.“ Ólafur segir ástæðu þess að aðgangur að gögnunum sé ekki almennur vera persónuverndarsjónarmið, en lög um þetta séu óskýr eða ekki til staðar.

„Mér finnst sjálfsagt að hver sem er fái að skoða þessi gögn fyrir sjálfan sig,“ segir Guðni. „Auðvitað á að láta þá sem voru hleraðir, eða aðstandendur þeirra, séu þeir látnir, vita af því að það var gert. Enginn þeirra hefur verið látinn vita, þótt margir hafi gert sér grein fyrir því engu að síður að verið var að hlera þá.“

Hvorki náðist í dómsmálaráðherra né ráðuneytisstjóra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

steindor@frettabladid.is



**POLLURINN OG AKUREYRARKIRKJA** Mikill fjöldi fólks er nú á Akureyri.

Erilsamt hjá lögreglu:

# Tíu fíkniefnamál á Akureyri

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri hafði afskipti af tíu mönnum vegna fíkniefnamála í fyrrakvöld og fram eftir nóttu.

Mennirnir, sem eru allir um og yfir tvítugt, voru stöðvaðir við reglubundið eftirlit lögreglu. Var um neysluskammta af hassi og amfetamíni að ræða í öllum þessum tilvikum.

Tilkynning barst til lögreglu um fjögur leytið í nótt vegna slagsmála á tjaldstæðinu við félagssvæði íþróttafélagsins Þórs. Lögregla skakkaði leikinn en handtók engan. Lögregla segir engan sáran eftir handalögmálin.

Aðfaranótt föstudags voru þrír teknir af lögreglu grunaðir um ölvun við akstur og um hádegi á föstudeginum voru aðrir tveir ökumenn stöðvaðir fyrir sömu sakir. - æþe





STYRKIR VERÐA VEITTIR TIL BARNA Á ALDRINUM 6-16 ÁRA

Ferðasjóður Vildarbarna er sameiginlegt átak Icelandair og viðskiptavina félagsins til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarbarna hefur gert 80 börnum og fjölskyldum þeirra kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð. Landsbankinn annast fjárhald sjóðsins.
Verndari Vildarbarna er Vigdís Finnbogadóttir.

+ Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

WWW.ICELANDAIR.IS

Umsóknarfrestur er til 1. september 2006. Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 21. október 2006.


Aðstandendur hátíða um verslunarmannahelgi :

# Ekki borga allir jafn mikið fyrir löggæslu

**ÚTIHÁTÍÐIR** Aðstandendur hátíða um verslunarmannahelgi þurfa að taka mismikinn þátt í kostnaði vegna löggæslu. Gert er ráð fyrir að allur kostnaður umfram venjuleg löggæslustörf falli á þann sem fyrir hátíðinni stendur.

„Við höfum ekki talið okkur geta rukkað þá sem um hátíðina sjá sérstaklega fyrir almenna löggæslu í bænum,“ segir Björn Jósef Arnviðarson, lögreglustjóri á Akureyri. „Aftur á móti hefur bærinn keypt af okkur aukalöggæslu á tjaldsvæðum og þess háttar, bæði um verslunarmannahelgar og aðrar helgar.“ Allir tiltækir lögreglumenn verða á vakt á Akureyri ásamt afleysingamönnum og sérfræðingum annars staðar frá.

Björn Þór Rögnvaldsson, fulltrúi sýslumannsins á Eskifirði, segir að margir lögreglumenn verði kallaðir á vakt í Neskaupstað um verslunarmannahelgina í tilefni af Neistaflugi. „Hátíðahaldarar borga ekki þennan auka löggæslukostnað en venjulega eru tveir lögreglumenn á vakt á staðnum,“ segir Björn Þór.

Í fyrra var samið við aðstandendur þjóðhátíðar í Eyjum um að þeir borguðu allan kostnað við löggæslu í Herjólfsdal. Að sögn Karls Gauta Hjaltasonar, lögreglustjóra



**LÖGREGLUMENN Á VAKT** Í Neskaupstað greiða aðstandendur hátíðarinnar allan kostnað umfram þá tvo lögreglumenn sem verða á vakt en á Akureyri rukkar lögregluembættið einungis fyrir sérstaka vakt, eins og á tjaldstæðum.

í Vestmannaeyjum, stendur það samkomulag enn, en lögreglan mun greiða þann kostnað fyrir gæslu inni í bænum. - at



Úrbeinaður kofareyktur hangiframpartur
30% afsláttur við kassann
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1259 kg KR.
Merkt verð 1799 KR.
Lambahryggur heill/sneiddur og frosinn frá KS
Bragð sem allir elska!
HEILL LAMBAHRYGGUR
1169 kg KR.
...fyrir góðan dag!
KS
Dásamlegir dagar!
ALI GRILL KÓTELETTUR OG ÚRBEINAÐUR GRILLHNAKKI
ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI
1189 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1699 KR.
30% afsláttur við kassann
LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN
MARINERAÐUR FROSINN LAX Á GRILLIÐ!
SNEIDDUR LAMBAHRYGGUR
1199 kg KR.
BEINLAUS LAX GÓÐUR Á GRILLIÐ!
FROSNIR LAXABITAR
999 kg KR.
LAXINN FRÁ NORÐANFISKI
MARINERAÐAR FROSNAR LÚÐUSTEIKUR!
FROSNAR marineraðar lúðusteikur
1198 kg KR.
frá Norðanfiski
...fyrir góðan dag!
KS
Opið á morgun sunnudag 12.00 til 18.00
Bónus Hveragerði
Bónus Selfossi
Bónus Borgarnesi
Bónus Stykkishólmi
Bónus Ísafirði
Bónus Akureyri
Bónus Egilsstöðum
Bónus Reykjanesi
Bónus Mosó
Bónus Seltjarnarnesi
Bónus Helluhrauni
Bónus Smáratorgi
Bónus Holtagörðum
Bónus Spönginni
Bónus Ögurhvarfi
Bónus Hraunbæ
Lokað mánudag
frídag verslunarmanna
Foreldúð ALI grillrif
30% afsláttur við kassann
FORELDUÐ SVÍNARIF
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1198 KR.
Villijurtakryddað KF lambalæri
VILLI LAMBALÆRI
1299 kr KR.
Merkt verð 1855 KR.
LÚXUS LAMBALÆRI
Frosnar írskar svínalundir
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
30% afsláttur við kassann
www.bonus.is
bonus.is
ERAN/Landlist

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.325 **+0,18%** **Fjöldi viðskipta:** 183 **Velta:** 65.583 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Marel** | 1,32% | **Mosaic** | 1,18% |
| **Össur** | 0,94% | | |
| **Straumur** | 0,64% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 61,70 +0,00% ... Alfesca 4,06 +0,00% ... Atlantic Petroleum 568,00 +0,35% ... Atorka 5,85 +0,00% ... Avion 32,40 +0,31% ... Bakkavör 48,30 +0,42% ... Dagsbrún 5,27 +0,00% ... FL Group 15,70 +0,00% ... Glitnir 17,50 +0,58% ... KB banki 707,00 +0,00% ... Landsbankinn 20,80 +0,00% ... Marel 77,00 +1,32% ... Mosaic Fashions 16,80 -1,18% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,64% ... Össur 107,00 +0,94%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Hrap ritstjórans

Morgunblaðið hóf upp raust sína í takt við einbeittan vilja ritstjóra blaðsins um að koma á sósíalisma á Íslandi eða að minnsta kosti viðráðanlegum pilsfaldakapítalisma. Nú var viðsfangsefni leiðarahöfundar blaðsins ofurlaun stjórnenda nokkurra fyrirtækja. Áhyggjur Morgunblaðsins eru skiljanlegar, ekki síst í ljósi þess launasamhengis sem ritstjóri blaðsins hefur lent í undanfarin ár. Sú var tíð að ritstjóri blaðsins var í hópi tylftar launahæstu stjórnenda landsins. Þegar litið var til æðstu stjórnenda fjármálafyrirtækja hefði ritstjóri Morgunblaðsins náð fjórða sæti í launatöflunni árið 2002 meðan hann væri í 62. sæti nú með ríflega 1,6 milljónir á mánuði. Er nema von að mönnum finnist veröldin vera á leið á hliðina.



### Engin laun í Landsbanka?

Fyrir utan leiðara Morgunblaðsins þá var í miðopnu rætt um ofurlaunin við formenn bankaráða tveggja banka. Af einhverjum ástæðum var ekki rætt við þriðja bankaráðsformanninn í Landsbankanum. Landsbankinn átti einmitt næst launahæsta forstjórann. Illar tungur hafa nefnt það sem skýringu að ástæðan kunni að vera sú að stærstu eigendur Morgunblaðsins og Landsbankans eru nú um stundir þeir sömu. Það er þó harla ólíkleg skýring að mati þeirra sem vinna á öðrum fjölmiðlum og vita að eigendur fjölmiðla hafa sem betur fer haft vit á því að láta ritstjórnir þeirra afskiptalausar. Sennilegri skýring er að á þessum árstíma getur verið erfitt að ná í menn í fjármálageiranum enda bestu hylir laxveiðiánna utan kallfæris GSM-kerfisins.

## MARKAÐSPUNKTAR

Gengið hefur verið frá kaupum Magnúsar Kristinssonar og Kristins Björnssonar á samanlagt 23,1 prósents hlut í FL Group. Kaupverð hlutarins er 18,52 krónur á hlut en bréf í félaginu standa nú í tæpum sextán krónum.

Þá var gengið frá kaupum FL Group á 24,2 prósenta hlut Magnúsar, Kristins og tengdra aðila í Straumi-Burðarási. Eftir viðskiptin á FL Group um 26,6 prósent hlutafjár í Straumi-Burðarás.

Danski seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti um fjórðung úr prósenti og standa þeir nú í þremur prósentum. Hækkunin fylgir í kjölfar sams konar ákvörðunar Seðlabanka Evrópu en Danir fylgja gjarnan ákvörðunum bankans.



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON Í AVION GROUP** Hlutabréf í Atlas Cold Storage standa nú í 7,60 dölum á hlut í Kauphöllinni í Toronto. Tilboð Avion Group hljóðar upp á sjö kanadadali á hlut.

# Bréf í Atlas hækka

**Yfirtökutilboð Avion Group olli tuttugu prósenta hækkun á bréfum Atlas Cold Storage. Gengið er nú hærra en tilboð Avion hljóðaði upp á.**

Hlutabréf í kanadíska kælifyrirtækinu Atlas Cold Storage hækkuðu um rúm tuttugu prósent í Kauphöllinni í Toronto í kjölfar fregna af væntanlegu yfirtökutilboði Avion Group. Viðskipti með bréf í félaginu námu rúmum sjö milljörðum kanadadala. Tilboðið er gert fyrir hönd Eimskip Atlas Canada, dótturfélags Avion Group.

Bréf í félaginu standa nú í 7,60 kanadadölum á hlut, eða sem nemur tæpum 480 íslenskum krónum. Tilboð Avion hljóðaði upp á sjö dali á hlut og er þá miðað við að markaðsvirði Atlas Cold Storage sé rúmir 37 milljarðar króna.

Eimskip Atlas Canada hafa nú þegar gert hluthafasamkomulag við tvo stóra hluthafa í Atlas Cold Storage sem tryggir þeim um 13,9 prósent hlutafjár í félaginu.

„Stjórn Atlas mun koma saman á næstunni og íhuga tilboð Avion Group. Niðurstaðan verður síðan kunngjörð í yfirlýsingu," sagði í tilkynningu frá stjórn Atlas Cold Storage.

Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group, sagði að tilboðið væri sanngjarnt en það væri hluthafa að meta hvort gengið yrði að því.

Mjög rólegt var yfir bréfum í Avion Group í Kauphöll Íslands á föstudagsmorgun. **- jsk**

# FlyMe óskar eftir þrettán milljörðum

**Nýtt hlutafé nýtt til kaupa á öðrum flugfélögum.**

Stjórnendur sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe ætla að leggja það til við hluthafa að hlutafé félagsins verði aukið um þrettán milljarða króna. Tillagan verður lögð fyrir á hluthafafundi í lok mánaðarins.

Fyrirkomulag útboðsins verður með sama hætti og fyrr á árinu þegar FlyMe safnaði 2,7 milljörðum króna í nýtt hlutafé. Fyrir hvern hlut sem hluthafi í FlyMe á, fær hann að kaupa tíu nýja hluti á genginu 1,3. Síðasta gengi FlyMe var 2,60.

Stærsti hluthafinn í FlyMe er Fons, félag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar.

Áður hefur komið fram að stjórnendur FlyMe eiga í viðræðum við nokkur evrópsk lággjaldafélög um yfirtöku, þar á meðal Sterling og FlyNordic. Segir forstjórinn Fredrik Skanselid í viðtali við Dagens Industri að hann reikni með því að flugfélagið kaupi eitt til tvö þeirra. **- eþa**

# Auknar tekjur

Skattskyldar tekjur landsmanna námu 702 milljörðum króna árið 2005 og jukust um 16,8 prósent frá fyrra ári, segir í nýútkomnu Vefriti fjármálaráðuneytisins.

Heildarlaunagreiðslur Íslendinga námu 472 nilljörðum króna og jukust um þrettán prósent frá því í fyrra, eða sem nemur 8,5 prósentum á hvern launamann.

Greiðslur til einstaklinga úr lífeyrissjóðum námu rúmum 34 milljörðum króna. Greiðslur Tryggingastofnunar til lífeyrisþega og öryrkja námu 32 milljörðum króna til 47 þúsund einstaklinga.

Þá voru greiddir 2,4 milljarðar króna í atvinnuleysisbætur. Það er einum milljarði minna en í fyrra en auk þess fækkaði bótaþegum um rúman fjórðung og eru nú átta þúsund og fjögur hundruð.

Fjármagnstekjur 85 þúsund landsmanna námu 120 milljörðum króna. Aukningin milli ára var tæplega sextíu prósent. Meira en helmingur fjármagnstekna er hagnaður af sölu hlutabréfa. **- jsk**

# ICEX og OMX ræðast við um meira samstarf

**Getur leitt til samruna íslensku kauphallarinnar við sameiginlegar kauphallir í sex löndum. Horft til samstarfs um skráningu íslenskra félaga á samnorrænan kauphallarlista sem hleypt verður af stokkunum í haust.**

Kauphöll Íslands (ICEX) og OMX eiga í viðræðum, sem enn eru á frumstigi, um nánara samstarf. Að OMX standa kauphallirnar í Helsinki, Kaupmannahöfn, Riga, Stokkhólmi, Tallinn og Vilnius.

Fari Kauphöllin inn á OMX-listann þýðir það annaðhvort mjög náið samstarf ef ekki sameiningu þessara aðila að sögn Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallar Íslands, þótt ekkert hafi verið ákveðið. Í dag er náið samstarf með norrænum kauphöllum í gegnum Norex, sem felur í sér að kauphallir vinna eftir sameiginlegu viðskiptakerfi og hafa samræmt reglur og kröfur um viðskipti og aðild. „Við viljum skoða þann ávinning sem fyrirtæki og markaðsaðilar hér heima gætu haft af því að ganga hugsanlega lengra."

Á síðasta ári leitaði OMX hófanna og bauð Kauphöll Íslands að ganga til viðræðna við samstæðuna með sama hætti og við Kauphöllina í Kaupmannahöfn á sínum tíma. Þá var ekki áhugi fyrir slíku af hálfu Kauphallarinnar.

Tvennt hefur breyst á þessu tæpa ári að mati Þórðar. „Annars vegar er mikill gangur í samrunum kauphalla í heiminum, þar á meðal Transatlantic-samruninn og samruni milli kauphalla innan Evrópu." Þar vísar forstjórinn meðal annars til sameiningar Kauphallarinnar í New York og Euronext.



**KAUPHÖLL ÍSLANDS VIÐ LAUGAVEG** Viðræður við OMX eru enn á frumstigi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í öðru lagi fylgir OMX svokölluðum Nordic List úr hlaði í byrjun október næstkomandi sem er samnorræn hlutabréfavísitala. Þar verða sett á lista öll skráð fyrirtæki í kauphöllunum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Þórður segir að í fyrra hafi verið áhöld um það hvernig íslenskum fyrirtækjum myndi farnast á þessum lista og jafnvel hvort einhver fyrirtæki myndu falla af honum. Það var einmitt ein af ástæðunum að ekki var gengið til viðræðna við OMX á sínum tíma. „En núna þegar allar reglur liggja skýrt fyrir hvernig listinn eigi að líta út þá kemur í ljós að öll íslensk fyrirtæki komast inn á þennan lista. Þar er í sjónmáli ákveðinn ávinningur fyrir skráð fyrirtæki sem var augljóslega ekki í sjónmáli í fyrra."

Þórður segir að Kauphöllin í Ósló komi ekki að þessum viðræðum. „OMX hefur lýst því yfir að Norðmennirnir séu alltaf velkomnir til viðræðna." **eggert@frettabladid.is**

# LÍ kaupir Cheshire banka

**Landsbankinn kaupir banka á Ermarsundseyjum í 21,3 milljarða viðskiptum. Breskir eignamenn sækja bankaviðskipti til eyjanna.**

Landsbankinn hefur náð samkomulagi um kaup Cheshire Guernsey Limited. Viðskiptin nema 21,3 milljónum punda eða rúmum 2,8 milljörðum íslenskra króna. Cheshire er banki með höfuðstöðvar á eynni Guernsey í Ermasundi. Seljandi er Cheshire Building Society.

Samkomulagið er háð samþykki samkeppnisyfirvalda á Íslandi og á Guernsey og er gert ráð fyrir að kaupin gangi í gegn fyrir lok september. Þá verður nafni fyrirtækisins breytt í Landsbanki Guernsey.

Halldór J. Kristjánsson, annar bankastjóra Landsbankans, segir að lengi hafi staðið til auka við innlánastarfsemi bankans í Bretlandi. Til að svo megi verða sé nauðsynlegt að fjölga kostum viðskiptavina. Með kaupunum á Cheshire verði viðskiptavinum, búsettum á Bretlandi, boðið upp á bankaþjónustu á Ermarsundseyjunum þar sem skattaskilyrði séu mjög hagstæð. „Með þessum kaupum fáum við aðgang að stórum hópi alþjóðlegra aðila, búsettum á Bretlandi, sem eiga mikla fjármuni. Einnig fylgir víðtækur viðskiptamannagrunnur með innlán upp á rúma fimmtán milljarða króna."



**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Kaup Landsbankans á Cheshire banka eru liður í því að bæta við innlánastarfsemi bankans í Bretlandi. Skattaumhverfi á Ermarsundseyjum er eignamönnum hagstætt.

Halldór bætir við að til standi að bjóða breskum viðskiptavinum bankans upp á internetbankaþjónustu.

Landsbankinn greiðir 1,2 milljónir punda umfram eigið fé Cheshire. Eigið fé Cheshire nam 20,1 milljón punda í júní. Cheshire rekur fjörutíu og níu útibú og hefur um sjö hundruð starfsmenn. Eignir fyrirtækisins nema rúmum 628 milljörðum íslenskra króna. **- jsk**

# Átján milljarða vöruskiptahalli

Vöruskiptahalli nam átján milljörðum króna í júlí samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Útflutningur dróst saman um nærri fjórðung og nam sautján milljörðum króna. Flutt var inn fyrir þrjátíu og fimm milljarða króna í mánuðinum. Mest aukning varð á innflutningi á fjárfestingar- og rekstrarvörum.

Í Morgunkornum greiningardeildar Glitnis segir að ýmsir þættir skýri mikla rýrnun útflutnings í júlí; óhapp í Álverinu í Straumsvík hafi komið niður á álframleiðslu auk þess sem fiskafli hafi verið



með minnsta móti í mánuðinum.

Greiningardeildin bendir á að sveiflur í hagstærðum séu miklar á Íslandi vegna smæðar hagkerfisins. Því sé ólíklegt að vöruskiptahalli verði jafn mikill á komandi mánuðum. Er því spáð að vöruskiptahallinn minnki á síðari helmingi árs vegna aukins útflutnings áls og minni innflutnings neysluvöru. - jsk

# Glitnir kaupir eigin skuldabréf

## Bankinn vill ávaxta laust fé og lækka endurfjármögnunarþörf næsta árs.

Glitnir hefur keypt eigin skuldabréf fyrir 25 milljónir evra sem nemur tæpum 2,3 milljörðum króna. Í tilkynningu til Kauphallarinnar í Lundúnum kemur fram að bankinn eigi yfir tíu prósent í þeim flokki, sem þessi bréf tilheyra, en það eru um 35 milljónir evra.

„Ástæðan fyrir þessum endurkaupum er fyrst og fremst sterk lausafjárstaða bankans í augnablikinu. Við erum með vel yfir tvo milljarða evra í lausu fé og því erum við í raun og veru að ávaxta það í þessum bréfum,“ segir Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar hjá Glitni. Hann bætir við: „Við sjáum einfaldlega gott fjárfestingatækifæri í okkar eigin útgáfum á eftirmarkaði.“

Skuldabréfaflokkurinn kemur til greiðslu á næsta ári og þar með lækkar endurfjármögnunarþörf bankans sem kaupunum nemur.

Ingvar segist hafa fundið fyrir vaxandi eftirspurn eftir skammtímaskuldabréfum Glitnis í vikunni eftir að félagið birti afkomu sína. Í vikunni hefur tryggingaálag á skuldabréfum allra bankanna lækkað eftir fremur jákvæð skrif frá erlendum markaðsaðilum. - eþa



**INGVAR H. RAGNARSSON, HJÁ GLITNI** Bankinn keypti í vikunni eigin skuldabréf fyrir tæpa 2,3 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁLVINNSLA Í STRAUMSVÍK**

# Stórbætt afkoma Alcan

Bandaríski álframleiðandinn Alcan hagnaðist um tæpa 32 milljarða íslenskra króna á öðrum ársfjórðungi og jókst hagnaðurinn um rúman helming milli ára. Tekjur félagsins námu tæpum 434 milljörðum króna á tímabilinu og jukust um sautján prósent milli ára.

Bætta afkomu Alcan má að mestu rekja til hækkunar á heimsmarkaðsverði áls, en verð hefur hækkað um rúman þriðjung síðastliðið ár.

Alcan rekur meðal annars álverið í Straumsvík. - jsk

# Mala gull úr laxinum

Annar stærsti laxeldis- og fóðurframleiðandi heims, norska félagið Cermaq, hagnaðist um 2,8 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi sem er 150 prósenta betri afkoma en á sama tíma í fyrra.

Greining Glitnis greinir frá því að afkoma í laxeldishlutanum hafi verið sérstaklega góð, enda laxaverð mjög hátt. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir sem hlutfall af tekjum nam hvorki meira né minna en 44 prósentum í laxeldisvinnslunni.

Cermaq hefur hækkað um 94 prósent frá því félagið var sett á markað fyrir tæpu ári síðan. Horfur fyrir seinni hluta árs eru sagðar vera góðar.

Önnur laxeldisfélög eins og Pan Fish hafa heldur ekki farið á mis við þessar verðhækkanir. Hlutabréf í Pan Fish hafa hækkað um 250 prósent á einu ári. - eþa

# Egla tapar 892 milljónum

Eignarhaldsfélagið Egla tapaði 892,4 milljónum króna á fyrri helmingi árs. Egla er að langstærstum hluta í eigu félaga tengdum Ólafi Ólafssyni, stjórnarformanni Samskipa.

Stærsta eign Eglu er 10,82 prósenta hlutur í KB banka og ræðst afkoma félagsins því að verulegu leyti af gengi bréfa í KB banka. 354 milljóna króna tap má rekja beint til gengislækkunar bréfa Eglu í KB banka. Markaðsverð hlutar Eglu í KB banka er nú tæpir 51 milljarðar króna. - jsk





GÖTUMARKAÐUR
LOKADAGUR!
Útsala
útsala
Útsala
útsala
sala
sala

# Útsölulok

## GÖTUMARKAÐUR

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

# LOKADAGUR Í DAG!

BRÚÐHJÓN
sumarsins
2006

## Blómstrar ástin?

**Ætlið þið að láta pússa ykkur saman í sumar?**
Komið við í Smáralind, búið til gjafalista og skráið ykkur í brúðkaupsleik Smáralindar og Rásar 2, þar sem brúðhjón sumarsins 2006 verða valin. Heppnustu brjúðhjón sumarsins fá gjafir frá Smáralind fyrir eina milljón og Sumarferðir ætla að bjóða þeim í lúxusferð til útlanda.

### Dæmi um vinninga:

**Sumarferðir:** Brúðkaupsferð á sólríkan sælustað – **LÚXUS VIKUFERÐ**
**Ormsson:** Þvottavél og þurrkari – íslenska parið
**Smáralind:** Brúðargjafakort Smáralindar fyrir 100.000 kr.
**Líf og list:** Vöruúttekt að eigin vali fyrir 50.000 kr.
**Byggt og búið:** KitchenAid hrærivél
**Hjörtur Nielsen:** Pottasett
**Tous:** Bollastell
**Intersport:** Þrekhjól
**Drangey**: Ferðataska
**Elsa Nielsen:** Málverk
**Nóatún:** 25.000 kr. gjafakort. Kræsingar úr kjötborði Nóatúns eða annar gourmet-matur úr Nóatúni Smáralind.
**Ísinn:** Ístertur í brúðkaupið
**Isis:** Leðurtaska, hárskart, skart og lúxus sólgleraugu frá Evita Peroni fyrir brúðina
**Iceland on Track:** Dagsferð innanlands í 44" lúxusjeppum



Dregið verður 26. ágúst

SUMAR FERÐIR

RÁS 2




Þegar ástin blómstrar




**Eftirtaldar verslanir eru með opið á morgun:**

| | Blend | BT | Hagkaup | Ice in a Bucket | Nóatún | Skór.is |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kl. | 13-18 | 12-18 | 12-18 | 13-18 | 12-19 | 13-18 |

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Margir á ferð um þjóðvegi landsins:

## Helgi ferðalaga og útivistar

Verslunarmannahelgin er gengin í garð með öllu því sem henni fylgir. Þrátt fyrir að þessi helgi sé kennd við verslunarmenn er hún fyrir löngu orðin fríhelgi alls þorra vinnandi manna á Íslandi, þó að einhverjir verði alltaf að vinna þessa helgi, eins og aðrar í nútímaþjóðfélagi.

Upphaf frídags verslunarmanna má rekja til þess að ástæða þótti til þess að verslunarmenn fengju frí einn virkan dag að sumrinu, og var fyrsti mánudagur í ágúst valinn sem sérstakur frídagur þeirra. Smám saman fóru fleiri og fleiri stéttir að taka sér frí þennan dag og þróunin varð allsherjarfrídagur um hásumar. Launamenn og atvinnurekendur í verslunarstétt voru lengi vel í sama félagi og stofnuðu þeir Verslunarmannafélag Reykjavíkur árið 1891. Það var svo ekki fyrr en árið 1955 að VR varð að hreinu verkalýðsfélagi. Lengi eftir það voru margir sem litu ekki á það sem raunverulegt verkalýðsfélag, og þurftu verslunarmenn að heyja harða baráttu fyrir því að samtök þeirra fengju aðild að Alþýðusambandi Íslands. Eftir mikla baráttu og dómsmál, fengu fulltrúar verslunarmanna loks rétt til setu á ASI þingi árið 1964. Eflaust hefur mörgum í verkalýðsforystunni þótt of mikil tengls hafa verið milli verslunarmanna og kaupmanna þegar þeir voru í sama félagi, og því hafa þeir verið á móti aðild þeirra að ASÍ.

Um þessa helgi verða þau tímamót að VR gengst ekki fyrir neinum hátíðarhöldum í tilefni dagsins og nú eru einkunnarorð félagsins VR – virðing, réttlæti. Þannig er allt breytinguum háð og er þetta væntanlega í takt við tímann.

Í aðdraganda verslunarmannahelgar hefur um langan tíma ríkt töluverð spenna hjá mörgum í þjóðfélaginu, enda hefur þetta verið ein mesta ferðahelgi ársins, og hjá sumum eina helgin sem varið er til ferðalaga. Fjöldi útisamkoma hefur jafnan sett svip sinn á þessa helgi og því hafa margir hlustað betur eftir veðurfréttum en oft áður, og straumurinn legið þangað sem von er á besta veðrinu. Að þessu sinni er engin undantekning þar á. Útisamkomum fylgir gjarnan nokkur ölvun og ólæti, en alvarlegast er þó að heyra af nauðgunum og nauðgunartilraunum eftir hverja verslunarmannahelgi. Þótt mikill áróður hafi verið hafður í frammi gagnvart slíkum verknaði er það staðreynd að nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér stað um hverja verslunarmannahelgi. Þetta kemur oft á tíðum ekki strax í ljós, og geta liðið vikur eða mánuðir áður en heildarmynd fæst af þessum verknuðum um verslunarmannahelgina.

Það verður greinilega mikil umferð um helgina, og hún hófst reyndar þegar um miðja vikuna. Lengi vel voru tíð umferðarslys um þessa helgi, en með markvissum áróðri hefur oft tekist að stemma stigu við þeim, þótt það sé erfitt að koma alveg í veg fyrir þau, þegar umferðin er eins mikil og raun ber vitni. Aukin umferð húsbíla, húsvagna og tjaldvagna hefur sett svip sinn á þjóðvegaumferðina í sumar og þegar við bætast hinir miklu landflutningar með stórum flutningabílum, má segja að umferðarmynstrið hafi breyst mikið á nokkrum árum. Það er því ærin ástæða til þess að hvetja alla til að fara varlega í umferðinni, og sýna öðrum tillitssemi. Þá er ekki síður ástæða til að hvetja ferðalanga til að ganga vel um landið, og að hinir fullorðnu séu góð fyrirmynd hinna yngri í þeim efnum og kenni ungviðinu góða umgengni um landið.



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA
OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17
Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is
Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Forseti á förum

„Ég mun geyma allar ákvarðanir um slíkt fram til vetrarins 2007 til 2008," svaraði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er hann var spurður að því í vikunni hvort hann myndi sækjast eftir því að sitja fjórða kjörtímabilið í embætti. Verður hann þá búinn að sitja í þrjú kjörtímabil eða tólf ár. Frambjóðandinn Ólafur Ragnar sagði á fundi í Súlnasal Hótel Sögu í júní 1996 að sextán ár í embætti væri langur tími. Í frétt Morgunblaðsins af fundinum er haft eftir honum að hann teldi sjálfur tvö til þrjú kjörtímabil hæfilegri tíma fyrir setu forseta í heimi hraðra breytinga, nyti forseti stuðnings til þeirrar setu í samræmi við hefð. Það er eðlilegt að Ólafur tilkynni ekki strax að hann ætli sér að fylgja þessari sannfæringu sinni. Það er vont að vera forseti á förum. En ætli einhverjir séu ekki farnir að horfa í áttina að Bessastöðum?



### Skemmtibátaskandallinn

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra er ekki par ánægður með fréttaflutning fjölmiðla af því sem hann kallar „skemmtibátaskandalinn". Á fréttunum var að skilja að fjöldi skemmtibáta hefði fengið úthlutað kvóta án þess að menn hefðu nokkurn tíma dregið bein úr sjó. Ráðherranum er ekki skemmt og bendir á það á heimasíðu sinni að fréttamönnum hefði verið nær að tala við sig strax því þá hefði hann getað upplýst þá um að allur skandallinn snerist um þrjá skemmtibáta, sem samtals fengu 766 kílóum af þorski úthlutað! Bara ef ráðherrar væru alltaf svona áfjáðir í að tala við fjölmiðla.



### Ófögur framtíðarsýn

Það þyrmdi yfir margan óbreyttan fjölmiðlamanninn við úttekt DV á launakjörum gullkálfanna í stéttinni í gær. Þar kom sem sagt í ljós að obbinn af þessu fína og fræga fólki er ekki hálfdrættingar í launum á við millistjórnanda í meðal banka. Og það sem verra var, menn sáu ekki fram á að áratuga framapot og streð myndi skila þeim meiru en rúmri milljón á mánuði þó svo ólíklega vildi til að þeir kæmust til æðstu metorða í stéttinni.

bjorgvin@frettabladid.is
ssal@frettabladid.is

## Fjallið tók jóðsótt

Í DAG
KJÖR ALDRAÐRA



ELLERT B. SCHRAM

Ég játa að margir atburðir og fréttir fara fyrir ofan garð og neðan hjá mér á sumrin. Það er svo margt að gera í góðu veðri og ekki beint á dagskrá að liggja yfir fréttatímum eða ábúðarmiklum alvörumálum. Ég sá hinsvegar útundan mér, einn daginn í júlímánuði, að efnt var til blaðamannafundar í ráðherrabústaðnum, þar sem mættir voru einir fjórir ráðherrar og þungavigtarfólkið í Félagi eldri borgara og var ekki annað að heyra en verið væri að kynna og undirrita tímamótasamkomulag um aðbúnað og kjör aldraðra.

Ég samgladdist auðvitað við þessi tíðindi, enda löngu opinbert hneyksli, hversu búið er að gömlu fólki hér á landi. Þeim var þá ekki allsvarnað, ráðamönnunum, að kippa þessu í lag, hugsaði ég og hugsaði ekki meir. Það var í rauninni ekki fyrr en athugasemdir og aðfinnslur fóru að birtast í fjölmiðlum, sem ég tók mig til og kynnti mér þetta samkomulag. Kíkti á innihald fagnaðarboðskaparins sem gladdi hina háu herra á þessum blaðamannafundi. Og þá kom eftirfarandi í ljós:

Í fyrst lagi að fjögur hundruð fátækustu einstaklingarnir, fólkið sem eingöngu lifir á lífeyri almannatrygginga, fær allra náðarsamlegast sömu hækkun og búið var að semja um milli aðila vinnumarkaðarins!

Í öðru lagi rýmkun á skerðingu lífeyrisgreiðslna vegna annarra tekna, sem mér skilst að geti bætt kjör þeirra um nokkur þúsund krónur! En nóta bene, þessi rýmkun tekur ekki gildi fyrr en á næsta ári.

Í þriðja lagi er tilkynnt um frekari tilhliðranir varðandi hið svokallaða frítekjumark en þær eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir þrjú ár!

Í fjórða lagi lofar ríkisstjórnin bættri heimaþjónustu og búsetu, sem koma á til framkvæmda á næsta kjörtímabili!

*Við skulum hafa eitt á hreinu. Það er búið smánarlega að því aldraða fólki, sem á vart til hnífs né skeiðar og þarf á aðstoð samfélagsins að halda. Tíu eða fimmtán þúsund króna hækkun til þessa fólks, skiptir engu til eða frá. Það býr áfram við sultarkjör.*

Ég sé ekki betur en að fjallið hafi tekið jóðsótt og fæðst lítil mús. Það góða fólk, undir forystu Ólafs Ólafssonar, fyrrum landlæknis, sem nennir að tala máli gamla fólksins, hafði verið dregið inn í ráðherrabústaðinn til að samfagna með fjórum ráðherrum, einhverju samkomulagi, sem reynist raunar einhliða yfirlýsing frá ríkisstjórninni, og er ekkert annað en kattarþvottur. Brella. Í besta falli einn allsherjar misskilningur. Það liggur við að manni finnist að fulltrúar eldri borgara hafi verið hafðir að fíflum. Að minnsta kosti ef verið er að tala um hin raunverulegu vandamál aldraðra.

Við skulum hafa eitt á hreinu. Það er búið smánarlega að því aldraða fólki, sem á vart til hnífs né skeiðar og þarf á aðstoð samfélagsins að halda. Tíu eða fimmtán þúsund króna hækkun til þessa fólks skiptir engu til eða frá. Það býr áfram við sultarkjör. En langstærsti hópur þeirra Íslendinga sem orðnir eru löggilt gamlamenni er fólk sem enn er við góða heilsu, lifir á og verður að lifa á þeim lífeyrissjóði, sem það hefur safnað sér. Oftast ná mánaðargreiðslur frá hundrað og tuttugu þúsund upp í þrjú hundruð þúsund, þegar best lætur. (Hafið í huga að Hagstofan segir að framfærsluþörfin nemi kr. 160 þús.) Og af þessum lífeyrisgreiðslum er tekinn fullur skattur, allt að fjörutíu prósent. Þá er rétt og skylt að halda því til haga að ríkisvaldið hefur í heilan áratug hlunnfarið eldri borgara með kaupmáttarrýrnun ellilífeyris.

Brýnasta baráttumál aldraðra og eldri borgara er þó að lífeyrisgreiðslur séu skattlagðar með sama hætti og fjármagnstekjur. Tíu prósent. Eða hver er munurinn á manninum sem leggur til hliðar fé í lífeyrissjóðinn sinn til að spara til efri áranna (og borgar fullan skatt af eftirlaunagreiðslunum) og hinum sem leggur fé inn á bankabók og borgar tíu prósent af sínum fjármagnstekjum? Besta og raunhæfasta kjarabót til handa eldra fólki, sem verður að lifa á lífeyrisgreiðslum, er lækkun skatta á því sparifé, sem það hefur lagt til hliðar. Besta búbótin fyrir aldrað fólk á Íslandi er að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft. Meira er nú ekki farið fram á.

Hitt, sem enn er verið að togast á um og á að redda, einhverntímann á næsta kjörtímabili, og snýr að bágstöddu eldra fólki, er í rauninni til skammar, að semja þurfi um og halda sérstaka blaðamannafundi í ráðherrabústaðnum til að hæla sér af. Ég hélt að velferðarkerfið væri ekki svo bágstatt, að ráðherrum þyrfti að vökna um augu, vegna geðshræringar um eigið ágæti, þegar þeir fallast á að það þurfi að gera eitthvað í svo sjálfsögðum mannréttindamálum, að eldra fólk geti haldið reisn sinni. Sem var þó ekki annað en jóðsótt, þegar upp er staðið.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


hagstæðustu heildarinnkaupin
vertu velkomin
frábært verð
GOÐI
959 kr/kg
Verð áður 1.199 kr/kg
Goða villikryddað lambalæri
þú sparar 1000 kr/kg
33% verðlækkun
1.998 kr/kg
Verð áður 2.998 kr/kg
Gourmet meyrnuð piparsteik
GOÐI
þú sparar 1121 kr/kg
33% verðlækkun
2.277 kr/kg
Verð áður 3.398 kr/kg
Gourmet meyrnuð Filesteik
humarveisla
499 kr.pk
Humar 500gr. poki
ódýrt
SS
25% afsláttur við kassa
SS hangiframpartur birkireyktur úrbeinaður soðinn
GOÐI
25% afsláttur við kassa
Goði grillborgarar 4 stk. m/brauði
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
frábært í ferðalagið
PEPSI
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 5. ágúst til 6. ágúst eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*




Þú sérð innihaldið!

AGA Gasol®

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas AGA

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:
*SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548
*SAUÐÁRKRÓKUR*: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626
*REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114
*ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349
*AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

BYKO ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

MAÐUR VIKUNNAR

# Traustur vinur á gráu svæði

ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON
VEITINGAMAÐUR

Ásgeir Þór Davíðsson, eigandi súlustaðarins Goldfinger, var plássfrekur í fréttum í byrjun vikunnar eftir að heimsókn hans til keppinautanna á nektardansstaðnum Bóhem lauk með því að sérsveit lögreglunnar færði hann í fangageymslur.

Sjálfum þótti Ásgeiri viðbúnaður lögreglunnar full mikill þótt hann hafi mætt góðglaður til að rukka eigendur Bóhem um húsaleigu sem hann telur þá skulda sér. Hann viðurkenndi þó fúslega, í viðtölum við fjölmiðla, að hann hefði gengið of langt og að heimsóknin hafi verið „fylleríisrugl.“

Ásgeir veitti sjónvarpsstöðinni NFS viðtal fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu um leið og honum var sleppt úr haldi og þykja þau viðbrögð hans lýsandi fyrir manninn en hann hefur alltaf verið ófeiminn við fjölmiðla, kemur til dyranna eins og hann er klæddur og svarar öllum spurningum með bros á vör.

Hann þykir oftast hafa vondan málstað að verja en tekst yfirleitt að snúa hlutunum upp í grín og ganga hnarreistur af velli eftir deilur við þá sem hafa horn í síðu hans og þeirrar starfsemi sem hann stendur fyrir.

Ásgeir þykir því býsna slyngur PR-maður. Fólk úr röðum andstæðinga hans viðurkennir að það sé erfitt að koma á hann höggi og í röðum fjölmiðlafólks er gantast með það að margur sprenglærður almannatengillinn gæti lært margt af káta kallinum í Kópavogi sem lætur aldrei reka sig á gat og snýr allri gagnrýni upp í grín.

Ásgeir Þór fæddist á Laugaveginum í Reykjavík fyrir 56 árum. Hann er sonur Önnu Pálsdóttur, húsmóður, og Davíðs Ágústs Guðmundssonar, byggingameistara. Foreldrar hans skildu þegar hann var tveggja ára og þá fluttist hann í Kópavoginn með móður sinni þar sem hann ólst upp. Hann gekk í barnaskóla í Kópavogi og stundaði síðar nám við Héraðsskólann á Laugarvatni.

Hann fór á sjóinn þrettán ára og var fyrst á gömlu Skjaldbreið hjá Ríkisskipum en kom síðan við á hinum ýmsu skipum þar til hann hóf matreiðslunám á Hótel Borg frá 1966 til 1969.

Hann var síðan bryti hjá Landhelgisgæslunni þangað til hann fór í land 1983 og haslaði sér völl í næturlífi Reykjavíkur með kaupum á Næturgrillinu. Hann stofnaði svo veitingastaðinn Skipperinn, rak síðan Hafnarkrána um skeið þar til hann breytti henni í súlustaðinn Maxim´s. Nektardansinn átti vel við hann og í framhaldinu opnaði hann súlustaðinn Goldfinger í iðnaðarhverfi Kópavogs. Þegar borgaryfirvöld hertu takið



á súlustöðunum sá hann sér þann kost vænstan að loka Maxim´s og einbeita sér að rekstri Goldfinger sem er fyrir löngu orðinn nafntogaðasti ef ekki alræmdasti nektardansstaður landsins.

Ásgeir er jafnan kenndur við súlustaði sína og er í daglegu tali jafnan kallaður Geiri Maxim´s eða Geiri á Goldfinger en hjá ættingjum, vinum og kunningjum er hann bara Geiri.

Vinir Geira og ættingjar lýsa honum sem miklu gæðablóði með stórt hjarta. Hann er sagður traustur vinur vina sinna og í meira lagi ættrækinn en blóðböndin eru honum heilög. Þeir sem eru í náðinni hjá Geira fara því fæstir bónleiðir til búðar og þeir sem hafa þurft á honum að halda segja hann ætíð fyrstan til að rétta hjálparhönd.

Gott dæmi um þessa hlið súlukóngsins umdeilda er umhyggja hans fyrir viðskiptavinum sínum á Skippernum og Hafnarkránni. Lífið hafði leikið marga fastakúnna hans þar grátt og þegar hart var í ári hjá þeim átti Geiri það til að safna saman dreggjum næturinnar af borðum staðanna og gauka brjóstbirtunni að þeim áður en hann skutlaði þeim heim.

Þótt þeir sem standi Geira nærri ausi hann lofi er hann þó síður en svo allra. Starfsemi hans í Kópavoginum er þyrnir í augum margra sem telja sig geta sagt krassandi sögur af vafasömum viðskiptum hans. „Klámkóngurinn“ er bæði sagður „holdgervingur karlrembunnar“ og „sjálfskipaður talsmaður kvenfyrirlitningar“ þótt hann eigi það sjálfur til að lýsa sér sem femínista.

Náinn vinur Geira segir hann vissulega dansa á gráu svæði og leiðast það ekkert að fara fram á ystu nöf en fullyrðir að hann passi sig á að ganga aldrei of langt.

Geiri hefur í gegnum tíðina verið duglegur að láta fé af hendi rakna til góðgerðarmála og hefur meðal annars stutt dyggilega við íþróttafélög í Kópavoginum.

Andstæðingar hans telja þó víst að áhugi hans á góðgerðarmálum þjóni þeim tilgangi einum að bæta skuggalega ímynd hans á meðan þeir sem þekkja hann fullyrða að hugur fylgi máli.

Hvað sem því líður þá liggur það fyrir að ungmennafélagsandinn er Geira í blóð borinn og hann er gegnheill framsóknarmaður. Amma hans, Jakobína Ásgeirsdóttir, var hörð framsóknarkona og „mikill baktjaldamakkari innan flokksins,“ eins og einn viðmælenda Fréttablaðsins orðaði það. „Hann ólst því upp við það að Framsókn sé best og hefur aldrei hvikað frá því.“

Geiri á sjö börn og býr í Kópavoginum með Jaroslövu Davíðsson, eiginkonu sinni til níu ára, og sjö ára gamalli dóttur þeirra. „Hún er alveg frábær,“ sagði Geiri þegar hann lýsti eiginkonu sinni í Fréttablaðinu fyrir nokkrum árum. „Það er gott að ferðast með henni og hún er skapgóð ef ég geri ekkert af mér.“ Geiri er í hjarta sínu sagður mikill fjölskyldumaður og gerir lítið til að styggja frúna, þó að hann eigi það til að bregða undir sig betri fætinum þannig að eftir sé tekið eins og kom svo glögglega í ljós um helgina.

„Geiri er oftast rólegur heima og er fínn heimilisfaðir en þegar hann lyftir sér upp kaupir hann sér vodka og þrjá kassa af lítilli kók í gleri. Hann blandar aldrei í annað,“ segir vinur Geira sem hefur átt með honum margar góðar stundir í gegnum árin. „Svo fer hann og finnur sér einhverja til að drekka með og er alveg sama hverjir það eru svo lengi sem þeir eru skemmtilegir. Hann nennir ekki að drekka með leiðinlegu fólki.“ Samkvæmt þessu má því ætla að það hafi verið hress mannskapur sem gisti fangageymslur með honum um liðna helgi.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


MORRISSEY
Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006
Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is



Verslunarmannahelgi
30% afsláttur
Goða Gourmet lambalæri
20% afsláttur
1358 kr. kg
1698
Gourmet villikrydduð ofnsteik
30% afsláttur
1189
Mexíkó kryddaða svínakótilettur
Vestfirsk roðlaus ýsuflök 400gr
1439 kr/pk
20% afsláttur
20% afsláttur
KRÓNAN
Bitafiskur
Nizza 5teg.
79 kr/stk
St. Dalfour
appelsínumarmelaði bláberjasulta jarðaberjasulta
230 kr/stk
Clubs saltkex
79 kr/pk
Góu tvenna
319 kr/stk
ÆÐI BITAR
Coke + Maarud
399 kr/stk
E Finnson grillsósur
149 kr/stk
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
479 kr. pk 799
Móa grillaður kjúklingur 1/1 kaldur
30% afsláttur
Mexíkókryddað svínakjöt
Krónu ferskt lambalæri
30% afsláttur
1189 kr. kg 1699
Mexíkó kryddaður svínahnakki
kr. kg 1698
40% afsláttur
Krónan alltaf hagstæð!
Bökunarkartöflur í lausu
99 kr/kg
Náttúru frissie salat
199 kr/pk
Lúxus borgari
Goða kartöflusalat
198 kr/pk
Gulrætur litlar
169 kr/pk
598 kr. kg
2 Goða Lúxus hamborgarar með öllu
30% afsláttur
Goða sviðasulta
Krónu brauðsalöt
155 kr/stk
KRÓNUBRAUÐ
Krónubrauð
99 kr/stk
50% afsláttur útileguvörur
Alltaf tilboð alla daga

**Borgar veisla í haust**
í beinu flugi

**Barcelona**
í allt haust
frá 19.990 kr.
Flugsæti með sköttum,
m.v. 2 fyrir 1 tilboð
6. og 13. nóv. Netverð á mann.

**Prag**
í okt. og nóv.
frá 19.990 kr.
Flugsæti með sköttum.
m.v. 2 fyrir 1 tilboð
6. nóv. Netverð á mann.

**Búdapest**
allan október
frá 19.990 kr.
Flugsæti með sköttum,
m.v. 2 fyrir 1 tilboð
10. okt. Netverð á mann.

**Róm**
17. nóv.
frá 64.300 kr.
Flug, skattar og gisting
í tvíbýli á Hotel Archimede
í 4 nætur. Netverð á mann.

**Kraká**
í okt. og nóv.
frá 37.930 kr.
Flug, skattar og gisting í tvíbýli á
Hotel Eljot í 3 nætur 23. okt.
með 8.000 kr. afslætti.
Netverð á mann.

**Ljubljana**
27. okt.
frá 54.990 kr.
Flug, skattar og gisting í tvíbýli á
Hotel City í 4 nætur.
Netverð á mann.
Aukaflug

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is


# Augnablik sannleikans

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá njósnatunglum, Stubbi, Bangsímon og málaranum Miró. Einnig er fjallað um kvíða, mörgæsir, höfrunga, sæljón, harðfisk og kæstan hákarl og bænastund með leiðtoga stjórnarandstöðunnar í dómkirkjunni í Palma.*

Kæra Dagbók



*Þráinn Bertelsson skrifar*

**FÖSTUDAGUR, 28. JÚLÍ**

## NJÓSNATUNGL UM LOFT ÞÚ LÍÐUR ...

Það er nú meira hvað til er af fólkinu. Hér eru allra þjóða kvikindi, en þegar tímabil heilbrigðrar skynsemi hófst í Evrópu að loknum tveimur heimsstyrjöldum með stofnun Evrópusambandsins byrjaði friðsamleg keppni þýskrar og breskrar alþýðu um að leggja undir sig sólarstrendur. Þýskir ferðamenn eru í yfirgnæfandi meirihluta á Mæjorku, en Cala d'Or og víkurnar hérna á suðausturhorni eyjarinnar eru greinilega breskt yfirráðasvæði og veitingahúsin hafa Jórvíkurbúðing og smalabökur á matseðlinum.

Við fórum í strandferð og borðuðum kvöldmatinn um sólsetur, um níuleytið tók að skyggja. Össur og Birta kenndu okkur að greina gervitungl. Þau eru eins og daufar stjörnur og hreyfast yfir himinhvolfið með ógnarhraða. Þetta eru veðurtungl, sjónvarpstungl og njósnatungl. Hver veit nema íslenska öryggislögreglan verði búin að eignast sitt eigið njósnatungl næst þegar við komum hingað og geti vakað yfir því hvað Össur gerir þegar hann fer á ströndina í sumarfríinu sínu.



**LAUGARDAGUR, 29. JÚLÍ**

## STUBBUR OG BANGSÍMON

Sólveig skellti sér til Palma að skoða Miró-safnið og frílista sig. Gott fyrir hana að hvíla sig á barnabörnunum eina dagstund. Þau, einkum Litla-Sól, eru mun aðgangsharðari við ömmuna heldur en afann. Sérstaklega er sú litla lunkin að snúa ömmunni í kringum sig eins og skopparakringlu. Það er merkilegt að sjá hvernig svona ofurlítilli manneskju tekst það á viku sem mér hefur mistekist á 36 árum.

Ég fyrir mína parta er himinsæll að hafa gríslingana út af fyrir mig. Reyndar hefur maður ekki mikið af Andra að segja því að hann og fröken Ingveldur Össurardóttir eru eins og samloka og eyða deginum við sundlaugina frá morgni til kvölds. Ég fer í göngutúr með Litlu-Sól. Svo buslum við í lauginni. Því næst fáum við okkur hressingu og sú stutta fær sér fegurðarblund þegar ég hef lesið bæði söguna af Stubbi og Bangsímon. Stubbur er minn maður, ég las um hann þegar ég var stubbur sjálfur, en Bangsímon hefur mér aldrei þótt skemmtilegur.

**SUNNUDAGUR, 30. JÚLÍ**

## KALLAÐU ÞEGAR ÉG ER BÚIN!

Spaklegustu setningu ferðarinnar á Litla-Sól sem stjórnar afa sínum og ömmu mildilega en af mikilli festu. Frökenin þurfti að bregða sér á salerni en leit stranglega á ömmu sína og sagði: Kallaðu svo þegar ég er búin!

Í heildina er þetta afskaplega vellukkað frí. Við vorum á höttunum eftir að komast í sjó og sólskin með barnabörnin og það höfum við fengið. Það hefur verið býsna heitt, alveg upp undir 40° heitustu dagana og 26° til 30° á nóttinni.

Meðaltalshiti að undanförnu hefur verið fjórum gráðum hærri en í meðalári og hér sjá menn fram á að ferðamennska leggist af hér í júlí og ágúst ef um varanlega hitaaukningu er að ræða. Lönd sem bjóða upp á meðalhita nálægt 40° yfir hásumarið eiga ekki framtíð fyrir sér sem sólbaðsstaðir. Af þessu hafa Mallorca-búar nokkrar áhyggjur.

**MÁNUDAGUR, 31. JÚLÍ**

## TVÖFALT VERÐLAG

Hérna er tvöfalt verðlag. Í smáverslunum í námunda við ströndina er hægt að kaupa allar nauðþurftir - en á okurverði sem nálgast matvöruverðið heima. Hagsýnt fólk verslar í stórmarkaði í útjaðri bæjarins, þar er verðlag skynsamlegt, sennilega svipað því sem yrði á Íslandi ef við bærum einhvern tímann gæfu til að ganga í Evrópusambandið.

Ég vaknaði í morgun með gamalkunnan kvíðasting fyrir bringspölunum. En kvíði er fastagestur hjá okkur þunglyndissjúklingum. Í fyrstunni áttaði ég mig ekki á því hvaða erindi kvíðinn þóttist eiga við mig, því að hér leikur allt í lyndi, sólin skín og hvergi skýhnoðri á himni. Um síðir rann það þó upp fyrir mér að ég var farinn að kvíða heimferðinni. Það er nefnilega einkenni á okkur þunglyndis- og kvíðasjúklingum að við miklum allt fyrir okkur og jafnvel smæstu viðvik kalla yfir okkur lamandi kvíða.

Nú eru bara tveir heilir dagar eftir. Á fimmtudagsmorgun hefst heimferðin. Þá þurfum við að vakna í rauðabýtið.



**ÞRIÐJUDAGUR, 1. ÁGÚST**

## HÖFRUNGAR, SÆLJÓN OG MÖRGÆSIR

Það er hygginna manna háttur að geyma það besta þar til síðast. Í þeim anda höfum við geymt okkur að fara í sjávarlífssafnið. En í dag tókum við bílaleigubíl, heljarmikinn Fiat með díselvél, níu manna far. Það kostaði með bestu fáanlegri altryggingu 154 evrur og 60 cent.

Sjávardýrasafnið "Marineland" er kippkorn vestan við Palma. Þar var ákaflega gaman að sjá hversu hefur tekist að temja höfrunga og sæljón sem gerðu hinar furðulegustu kúnstir í fremur lítilli sundlaug.

Önnur sjávardýr stóðust varla samanburð við hámenntaða höfrunga og sprenglærð sæljón. Mörgæsirnar gáfu sig lítt að okkur og voru ákaflega rytjulegar enda stóð á spjaldi við mörgæsadeildina að þessir fuglar skipti um fjaðurham einu sinni á ári, það taki tvær, þrjár vikur og séu gæsirnar lítt til stórræða á meðan. Það vakti þó athygli okkar að þrátt fyrir að þessir fuglar baði sig oft á dag fylgir þeim mikil og sterk líkamslykt sem minnir helst á kæstan hákarl í miklum hita.

Miðað við þær miklu vinsældir sem þetta örlitla sjávardýrasafn virðist njóta má það furðu sæta að veglegu sjávarsafni skuli ekki hafa verið komið upp fyrir löngu í Reykjavík til að minna á tengsl Íslendinga við hafið. Einu fiskarnir sem ferðamenn á Íslandi fá að sjá eru harðfiskur og hákarl.

Eftir að hafa dáðst að höfrungahlaupinu í Marineland ókum við inn í þá fallegu borg Palma og skoðuðum dómkirkjuna miklu. Þar gerði leiðtogi stjórnarandstöðunnar bæn sína og ég bað fyrir Samfylkingunni; enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Síðan reikuðum við um þröng og svöl stræti þar til kvölda tók.

**MIÐVIKUDAGUR, 2. ÁGÚST**

## AUGNABLIK SANNLEIKANS

Ég er búinn að átta mig betur á kvíðanum. Það er ekki heimferðin sem ég kvíði fyrir heldur sú staðreynd að heima bíður mín síðasta vinnulotan við bókina sem ég er að skrifa. Hún heitir AUGNABLIK SANNLEIKANS og fjallar eins og nafnið bendir til um nokkur augnablik í mínu lífi. Ég er að vona að þetta verði glaðleg og skemmtileg bók þótt hún fjalli reyndar einkum um svo óskemmtilega hluti sem fíkn og þunglyndi. En það má hafa af öllu nokkurt gaman.

Talandi um bækur þá hef ég lesið svo marga reyfara að það kemur sjaldan fyrir núorðið að ég rekist á slíkar bækur sem megna að veita mér sanna lestrargleði. Össur lánaði mér þó eina slíka sem ég kláraði í nótt og heitir KALLARINN og er eftir franskan höfund, Fred Vargas. Þessi bók var samfelld lestrarnautn frá upphafi til enda og furðulegt að hún skuli ekki hafa orðið margföld metsölubók á Íslandi.

Í dag er himinninn skýjaður. Sólskin annað veifið. Það hefur kólnað. Tími til kominn að kippa upp tjaldhælunum og halda heim á leið eftir velheppnað sumarfrí og horfast kvíðalaus í augu við verkefni dagsins - og Augnablik sannleikans.





# NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT!




**VEGGFÓÐUR.**

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

    

**NEIL ARMSTRONG**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1930**



*„Vísindin hafa ekki enn fullkomnað spár sínar, við spáum of mikið fyrir næsta ár en of lítið fyrir næstu tíu árin.“*

***Neil Armstrong var fyrstur mann til þess að stíga fæti á tunglið.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 5. ÁGÚST 1675

# *Brynjólfur biskup andast*

Eitt mesta stórmenni sautjándu aldar, Brynjólfur Sveinsson biskup, fæddist að Holti í Önundarfirði árið 1605. Brynjólfur hóf nám í latínuskólanum í Skálholti tólf ára gamall og var þar í sex ár. Árið 1924 sigldi Brynjólfur til Kaupmannahafnar, þar sem hann dvaldi í fimm ár og lagði stund á fornfræði, heimspeki og læknisfræði við góðan orðstír. Þegar hann sneri heim dvaldist hann í foreldrahúsum og las grísku en gekk erfiðlega að fá embætti við sitt hæfi. Hann fór því aftur til Kaupmannahafnar árið 1631 þar sem hann var gerður að konrektor við latínuskólann í Hróarskeldu. Danir kunnu vel að meta þennan fróða mann og árið 1633 öðlaðist hann magistersnafnsbót við háskólann í Kaupmannahöfn. Eftir sex ára starf í latínuskólanum var Brynjólfi veittur styrkur til þess að mennta sig frekar. Brynjólfur fór í stutta heimsókn til Íslands en á sama tíma lést biskupinn í Skálholti og var Brynjólfur þegar kosinn eftirmaður hans gegn vilja sínum. Hann reyndi að malda í móinn en konungur skipaði honum að taka við embættinu og því varð ekki aftur snúið.



Árið 1639 hóf Brynjólfur störf sem biskup og lét meðal annars reisa nýja kirkju og efldi Skálholtsskóla til muna. Árið eftir giftist hann Margréti Halldórsdóttur en af sjö börnum þeirra komust aðeins tvö á legg. Halldór sonur biskups lést 24 ára gamall á Englandi og dóttir hans, Ragnheiður, lést 22 ára eftir að hafa eignast barn með kennara sínum. Dóttursonur biskups, Daði, lést ellefu ára gamall og svo fór að þessi merki maður átti engan afkomanda þegar hann lést í Skálholti, sjötugur að aldri.

## MERKISATBURÐIR

**1100** Henry I var krýndur konungur á Englandi.

**1956** Hraundrangi, rúmlega þúsund metra klettatindur í Öxnadal, er klifinn í fyrsta sinn en hann var áður talinn ókleifur.

**1962** Nelson Mandela er settur í fangelsi og situr þar í tæp þrjátíu ár.

**1962** Marilyn Monroe finnst látin á heimili sínu í Los Angeles.

**1963** Bandaríkin, Sovétríkin og Bretland skrifa undir samning um bann á kjarnorkutilraunum.

**1985** Kertum var fleytt á Reykjavíkurtjörn til þess að minnast þess að fjörutíu ár voru liðin frá því að kjarnorkusprengju var varpað á japönsku borgina Hiroshima.

## AFMÆLI



**Rósa Ingólfsdóttir** leikkona er 59 ára.



**Björn Ingi Hrafnsson** borgarfulltrúi er 33 ára.



**Óðinn Jónsson** fréttamaður er 48 ára.



**Sverrir Þór Sverrisson** (Sveppi) er 29 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

## ÚTFARIR

**14.00** Svava Júlíusdóttir, Hrauntúni 1, Breiðdalsvík, áður til heimilis að Núpi, verður jarðsungin frá Heydalakirkju, Breiðdal.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Karólína Aðalsteinsdóttir**

Eiðistorgi 1, Seltjarnarnesi,

sem lést 26. júlí, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 8. ágúst kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Sveinbjörn Snædal Gíslason**
**Ragna Sveinbjörnsdóttir**
**Edda Sveinbjörnsdóttir** **Guðni Þ. Sigurmundsson**
**Valur Sveinbjörnsson** **Benchamat Susi**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


*Fróðleikur af gardur.is*



**“Drottning leiksviðsins á Íslandi”:**

***Stefanía Guðmundsdóttir***

Stefanía Anna Guðmundsdóttir var fædd í Reykjavík 29. júní 1876, dóttir Guðmundar Jónssonar trésmiðs og k.h. Önnu Stefánsd. frá Viðvík. Missti móður sína ung, og faðir hennar fluttist til Vesturheims. Ólst svo upp með frænku sinni á Seyðisfirði, í Rvík frá 1889. Lauk þar barna- og Kvennaskólanámi. 1883 lék hún sitt fyrsta hlutverk. Vann skjótt hugi og hjörtu Reykvíkinga. Kynnti sér leiklist í Khöfn 1904–5 og 1914. Meðal aðalstofnenda Leikfél. Rvíkur 1897, lék þar fjölda vandasamra hlutverka, mörg af fágætri snilld. Þorsteinn Erlingsson kvað leiklistina á Íslandi "landnám Stefaníu." 25 ára leikafmælis hennar var hátíðlega minnzt. Dvaldist árlangt í N-Ameríku í boði V-Íslendinga 1920–21, lék þá í 7 leikritum í fjölda leiksýninga víða. Lék í kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar 1919. Rak dansskóla. Veitti tilsögn í framsögn og sviðsframkomu. Form. LR einn vetur. Varð sjálf kveikjan að stofnun Leikfél. Akureyrar. Á hátindi ferils síns veiktist hún og lézt á 50. aldursári á sjúkrahúsi í Khöfn 16. jan. 1926. Fór útförin fram með viðhöfn í Dómkirkjunni. Tveir sjóðir voru stofnaðir til minningar um hana. Ævisaga hennar, Leyndarmál frú Stefaníu e. Jón Viðar Jónsson, kom út 1997. – M.h. (1896): Borgþór Jósefsson, bæjargjaldkeri í Rvík. Áttu sjö börn (ættarnafn: Borg), og fengust mörg við leiklist; frægust varð Anna Borg-Reumert í Khöfn.

**Stefanía hvílir í leiði nr. 6 á svæði E6 í Hólavallagarði, sjá nánar á www.gardur.is**

Meira um hana á gardur.is

gardur.is

**Hægt er að setja inn æviágrip látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.**


SIGURÐUR A. MAGNÚSSON: FÉKK HEIÐURSORÐU GRÍSKA LÝÐVELDISINS

# Íslendingar og Grikkir líkir

Grikklandsforseti, Karolos Papoulias, kom til Íslands á dögunum og við það tækifæri var Sigurði A. Magnússyni, rithöfundi, þýðanda og ferðamálafrömuði, veitt heiðursorða gríska lýðveldisins.

„Mér var bara sent þetta í bíl, það kom hingað svartklæddur maður í svörtum bíl og sagðist vera með eitthvað frá forsetanum og rétti mér bara orðuna og það var engin serimonía eða neitt í kringum það. Ég fékk nú orðu fyrir fimmtíu árum, þá var það kóngurinn en nú er þetta viðurkenningarorða lýðveldisins í staðinn fyrir konungsdæmisins,“ segir Sigurður en kóngurinn var settur af árið 1973 og síðan þá hefur ríkt lýðveldi í Grikklandi.

„Ég fór nú ekki með ferðamannahóp í sumar, aldrei þessu vant, en ég fór til Aþos sem er mjög sérkennilegur staður og ég er að skrifa bók um hann sem kemur út núna í haust. Þetta er fornt munkalýðveldi þar sem ekkert kvenkyns hefur komið inn fyrir landamærin í yfir þúsund ár, nema flugur og fuglar,“ segir Sigurður en hann kom síðast til þessa ríkis fyrir rúmum fimmtíu og fjórum árum. „Þetta er mjög sérkennilegt ríki og var eins og að ganga inn í miðaldir í gamla daga en núna eru þeir búnir að fá vegi og bíla og nú keyra munkarnir á litlum rútum fyrir ferðamenn og þeir hafa fengið rafmagn og síma en útvarp og sjónvarp er bannað,“ segir Sigurður og bætir við að þetta sé nær nútímanum en það var fyrir fimmtíu árum.

Sigurður segir að um tvö þúsund munkar búi í Aþos og þar séu tuttugu stór klaustur. „Þessi tuttugu klaustur eiga einn fulltrúa hvert á ríkisþinginu og úr þessum tuttugu manna hópi er kosin ríkisstjórn árlega sem í sitja fjórir munkar,“ segir Sigurður og bætir við að til þess að ríkisstjórnin geti afgreitt mál þurfi allir ráðherrarnir að vera sammála.

Sigurður hefur heimsótt Grikkland í fimmtíu og fimm ár og dvalið þar mikið í gegnum tíðina. Aðspurður hvað hafi heillað hann á sínum tíma við Grikkland segir hann það hafa verið loftslagið, landslagið og fólkið. „Landslagið er svo ótrúlega líkt Íslandi, svona frekar hrjóstrugt og mikið af fjöllum, mjög litríkt og lítið af trjám og mér fannst ég bara vera kominn heim þegar ég steig á land þarna í fyrsta sinn,“ segir Sigurður. „Svo kunni ég alveg einstaklega vel við Grikki, mér finnst þeir vera líkastir okkur af öllum þjóðum sem ég hef kynnst. Svo náttúrulega fellur maður fyrir afrekum þeirra, það hefur engin þjóð í heiminum skilað öðru eins til mannkynsins, ég held að allt sem máli skiptir í heiminum, nema vélar, sé frá Grikkjum komið,“ segir Sigurður en hann telur margt líkt með sögu og menningu Íslendinga og Grikkja.



**SIGURÐUR A. MAGNÚSSON** Ný bók eftir Sigurð um munkríkið Aþos kemur út í haust en ásamt því að rita bækur um Grikkland hefur hann þýtt grísk verk yfir á íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR.

**gudrun@frettabladid.is**

# Fataiðnaður á Akureyri

Á Iðnaðarsafninu á Akureyri hefur verið opnuð sumarsýning þar sem sýndur er fata- og skóiðnaður á Akureyri á síðustu öld. Guðrún María Kristinsdóttir, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, segir að vélvæddur iðnaður hafi byrjað um aldamótin 1900 þegar settar voru upp tóvélar en þær mörkuðu upphaf ullariðnaðarins. Í framhaldinu var sett upp ullarverksmiðjan Gefjun og fataiðnaður hóf göngu sína fyrir alvöru. Guðrún segir að skinnaverkun hafi komið snemma og úr skinnunum voru saumaðir skór og föt.

„Þarna er sagt frá þessum elstu fyrirtækjum og sýndar vörurnar sem þar voru framleiddar, fatnaður, hanskar og skór frá þessu tímabili. Þetta er framleiðsla sem var landsfræg og var síðan líka flutt til útlanda,“ segir Guðrún og minnist sérstaklega á mokkafötin sem framleidd voru á Akureyri.



**IÐNAÐARSAFNIÐ Á AKUREYRI**

Á morgun verður ókeypis aðgangur að Iðnaðarsafninu en það hefur verið starfandi í átta ár.





# Skemmtu þér vel um helgina...

## ...en flýttu þér hægt heim

Það er alltaf opið í 10-11

10 11

...þegar þér hentar

www.10-11.is

# Ótrúlegt hvernig fólk sættir sig við þetta

**Helga Hauksdóttir,** 26 ára gömul íslensk stúlka, bjó í nágrenni Jenin á vesturbakka Jórdanar um níu mánaða skeið frá spetember í fyrra. Í samtali við *Sigurð Þór Salvarsson* segir hún frá kynnum sínum af lífi og kjörum Palestínumanna sem daglega búa við vopnað eftirlit ísraelska hersins.



**HELGA HAUKSDÓTTIR** Gæti alveg hugsað sér að fara aftur til búsetu í Palestínu.

Helga hefur búið í Bandaríkjunum meira og minna síðan 1989. Hún er menntaður fornleifafræðingur frá Boston University og þar kviknaði áhugi hennar á Austurlöndum nær. „Ég fór til Jórdaníu þegar ég var á þriðja ári í náminu til að vinna við fornleifauppgröft, og langaði mjög að fara aftur á þessar slóðir.“

### Frelsi af skornum skammti

Það varð svo úr að hún tók að sér enskukennslu í The Arab American University of Jenin í september í fyrra. Óhætt er að segja að þar hafi hún kynnst lífi sem var gjörólíkt því sem hún átti að venjast. Frelsi fólks var af mjög skornum skammti og það bjó dags daglega við áreiti og ógnir frá ísraelska hernum sem var stöðugt á stjái. „Daglegt líf fólks þarna var mjög erfitt og mér fannst í raun ótrúlegt hvernig fólk gat sætt sig við þetta. Í skólanum þar sem ég kenndi misstu nemendur til dæmis stundum af tímum vegna tafa við varðstöðvar hersins eða vegna útgöngubanns,“ segir hún.

Helga upplifði líka alvarlegri hluti en það að nemendur misstu af tímum. „Tvisvar kom það fyrir að nemendur mínir voru handteknir og annar þeirra kom reyndar aftur eftir nokkra daga en hinn sáum við aldrei aftur og ég veit ekkert hvað um hann varð.“

### Verkföll og mótmæli

Það ótrygga ástand sem fólk bjó við þarna og gerir eflaust enn setti mjög svip sinn á starfið í skólanum að sögn Helgu. „Það voru iðulega verkföll og mótmæli vegna þess að einhverjir liðsmenn Hamas-samtakanna, Islamic Jihad eða Fatah-hreyfingarinnar höfðu verið handteknir eða hreinlega drepnir.“



**HAMAS-LIÐAR GANGA FYLKTU LIÐI** Verkföll og mótmælagöngur eru tíðir viðburðir í Plaestínu sem viðbrögð við áreiti Ísraelsmanna.

Ástandið breyttist síðan mjög til hins verra eftir að Hamas vann kosningasigur í þingkosningum í Palestínu í janúar og refsiaðgerðir Ísraela í kjölfarið. „Foreldrar margra nemenda unnu til dæmis hjá hinu opinbera, og þeir fengu ekki laun sín greidd og gátu þar af leiðandi ekki greitt skólagjöld fyrir börnin sín. Svo bætti skólinn gráu ofan á svart þegar ákveðið var að hækka skólagjöldin í þriðja skipti á einu ári. Viðbrögð nemenda voru þau að fara í viku verkfall og það virkaði því skólinn dró hækkunina til baka.“



**VIÐ GRAFHÝSI ARAFATS** Nemendur Helgu Hauksdóttur við grafhýsi Yassers Arafat í Ramallah en grafhýsið er enn í byggingu.

### Mikil aðlögunarhæfni

Þrátt fyrir alla þá erfiðleika sem fólk á Vesturbakkanum bjó við segir Helga að því hafi tekist ótrúlega vel að laga sig að aðstæðum. „Fólk virtist alltaf finna einhverja leið til að leysa vandamálin. Til dæmis lögðu margir á sig 3-5 klukkutíma krókaleiðir til þess að komast framhjá varðstöðvum ísraelska hersins, vegna þess að það var aldrei hægt að vita hversu langan tíma það tæki að komast í gegnum þær. Stundum var fólk látið bíða þar klukkustundum saman út af engu, og var svo hleypt í gegn án nokkurra athugasemda.“

Helga segir þau samskipti sem hún átti við ísraelska hermenn við þessar varðstöðvar hafa verið misjöfn. „Sumir spurðu mann einhverra fáránlegra spurninga, aðallega til að gera mann taugaóstyrkan held ég, en það vandist fljótt. En yfirleitt voru þeir vingjarnlegir við mig, mun vingjarnlegri en við innfædda.“

### Fólk viðbúið hinu versta

Helga lætur betur af samskiptunum við Palestínumenn sem hún segir almennt hafa verið mjög góð. Hún segir fólk þarna almennt mjög gestrisið og vingjarnlegt þrátt fyrir skort á nauðsynjum og alla þá erfiðleika sem það býr við og þolinmæði þess óendanleg. „Fólk virtist einhvern veginn stilla sig inn á að vera viðbúið hinu versta, og þó svo að mér fyndist iðulega að það hefði enga stjórn á eigin lífi var ekki að sjá að það upplifði ástandið þannig sjálft.“





Þar segir Helga að trúin skipti miklu máli en margir arabar eru örlagatrúar og trúa að líf þeirra sé í raun í höndum Guðs og eiga því auðveldara með að taka því sem að höndum ber.

### Yfirgangur hersins

Grunnt er á því góða milli ísraelska hersins og Palestínumanna og sá Helga fjölmörg dæmi þessa þann tíma sem hún var í Jenin. „Herinn fór sínu fram og fólk gat til dæmis aldrei vitað hvenær hann bankaði upp á af einhverju tilefni.“ Hún nefnir dæmi sem hún þekkir til þar sem hermenn ruddust inn í hús í leit að einhverjum manni og þegar þeir fundu hann ekki skildu þeir húsið eftir nánst í rúst.

### Unga fólkið svartsýnt

Helga segir það hafa verið erfitt að upplifa þá svartsýni sem einkenndi framtíðarviðhorf unga fólksins sem hún var að kenna. „Þeim finnst þau enga framtíð eiga fyrir sér í Palestínu. Þau vilja flest fara til útlanda að læra, í löndum eins og Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Rússlandi til þess að reyna að gera framtíðina bjartari. Önnur eru sátt við að vera áfram í Palestínu.

### Samúð með Palestínumönnum

Helga segist hafa miklar áhyggjur af því sem nú er að gerast í Gaza og í Líbanon og vorkennir fólki á þessum svæðum sem hefur þurft að þola stríð og ófrelsi árum saman. „Ég er alltaf að reyna að finna sannleikann í þessum efnum, hver hefur rétt fyrir sér og hver rangt, en ég hef ekki ennþá fundið svarið. Ég hef mikla samúð með Palestínumönnum sem þjást undir ofurvaldi ísraelska hersins og ísraelsku ríkisstjórnarinnar, en ég er líka á móti því að ungir Palestínumenn sprengi sig í loft upp.“

Hún segist líta á slíkar aðgerðir sem sjálfselsku en viðurkennir um leið að hún geti ekki alveg sett sig í spor þessa fólks. „Ég veit ekki hvort það er örvænting, stolt, réttlætistilfinning eða hefndarhugur sem rekur menn til slíkra aðgerða að drepa sjálfa sig og fullt af saklausu fólki.

### Of harkaleg viðbrögð

Henni finnst sömuleiðis viðbrögð Ísraela gegn Hizbollah í Líbanon allt of harkaleg. „Mér finnst reyndar Hizbollah-hermennirnir sjálfselskir heiglar sem fela sig meðal venjulegs fólks í stað þess að berjast þar sem óbeyttir borgarar eru ekki í hættu. Aftur á móti finnst mér árásir Ísraela ekki í neinu samhengi við upphafið á þessum hildarleik. Ég stórskammast mín fyrir að vera í Bandaríkjunum núna vegna þess hvernig ríkisstjórnin hér hefur brugðist við, hvernig hún styður Ísrael að því er virðist gagnrýnislaust. Það er eins og dauði 500 manns skipti ekki svo miklu máli fyrir bandarísku ríkisstjórnina, það verður bara að „útrýma Hizbollah“. Ekki brást fólk svona við þegar ráðist var á tvíburaturnana í New York á sínum tíma,“ segir Helga Hauksdóttir og bætir því við að hún geti alveg hugsað sér að fara aftur til Palestínu.



**THE ARAB AMERICAN UNIVERSITY OF JENIN** Við þennan háskóla skammt utan við bæinn Jenin á Vesturbakkanum kenndi Helga Hauksdóttir um níu mánaða skeið frá september í fyrra til maíloka í ár.



# BT

# ofur vélin




**AFGREIÐSLUTÍMAR UM HELGINA**
Laugardagur opið í öllum BT verslunum
Sunnudagur opið í BT Skeifunni, BT Smárlind, BT Selfossi og BT Akureyri.
Mánudagur LOKAÐ

## TOSHIBA

PSAA9E-029013ED
TOSHIBA SATELLITE A100-163

Intel® Centrino® Duo Mobile T2300
front side bus : 667 MHz
Windows® XP Home Edition
standard : 1,024 (512+512) MB
maximum expandability : 4,096 MB
DDR2 RAM (533 MHz)
DVD Super Multi drive (Double Layer)
Mobility™ Radeon® X1400 /
28 MB + up to 128 MB
15.4 " Toshiba TruBrite® WXGA TFT display
1,280 x 800
Wi-Fi™ Wireless LAN (802.11a/b/g)
1 x DC-in / 1 x external monitor / 1 x RJ-11
1 x RJ-45 / 1 x TV-out (s-video)
1 x i.LINK® (IEEE 1394) / 1x mic
1 x headphone (stereo)
4 (Rear 2, Right 2) x USB 2.0
5 in 1 media slot




**Frábær vél**

**1GB DDR2 vinnsluminni (533 MHz)**
- vertu með fullt af gluggum opnum hikstalaust - allt að 4GB möguleg

**80GB S.M.A.R.T. harður diskur**
- pláss fyrir MP3 safnið og uppáhalds kvikmyndirnar
- SMART kerfið fylgist með disknum og varar þig við skemmdum

**Þráðlaust net 802.11a/b/g**
- allt að 54 Mbit/sek tenging um loftin blá

**Centrino Duo**
- 3. kynslóð af afkastamiklum en orkusparandi örgjörvum frá Intel
- tvöfaldur kjarninn eykur afköst og getu örgjörvans til að vinna mörg verkefni í einu

**Mobility Radon X1400**
- öflugt fartölvuskjákort
- spilaður nýjustu leikina þar sem þú vilt

**15,4" Trubrite ™ skjár**
- ótrúleg skerpa og dýpri svartur en þekk-ist hefur til þessa

**Vökvaþolið lyklaborð**
- loks er stresslaust hægt að fá sér rjúk-andi Cafe Latte yfir leiknum/skýrslunni

| 6.615 | 14.999 | 179.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

**2 bíómiðar FYLGIR**

**6.615****

# Canon EOS 350D

Canon

Frábær pakki fyrir ljósmyndaáhugafólk.
8 megapixla spegilvél og batterígrip fylgir sem auðveldar portret myndatöku. Tvær linsur fylgja svo að brunsviðið er orðið 18-200mm, en þá er maður fær í flestan sjó.

Taktu myndir á atvinnumannagræju, fáðu þér Canon EOS 350D með tveimur linsum og batterígripi í einum pakka.




| 9.999 | 119.988 |
|---|---|
| **Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

**9.999****

STARSound

TASKA OG STANDUR




**12.999**

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:UK-N6EAS06-A1
FSC AMILO A1650G

AMD Turion 64 ML32 1.8GHz
15.4" WXGA Widescreen TFT
-With CrystalView Technology
ATI Mobility Radeon X200 Graphics
1GB Vinnsluminni
100GB Harður diskur
DVD skrifari - Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP home edition
Microsoft Works 8




•Hreyfanleiki
•Afköst
•Frelsi

**2 bíómiðar FYLGIR**

**AMD turion 64 ML32**
- 64 bita háhraðaörgjörvi fyrir kröfuharðar fartölvur
- Windows Vista samhæfður

**Silent mode**
- ekki vera með hvínandi ryksugu fyrir framan þig í skólanum, vertu með tölvu frá Fujitsu Siemens sem býður upp á Silent mode

**15.4" WXGA Crystal View ™ skjár**
- hvítur er hvítari og ljósmyndir lifna við á skjánum
- með WXGA upplausn nýtist plássið betur og kvikmyndir eru í réttum hlutföllum

**Amilo A línan**
Amilo A vélarnar innihalda allt sem folk í dag gerir kröfu til, en eru engu að síður á viðráðanlegu verði. Þær eru hugsaðar sem fjölhæfar alhliða fartölvur.

**1GB vinnsluminni**
- vertu með fullt af gluggum opnum hikstalaust

**100GB harður diskur**
- pláss fyrir MP3 safnið og uppáhalds kvikmyndirnar

**Þráðlaust net 802.11a/b/g**
- allt að 54 Mbit/sek tenging um loftin blá

**5.207****

| 5.207 | 11.666 | 139.992 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

# Karlarígur í kvennabæli

Súlustaðirnir Goldfinger og Bóhem voru í brennidepli um síðustu helgi. Þá tók eigandi Goldfinger hús á kollegum sínum á Bóhem en heimsókninni lauk með afskiptum sérsveitar lögreglunnar og handtökum. Enn heitara var þó í kolunum fyrir áratug þegar „mafíustríð“ braust út milli nektardansstaðanna Bóhem og Vegas. *Þórarinn Þórarinsson* rifjar upp þær gömlu væringar.



**SÚLURNAR RÍSA** Árið 1996 skall klámbylgja á höfuðborginni þegar einokun Bóhem á nektardansi í Reykjavík var rofin.

Saga nektardans við gólffasta súlu er ekki ýkja löng á Íslandi og lengi vel sat búllan Bóhem við Vitastíg ein að þeim sem sóttust eftir slíkum fimleikum. Bóhem var frekar hrörlegur staður sem óx þó svo ásmegin að staðurinn var fluttur í stærra húsnæði við Grensásveg.

Árið 1996 var Dan Morgan, Kanadamaður sem hafði búið á Íslandi um árabil, ráðinn skemmtanastjóri á staðnum. Hann hafði unnið sem barþjónn í Reykjavík en reynsla af rekstri nektardansstaða í heimalandinu átti að gagnast honum til að „rífa staðinn upp“ eins og hann orðaði það í viðtali við DV í mars 1996.

### Paradísarmissir

Morgan hafði háar hugmyndir um rekstur Bóhem og í viðtalinu við DV sagði hann staðinn hafa verið „lastabæli“ en ekki skemmtistað áður en hann tók við honum. Morgan var þó ekki lengi í súluparadísinni þar sem honum sinnaðist við eigendur Bóhem. Hann hætti í framhaldinu í illu og Samúel Sveinsson, rúmlega tvítugur barþjónn á Bóhem, tók við starfi hans.

Morgan lagði strax drögin að stofnun nýs nektarstaðar, Vegas við Laugaveg, og var stríðshanskanum þá kastað. Það taldist til tíðinda að súlustaðirnir í Reykjavík væru orðnir tveir þó þeir hafi síðar orðið í það minnsta sjö þegar mest var.

Vikublaðið Helgarpósturinn gaf málinu því gaum og Morgan hafði varla opnað Vegas þegar hann og Samúel voru byrjaðir að munnhöggvast á síðum blaðsins.

### Rúðubrot, íkveikjutilraun og hótanir

Samúel sakaði Morgan um „ítrekaðar hótanir, rúðubrot, rógsherferð og annað slíkt athæfi til að knésetja rekstur Bóhem á ólöglegan hátt.“ Hann sagðist þó ekki hræðast hótanir Morgans og taldi víst að Vegas færi á hausinn á þremur mánuðum. „Þeir sem reka þennan Vegas-stað eru algerir tittir. Þeir hafa ítrekað hringt hingað og hótað mér öllu illu, og jafnvel brotið nokkrar rúður á staðnum. Um daginn hringdu þeir og spurðu hvort við fyndum ekki lykt af bensíni. Dyravörðurinn fór fram og fann þá bensínbrúsa sem búið var að hella úr yfir alla glugga. Einnig hef ég heyrt að þeir hafi verið að ljúga því, að ég sé að selja dóp hérna inni og koma óorði á mig á þann hátt. En allt það sem þeir gera okkur fá þeir borgað til baka. Þeir geta bókað það.“

### Athafnamaður, ekki trúður

Morgan svaraði fullum hálsi í HP og sagði ásakanirnar út í hött. „Ég hef aldrei talað við þennan Samúel. Ég er allt of upptekinn til að vera að leika barnalega leiki, eins og að hella bensíni yfir staðinn.“ Hann bætti við að hann ætlaði sér að ganga frá keppinautnum með löglegum hætti.

„Öfugt við þá, haga ég mér ekki eins og barnaskólakrakki. Ég er athafnamaður en ekki trúður.“

Morgan taldi sig eiga inni peninga hjá fyrrum vinnuveitendum sínum á Bóhem en þá sagðist hann ekki ætla að innheimta með ofbeldi. „Ég er nú að höfða mál gegn þeim. Við munum hrekja þá úr bransanum með löglegum hætti.“

Þá tók Morgan vitaskuld ekki undir hrakspár Samúels um að hann myndi fara á hausinn innan nokkura mánaða. „Vegas verður miklu huggulegri og hreinni staður en Bóhem ... Það verður ekkert dóp hér inni eða fullir dansarar – öfugt við það sem gerist á Bóhem. Ég hef löngu sannað, að ég er miklu betri í að reka svona stað en þessi Samúel, sem veit ekkert hvað hann er að gera. Við munum einfaldlega hafa þá undir í heiðarlegum viðskiptum.“

### Karlarígur snýst upp í ofbeldi

Orðaskak súlukónganna hafði ekki birst á prenti þegar Guðjón Sverrisson, eigandi Bóhem, var barinn til óbóta í hrottalegri árás tveggja grímuklæddra manna. Árásarmennirnir lumbruðu meðal annars á Guðjóni með járnröri þannig að hann lá eftir óvígur í blóði sínu og var fluttur á spítala með alvarlega áverka.

Eiríkur Bergmann Einarsson, blaðamaður HP, ræddi við Guðjón eftir árásina en atburðarásin var svo hröð þessa daga að orðaskak Samúels og Morgans birtist í sama tölublaði og fréttin um árásina.




**MAFÍUSTRÍÐIÐ** Forsvarsmenn Bóhem og Vegas tókust á á síðum Helgarpóstsins svo upp úr sauð og deilan endaði með vopnaskaki.

„Í átökunum náði ég að rífa grímuna af öðrum mannanna og sá þá að dyravörður sem ég þekki frá skemmtistaðnum Vegas, var þar að verki. Ég tel mig líka vita hver hinn maðurinn er, en þar sem ég náði ekki grímunni af honum vil ég ekki fullyrða um það að svo komnu máli.“

Morgan og dyravörðurinn voru færðir til yfirheyrslu en í samtali við HP lagði Dan meintum árásarmanni til fjarvistarsönnun; sagði hann hafa verið í heimsókn hjá sér þegar árásin var gerð.

„Þessi árás er alls ekki runnin undan mínum rifjum, enda þarf ég ekki að beita slíkum brögðum í samkeppninni. Ég held hins vegar að aðrir utanaðkomandi aðilar vilji með þessum aðferðum koma okkur báðum út úr rekstri og hirða markaðinn. Í fyrrakvöld fékk ég til að mynda nafnlausa upphringingu þar sem mér var tjáð að það ætti að ganga frá mér. Ég er nú með nokkra menn í að kanna hvað gerðist og ég mun komast að því hverjir börðu Guðjón.“

### Mafíustríð?

Súludeilan náði hámarki með árásinni á Guðjón og þó Morgan hafi svarið af sér allar sakir var þeirri spurningu varpað fram í fyrirsögn í HP hvort „mafíustríð“ væri háð milli nektardansstaða.

Núningurinn milli Morgans og Guðjóns byrjaði á meðan sá fyrrnefndi starfaði enn á Bóhem. Þá enduðu deilurnar með handalögmálum og brottrekstri Dans. Dramatískri atburðarásinni var lýst með þessum orðum í HP:

„Dyravörður, sem þá starfaði á Bóhem en starfar nú hjá Vegas, segir að Guðjón hafi þá komið með fjölda manns og tekið staðinn yfir. Hjá Bóhem fengust þær skýringar að Dan Morgan hefði hirt staðinn ólöglega af Guðjóni og hent honum út. Guðjón hefði neyðst til að bregðast við á þennan hátt. Í kjölfar þessara atburða fór Dan að leita fyrir sér með að opna nýjan stað og opnaði þannig nektardansstaðinn Vegas um seinustu helgi.“

### Vopnahlé

Bófahasarinn sem hófst á síðum HP og var svo snarpur að nánast öll atburðarásin komst fyrir í einu tölublaði fjaraði svo út í blaðinu viku síðar þegar Morgan dró í land.

Þá sagði hann allar hugmyndir um „mafíustríð“ byggðar á misskilningi þó togstreitan milli hans og Guðjóns hafi vissulega stigmagnast og endað með hótunum og látum.

„Mörg miður fögur orð voru látin falla í þessum deilum – en þau voru mikið til innihaldslaus. Við fórum síðan nokkrum sinnum inn á Bóhem til að reyna að rukka peninga sem við teljum að Guðjón skuldi okkur. En þetta fór allt friðsamlega fram. Við höfum ekki gert neinum neitt – nema með orðum.“

Þá hafnaði Morgan því að hann og Guðjón hefðu barist um yfirráðin á Bóhem. Hann sagðist þó vel skilja að deilan hefði komið fólki fyrir sjónir sem klíkustríð. „Þetta leit út eins og alger geðveiki á milli okkar, en þegar öllu er á botninn hvolft voru þetta bara innantóm orð og hugsunarlausar hótanir sem engin meining var í. Þetta gekk svona í nokkurn tíma og fólk sem stóð fyrir utan hélt náttúrlega að þetta væri eitthvert geðveikt glæponastríð.“

### Herfanginu dreift um alla borg

Morgan sjálfur sat þó ekki lengi á friðarstóli þar sem honum sinnaðist skömmu síðar við meðeigendur sína á Vegas. Hann gekk á dyr með öllu starfsfólki staðarins og erlendu dansmeyjarnar sneru heim frekar ósáttar við viðskipti sín við íslenska súlukónga.

Væringar síðustu helgar jafnast ekki á við „sjö daga stríðið“ á íslenskum strippvígvelli, sem var þó aðeins gert upp sem karlagrobb og stormur í vatnsglasi. Í ljósi þess sem síðar gerðist hefði þó mátt ætla að súlumarkaðurinn væri þess virði að berjast fyrir þar sem strípiklúbbarnir í Reykjavík urðu í það minnsta ekki færri en átta þegar leikar stóðu sem hæst og teygðu sig allt frá Austurstræti og upp á Grensásveg. ■




## Hættulegir hálfvitar



**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON** Fékk það hlutskipti að skrásetja hraða atburðarás „mafíustríðs“ súlukónganna í Reykjavík á síðum HP. Æsingurinn í köppunum var slíkur að á tímabili leist honum ekkert á blikuna.

„Þetta var rosalegur tími og mér leið eins og ég hefði dregist inn í mafíustarfsemi á borð við þá sem átti sér stað í Chicago á fjórða áratugnum,“ segir Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur, sem var blaðamaður á Helgarpóstinum þegar „mafíustríð“ eigenda Bóhem og Vegas skall á með tilheyrandi ofbeldi og hótunum. Orðaskak súlukónganna fór meira og minna fram á síðum HP og það kom í hlut Eiríks að skrásetja ósköpin. Þó langt sé um liðið er málið Eiríki þó enn ferskt í minni enda í meira lagi dramatískt.

„Ég var með þessa menn í símanum dag eftir dag, enda fór deilan meira og minna fram á síðum blaðsins, og ég var orðinn hálf hræddur undir það síðasta. Ég var með lítið barn hjá dagmömmu og bað hana í lengstu lög um að láta ekki nokkurn mann koma nálægt barninu.“

Eiríkur segist ekki muna svo gjörla hvernig hann dróst inn í málið en minnir að það hafi lent hjá honum fyrir tilviljun eftir umfjöllun HP um opnun Vegas. „Deilan stigmagnaðist og endaði svo með þessari líkamsárás,“ segir Eiríkur, sem átti „skúbbið“ skuldlaust, en DV kom inn í málið eftir líkamsárásina á Guðjón og upplausnina í hópi eigenda Vegas.

„Ég gerði ekkert annað en að sinna þessu máli í mánuð. Þessir menn gengust upp í þessum hlutverkum sínum og ég man að einn þeirra gekk um í fráhnepptum skyrtum með tilheyrandi krögum. Fötum sem eru einna helst tengd melludólgum í Bandaríkjunum. Þeir voru algerir hálfvitar allir saman og slíkir menn eru hættulegastir.“ ■

## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR ]

**Sala** bíla heldur áfram að aukast í Danmörku. Þó hafa nokkrar bílategundir, sérstaklega kóreskar, látið undan síga á fyrri helmingi ársins.



**Ferðafélag Íslands** vígði á dögunum nýja brú skammt neðan við Hagavatn. Brúin opnar á ný leið við suðursporð Langjökuls en fyrri brýr hafa skolast burt vegna jökulflóða og snjóþunga. Brúin er tuttugu metrar á lengd og það breið að hún ætti að vera fær mönnum, vélsleðum og jafnvel hestum sé varlega farið.

**Á vefsíðunni** www.utivera.is er nú hægt að velja bestu forsíður tímaritsins Útiveru.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 5. ágúst, 217. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.46 | 13.34 | 22.19 |
| Akureyri | 4.16 | 13.18 | 22.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sigurður segir að draumabíllinn sinn sé Ferrari F40.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Metið er 700 hestöfl

***Sigurður Sören Guðjónsson byrjaði að laga og auka kraftinn í skellinöðru sinni þegar hann var fimmtán ára. Hann hefur ekki hætt síðan.***

Sigurður vinnur fyrir Mótorstillingu í Garðabæ en fyrirtækið sérhæfir sig í amerískum bílum og svokölluðum tjúningum á hverskonar bílum. Með tjúningum er átt við þá list að auka afl bíla með ýmsu móti. „Við opnum púströrið og eigum við loftinntakið, við stækkum bensínspíssa, setjum tölvukubba í vélarnar sem auka þrýstinginn, setjum stærri túrbínur í bíla og margt fleira,“ segir Sigurður.

Síðustu tvö ár hefur ásókn í tjúningar stóraukist og fjölgar þeim bílum stöðugt sem átt hefur verið við á götum landsins. Tjúning er ekki á allra færi en hún getur verið dýr. „Það fer allt eftir því hversu langt menn ganga en það er alveg hægt að eyða nokkrum milljónum ef maður missir sig í þessu,“ segir Sigurður.

Engin takmörk eru fyrir því hérlendis hversu kraftmiklir bílar mega vera en kraftmesti bíllinn sem Sigurður hefur tjúnað er 700 hestafla Corvetta. „Í rauninni eru það bara hvarfakútarnir og hávaðatakmarkanir sem setja okkur mörk,“ segir Sigurður. Sjálfkrafa vaknar sú spurning hvað ökumaður hafi við öll þessi hestöfl að gera. Þegar krafturinn er orðinn svo mikil taka önnur lögmál í taumana og skemmst er að minnast þegar átta fílefldir karlmenn tóku á við 700 hestafla Benz í breska bílaþættinum Top Gear. Mennirnir unnu reipitogið. Átta mannsöfl vógu meira en 700 tryllt hestar vegna þess að veggripið náði engan veginn að skila þessum 700 hestöflum í skriðþunga.

Sjálfur á Sigurður Nissan 300 Zx árgerð 1993. Eins og lög gera ráð fyrir er hann mikið breyttur. „Hann er 400 hestafla túrbóbíll með tölvustýringu sem tengd er við fartölvu,“ segir Sigurður, sem meðal annars hefur keppt í kvartmílu á bílnum.

*tryggvi@frettabladid.is*



Magnús Kristinsson, eigandi fyrirtækisins, var viðstaddur þegar Sigurður Stefánsson ráðgjafi afhenti Önnu J. Kristinsdóttur bifreiðina.

## Yaris var það, heillin

Fjögurþúsundasti Toyota-bíllinn sem seldur var á árinu var fimm dyra Yaris.

Í lok júlí seldi Toyota á Íslandi fjögurþúsundasta bílinn á árinu. Bíllinn er fimm dyra Yaris 1,3 með MM skiptingu og nýr eigandi hans er Anna J. Kristinsdóttir. Af þessu tilefni var henni færður blómvöndur, auk ferðar fyrir tvo til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu.

Árið 2005, sem var metár í sölu á nýjum bílum hjá Toyota, fór salan í fyrsta sinn yfir 4.000 bíla og var því marki þá náð í október. Salan það sem af er ári 2006 hefur því greinilega verið einstaklega góð og samkvæmt fréttum frá fyrirtækinu hafa viðtökur við nýjum gerðum sem kynntar hafa verið á árinu verið góðar.




**Pakkið vandlega í skottið** áður en lagt er af stað í ferðalagið. Það fer illa með farangurinn að vera á fleygiferð í skottinu og ekki gott að fá þungan hlut í hausinn ef stansa þarf snögglega.



# Berlingo valinn bestur

***Citroën Berlingo var valinn besti bíllinn í flokki smærri sendibíla í árlegri verðlaunaafhendingu ástralska bílablaðsins Delivery.***

Delivery er sérhæft tímarit sem fjallar um sendibíla og því hefur ritstjórn þess einstaka þekkingu á þessum vettvangi. Því er ávallt fylgst mjög vel með útnefningu blaðsins á bestu sendibílunum.

„Á markaðnum fyrir smærri sendibíla, þar sem verð skiptir mjög miklu máli, teljum við að mjög góð kaup séu í Citroën Berlingo,“ segir Chris Mullett, ritstjóri Delivery. „Þessi bíll stenst keppinautunum snúning hvað varðar öll mikilvægustu atriðin en er mun ódýrari. Þar með var hann útnefndur sigurvegari í þessum flokki.“

Citroën Berlingo þykir rúmgóður, með þrjú þúsund lítra flutningsrými og 800 kg burðargetu, auk þess að vera þægilegur fyrir bílstjóra, bæði í akstri og hleðslu.



Citroën Berlingo var valinn besti litli sendibíllinn af áströlsku sendibílablaði.

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð
SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu varahluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com
... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

ALTERNATORAR OG STARTARAR
í fólksbíla, jeppa, vörubíla, vinnuvélar og bátavélar.
Á lager og hraðsendingar.
Yfir 40 ára reynsla.
Valeo UMBOÐIÐ
BÍLARAF Auðbrekku 20 s.564 0400

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



Glæsilegur bátur í Snarfarahöfninni. Verð á slíkum báti er um 20-30 milljónir króna.

# Ekki bara fyrir auðmenn

***Vinsældir hraðbáta hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár. Félag sportbátaeigenda í Reykjavík, Snarfari, er ört stækkandi félagsskapur sem hefur byggt upp góða aðstöðu í samnefndri höfn við Naustavog. Fyrir tíu árum var höfnin hálftóm en nú er hún yfirfull og biðlistar að myndast.***

Kolviður Helgason er varaformaður Snarfara og stendur hann einnig að fyrirtækinu Bátavík, sem flytur inn hraðbáta. „Félagsskapurinn hérna er þrjátíu ára gamall, hann var á sínum tíma stofnaður af áhugamönnum um sportsiglingar en hefur síðan þróast mikið. Í dag eru klúbbmeðlimir um 300 talsins. Aðstaðan hérna hefur verið byggð upp af meðlimum,“ segir hann og bætir því við að engin skilyrði séu um hvernig báta meðlimir séu með. „Sumir hérna eru með trillur og halda því bara þannig og svo eru aðrir sem eru með stóra báta sem kosta allt upp í þrjátíu milljónir króna. Þá erum við líka að tala um fljótandi sumarbústað með káettum, klósetti, sturtu og eldhúskrók. Á slíkum bátum getur maður líka farið þangað sem manni dettur í hug. Við sigldum á fjórum sólarhringum frá Noregi hingað til Íslands. Úti á miðju Atlantshafi fór ég í sturtu á 27 mílna hraða,“ segir Kolviður og hlær.



Kolviður Helgason og Halldór Bachman eru miklir áhugamenn um sportbáta.



Snarfarahöfnin er full af bátum af öllum stærðum og gerðum.

Halldór Bachman, meðlimur í Snarfara, segir að fólk þurfi ekki að vera sérstaklega ríkt til þess að eiga sportbát. „Það eru allur verðflokkar hérna,“ segir hann og skimar yfir höfnina. „Sumir minni bátarnir kosta ekki nema um 500 þúsund krónur og það eru fínir bátar. Þeir duga auk þess sérstaklega vel fyrir þá sem ætla að leika sér á vötnum og stunda einhvers konar vatnasport.“

Kolviður segist mæla með því að fólk byrji á minni bátum. „Ég byrjaði á litlum bát fyrir mörgum árum síðan og svo hef ég verið að stækka við mig jafnt og þétt. Menn læra auk þess mjög mikið á því að sigla á svona litlum bátum. Það þarf heldur ekkert próf á báta sem eru minni en sex fet.“

Þeir Halldór og Kolviður vilja hvorugur meina að hraðbátamenningin sé sérstaklega fyrir auðmenn. „Eflaust eru einhverjir sem eiga báta hérna sem teljast til auðmanna, en við erum ekkert að velta okkur upp úr því, það geta allir sem vilja fundið sér bát við sitt hæfi og farið að sigla,“ útskýra þeir. „Það er einnig orðið töluvert algengt að fólk á besta aldri sem á sínum tíma byggði sér 300 fermetra einbýlishús sé að láta þetta frá sér þegar krakkarnir eru uppkomnir, það er ekki að bíða eftir því að verða hálfdautt heldur breytir lífsmynstri sínu og eignasamsetningu. Fólk fer í minna húsnæði og kaupir sér kannski flottan bát í staðinn. Síðan eru þeir sem byggja sér ekki sumarbústað heldur kaupa sér bát í staðinn,“ segja þeir að lokum.



Innanborðs í sportbát sem þeir Kolviður og Halldór fluttu inn. Í bátnum er gott svefnpláss, sturta, klósett og eldhús.



Glæsilegur sportbátur af dýrari gerð í Snarfarahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

valgeir@frettabladid.is



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Malbikum það bara

Við og við skýtur upp hugmyndum eða áróðri þess efnis að gera eigi hálendið aðgengilegra fyrir almenning. Núverandi ástand sé engan veginn viðunandi þar sem enn finnist vegslóðar á eyjunni okkar fögru sem ekki eru malbikaðir.

Margir lærðir og lesnir menn hafa tekið upp hanskann fyrir malbikunarsinna og er skemmst að minnast þingmannsins sem leist illa á að þurfa að kaupa sér sjö milljón króna jeppa til að skoða landið sitt. Reyndar er enn styttra síðan háskólakennari lýsti því yfir að mismunun fælist í því að ekki væri hægt að keyra alla merkta slóða á smábíl. Hann púaði og fussaði á rök um ágangsstýringu og taldi dæmi um trjárunna í Texas vera næga sönnun þess að þjóðgarðar almennt þyldu yfir 300.000 gesti á ári. Og hananú!

Nú verður það að viðurkennast að ég er hvorki sérlega lærður né lesinn. Hinsvegar er ég svoítið genginn og sæmilega keyrður. Og það er akkúrat sú reynsla mín, en ekki þjóðgarðar í Texas, sem gera mig fráhverfan hugmyndum um malbikað hálendið. Þetta er nefnilega smá vítahringur. Maður getur eiginlega ekki skilið hálendið, og hversu viðkvæmt það er, fyrr en maður hefur heimsótt það nokkrum sinnum. Séð með eigin augum áhrif ágangs og gestagangs.

Ég veit reyndar ekki alveg hver meðalhitinn í Texas er, en mig grunar að hann sé ögn hærri en í Landmannalaugum (-1°), þar sem gróðurþekja er gríðarlega viðkvæm og mjög lengi að ná sér á strik eftir skemmdir.

# STÓRAR EIGNARLÓÐIR FYRIR FRÍSTUNDARBYGGÐ Í LANDI KÍLHRAUNS Í SKEIÐA- OG GNJÚPVERJAHREPPI.

ÆGIFAGUR FJALLAHRINGUR BLASIR VIÐ AF LANDINU SEM ER ALLT GRÓIÐ OG KJÖRIÐ TIL ÁFRAMHALDANDI RÆKTUNAR . BYGGJA MÁ ALLT AÐ 200 FM HÚS Á HVERRI LÓÐ AUK 25 FM GEYMSLU EÐA GESTAHÚS.







## FRÁBÆR STAÐSETNING

Kílhraun er einungis um 65 km frá Reykjavík (Rauðavatni). Frístundarbyggðin er skammt frá Selfossi og í næsta nágrenni við margar af helstu náttúruperlum landsins ss. Þingvelli, Laugarvatn, Kerið, Gullfoss og Geysi. Fjölbreytt afþreying er í boði í nágrenni svæðisins og má þar nefna golfvelli, sundlaugar, veiðisvæði, en alla þjónustu má nálgast á Selfossi sem er aðeins í 13 mín. fjarlægð frá svæðinu.

## LEIÐIN

Ekið er í gegnum Selfoss í um 10 mín og þá beygt til vinstri inn á þjóðveg nr. 30. Þaðan er ekið í 3 mínútur og þá blasir auglýsingaskilti við á vinstri hönd.

## EINSTÖK NÁTTÚRUFEGURÐ

Landið er allt gróið og er það um 50 metra yfir sjávarmáli. Landið er nokkuð flatlent með hrauni og er því frábært útsýni. Í miðju landsins er skógrækt Árnesingafélagsins, með minnisvarða um Áshildarmýrarsamþykkt frá 1496. Lítill lækur liðast í gegnum landið og kemur hann úr uppsprettum undan hrauninu. Á honum er hlaðin steinbrú frá 19 öld. Landið hentar einstaklega vel til trjáræktar og er rétt að benda á 13 ára gamla skógrækt á landamörkunum í landi Merkurlautar, með 3 metra háum trjám.

## ÖLL AÐSTAÐA Í BOÐI

Á svæðinu í heild hafa verið skipulagðar 88 frístundarlóðir frá 5.500 fm til 11.600 fm að stærð og eru þær allar eignarlóðir. Vegir verða komnir að lóðamörkum og landið allt afgirt. Á svæðinu verður aðgangur að rafmagni, köldu vatni og háhraða internettengingu.



## VERÐ OG GREIÐSLUKJÖR

Lögð var sérstök áhersla á að bjóða lóðirnar til sölu á góðu verði og er það með því allra besta sem gerist á þessu svæði. Möguleiki er á 50 % láni frá seljanda til 10 ára með 6,5 % vöxtum. **Verð frá 1,2 millj. - 3,2 millj.**

## SÖLUAÐILI

Sölumenn hjá Fasteignasölunni Höfða veita allar nánari upplýsingar um lóðirnar í síma 565 8000. Einnig er hægt að senda tölvupóst á hofdi@hofdi.is

# SJÓNARHORN



Fáir staðir á landinu jafnast á við Goðaland í Þórsmörk. Þar er náttúrufegurðin engu lík eins og þessi ferðalangur fékk að kynnast.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## EYJAN: VIÐEY

Viðey er eyja í Kollafirði rétt utan við Reykjavík. Hún er 1,7 ferkílómetrar að flatarmáli og rís hæst 32 metra yfir sjávarmál.
Búið var í eyjunni fljótlega eftir landnám en klaustur var stofnað þar árið 1225 og stóð til 1550.
Þá var rekið þar bú frá Bessastöðum og síðar holdsveikraspítali. Hið myndarlega hús sem stendur á eynni reisti Skúli Magnússon fógeti um miðja átjándu öld. Árið 1817 keypti Magnús Stephensen konferenzráð eyjuna og rak þar búskap og stofnaði prentsmiðju.
Um tíma var stunduð frá eynni mikil útgerð og fiskvinnsla og myndaðist myndarlegt þorp. Það fór í eyði 1943 en árið 1986 eignaðist Reykjavíkurborg Viðey.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smá-auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Einstakt enskunámskeið
Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



• Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
• Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
• Vinnubók með enska og íslenska textanum
• Taska undir diskana
• Áheyrnarpróf í lok náms
Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið
Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

KOLAPORTIÐ
OPIÐ
Í dag og sunnudag kl. 11-17
Lokað mánudag
Nýjar kartöflur
Gullauga og Premier

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hversu gamall er elsti peningur á Íslandi?

Elsti peningur sem fundist hefur á Íslandi – svo ekki verði brigður bornar á – er rómverskur koparpeningur sem sleginn var í borginni Cyzicus í Litlu-Asíu á árunum 270-75 e. Kr. Hann fannst í húsarústum á Bragðavöllum í Hamarsfirði árið 1933. Árið 1905 hafði fundist þar annar rómverskur peningur, lítillega yngri, frá 276-82 e. Kr., sem sleginn var í Róm. Í hvorugt skiptið var gerð nein fornleifarannsókn á staðnum þannig að erfitt er að segja mikið um af hverju þessir peningar lágu þarna. Af öðrum gripum sem fundust á Bragðavöllum má þó ætla að rústirnar séu miklu yngri en peningarnir, frá víkingaöld eða síðar.

**Peningar frá 3. öld e. Kr.**
Fyrrnefndir peningar eru kallaðir Antoníníanusar og hafa tveir aðrir peningar af þeirri gerð fundist hér. Annar fannst á víðavangi í Hvaldal í Álftafirði – um 25 kílómetra frá Bragðavöllum – og hinn í húsarústum frá víkingaöld í Hvítárholti í Hrunamannahreppi. Sá síðarnefndi er lítið yngri en sá elsti, sleginn á árunum 275-76 e. Kr. en Hvaldalspeningurinn var sleginn í Róm á árunum 285-305 e. Kr.



**GÖMUL MYNT** Rómversk mynt sem fannst á Bragðavöllum og í Hvaldal. Ljósmyndari: Ívar Brynjólfsson. Mynd í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

**Óvissa um enn eldri peninga**
Ennþá eldri eru tveir rómverskir koparpeningar, kallaðir Dupondíusar, en hins vegar er ekki allt með felldu um tilkomu þeirra. Annar fannst við uppgröft á bæjarleifum frá 18. öld á Arnarhóli í Reykjavík og er sá frá 244-49 e. Kr. Hinn fannst við jarðrask í Skansinum í Vestmannaeyjum, mannvirki frá 17. öld og síðar, og er hann frá 260-90 e. Kr. Óvissa ríkir um fundaratvik þeirra og því ekki hægt að útiloka að þeir hafi komið hingað á seinni öldum eða jafnvel að þeim hafi verið laumað í uppgröftinn til að hrekkja fornleifafræðinga. Vegna þessara efasemda breyta þeir ekki röðinni sem hér er lýst.

**Peningar Rómverja, Papa eða víkinga?**
Jafnvel þó að Dupondíusarnir séu undanskyldir er það mjög einkennilegt að hér hafa fundist að minnsta kosti fjórir rómverskir peningar frá því um 300 e. Kr. – rúmum 500 árum áður en fólk fór að setjast að á Íslandi. Fræðimönnum hefur orðið mjög tíðrætt um þessa peninga og hefur verið stungið upp á að þeir sýni að Rómverjar hafi komið hingað, að peningarnir hafi komið með Pöpum eða að þeir hafi komið með norrænum mönnum á víkingaöld.

**Verðlitlir peningar eftir fall Rómaveldis**
Antoníníanusarnir eru koparpeningar með örlitlu silfri blönduðu í. Eftir að Rómaveldi leið undir lok hafa þeir ekkert verðgildi haft umfram verð málmsins. Öfugt við hreina silfurpeninga hefur því verið lítil ástæða fyrir seinni tíma menn að halda þeim til haga og því frekar ólíklegt að Papar eða víkingar hefðu viljað ásælast þá. Hins vegar voru peningar af þessum sláttum fátíðir í norðvesturhluta Rómaveldis um árið 300, og mælir það gegn þeirri hugmynd að þeir hafi borist hingað með skipbrotsmönnum frá Bretlandseyjum – sem annars væri vel innan marka þess mögulega.

**Allir úr sama sjóðnum?**
Það er því veruleg ráðgáta hvernig þessir peningar bárust hingað. Hugsanlegt er að þeir séu allir upphaflega úr sama sjóðnum sem hefur verið glutrað niður í Álftafirði eða Hamarsfirði. Hvort þar var á ferð skipreika Rómverji með götótta pyngju um 300 e. Kr. eða gamall víkingur sem hafði eignast peningana á ferðum um Suðurlönd á 10. öld er hins vegar ómögulegt að segja. Einhvern áhuga hafa þessir peningar vakið á 10. öld úr því að einn þeirra barst alla leið austur í Hreppa og má vera að þeir hafi á þeim tíma verið 'curiosum' – skrýtnir hlutir – sem menn varðveittu af því að þeim þóttu þeir merkilegir.

**Silfurpeningar frá víkingaöld**
Á víkingaöld barst hingað til lands talsvert af silfurmynt. Stakir peningar hafa fundist í heiðnum gröfum og húsarústum en einnig í silfursjóðum. Sumir af þessum peningnum koma frá Austurlöndum en aðrir voru slegnir í Norður-Evrópu. Þessir peningar höfðu hér ekki annað verðgildi en verð málmsins sem þeir voru búnir til úr og voru stundum notaðir sem skartgripir.

**Vöruskipti frekar en peningar**
Eftir víkingaöld bar mjög lítið á mynt á Íslandi fyrr en eftir siðaskipti. Peningar bárust þó hingað og kunna að hafa verið notaðir í viðskiptum en hagkerfið var ekki háð þeim og sést það best á því að á verslunarstaðnum á Gásum við Eyjafjörð hefur ekki fundist einn einasti peningur þrátt fyrir umfangsmiklar fornleifarannsóknir á leifum frá 14. öld. Bendir það sterklega til að verslunin hafi fyrst og fremst farið fram með vöruskiptum.

**Peningahagkerfi kemst á**
Þetta breyttist smátt og smátt á 17. og 18. öld en peningahagkerfi, þar sem sjálfstæður gjaldmiðill er undirstaða viðskipta, komst ekki á hér á landi fyrr en undir lok 19. aldar en íslenska krónan var tekin upp árið 1873.

*Orri Vésteinsson, lektor í fornleifafræði við Háskóla Íslands*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvaða hjátrú er til um rauðhærða og annað rautt, hvað þýðir „gráð" í veðurfréttunum, getur maður átt tígrisdýr sem gæludýr og ef svo er væri hægt að treysta þeim, hver var Napóleon Bónaparte og hvað gerði hann svona merkan, getið þið sannað Goldbach-tilgátuna, hvers vegna drekka Íslendingar svona illa, hvernig geta vísindamenn verið áreiðanlegir ef þeir breyta kenningum ár frá ári og hvar á landinu eru flestir selir og hvar er hægt að komast nálægt þeim í þeirra náttúrulega umhverfi? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.


NÝTT&FERSKARA
HÉR&NÚ




***Ágúst og Þorbjörg***
Ganga í það heilaga í Dómkirkjunni




***Katrín Hermannsdóttir***
Fljúgandi þula með kennaramenntun




***Tinna Alavis***
Heillast af einlægni og heiðarleika




KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA


Helgarsprengja í Nóatúni!
Sparaðu 1000 kr.
LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
2.498 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Úr Kjötborði Nóatúns
90 g
Ungnauta-hamborgarar
79 kr. stk.
25% afsláttur
SS BBQ GRÍSA PARTÍRIF
ELDSNÖGGT Á GRILLINU
898 kr. kg.
30% afsláttur
NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
1.609 kr. kg.
Þú sparar 700 kr. kg
NÓATÚNS LAMBALÆRI
ÞURRKRYDDAÐ
998 kr. kg.
NÓATÚNS SAMLOKUBRAUÐ
149 kr. pk.
CLUBS SALTKEX
150 G
79 kr. pk.
NÓA KÓKÓS BITAR
199 kr. pk.
NÓA BANANA-SPRENGJUR
189 kr. pk.
TSZZZ


Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Úr Kjötborði Nóatúns
Úr Fiskborði Nóatúns
25% afsláttur
MÓA KJÚKLINGABRINGUR
1.999 kr. kg
GRILLSPJÓT
NAUTAFILLET
MEÐ GRÆNMETI
598 kr. stk.
STÓRLÚÐUSTEIK
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINGU
1.498 kr. kg.
Úr Kjötborði Nóatúns
Náttúru salöt
Meðlæti
Að hætti kjötmeistara Nóatúns
GRÍSALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
2.798 kr. kg.
NÁTTÚRU SALÖT
Kjarngott meðlæti með grillsteikinni!
GRILLKARTÖFLUR MEÐ MOSARELLA OG BACONI
MAÍSKÓLFAR Á STÖNGLI
Nóatúns samlokur
30% afsláttur
5 á dag
ferskjur, vínber, perur og melónur
Sumarsælgæti fyrir fjölskylduna
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

# Fleiri konur fara á flug

Á undanförnum árum hefur konum í flugmannastétt fjölgað mjög. Ástæður þessarar aukningar eru af ýmsum toga en meginskýringin er sú að konur eru almennt óragari við að taka að sér störf sem lengst af hafa heyrt til karla. Blaðamaður Fréttablaðsins tók nokkrar konur sem starfa í fluggeiranum tali og spurði þær meðal annars um fjölgun kvenna í stéttinni og starfið almennt.

## Finnur ekki fyrir ofríki karlaveldisins

Ég fór í flugnám strax og ég hafði lokið stúdentsprófi og var í námi 1996-1998. Ég get ekki sagt með vissu hvers vegna eða hvenær ég ákvað að læra flug, ég held að þetta hafi blundað svona með mér. Félagi minn var að læra flug og hann ýtti mér eiginlega í fyrsta flugtímann og eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir Jóhanna Gylfadóttir, flugmaður hjá Icelandair. „Þetta er bæði kostnaðar- og tímafrekt nám og ég myndi segja að það væri nokkuð strembið.“

Jóhanna segir starfið mjög skemmtilegt og fjölbreytt. „Það er mjög krefjandi og krefst stöðugrar endurmenntunar og þjálfunar og því fylgir vissulega mikil ábyrgð. Það geta komið upp margvíslegar aðstæður á flugi og ekki síst þar sem við þurfum oft á tíðum að fljúga í erfiðum veðuraðstæðum eins og við þekkjum hér á Íslandi, sérstaklega á veturna.“

Jóhanna segir að ekki sé lengur hægt að tala um flugmannsstarfið sem karlastarf. „Konur eru mun stærra hlutfall af þeim sem læra í dag en fyrir um tíu árum. Skilgreining á því hvað eru karla- og kvennastörf á kannski ekki svo mikið við í dag og konur leita einfaldlega í þau störf sem þeim þykir áhugaverð. Icelandair réði sex konur í síðustu ráðningu og bæði Atlanta og Flugfélag Íslands hafa verið að ráða konur á undanförnum árum en fyrir ekki svo mörgum árum þóttu það tíðindi að verið væri að ráða konur í þessi störf.“

Jóhanna segist ekki hafa fundið fyrir ofríki karlaveldisins í sínu starfi. „Sem flugmaður hef ég aldrei fundið fyrir því, þvert á móti hefur mér verið mjög vel tekið og fundist frekar að menn séu mjög ánægðir með það að fá fleiri konur í hópinn,“ segir Jóhanna og bætir við: „Ég held að það sé ekkert að ímynd kvenna í flugstéttinni og fólk í dag treystir konum jafnt sem körlum til að stýra flugvélum, annað heyrir til undantekninga.“



**JÓHANNA GYLFADÓTTIR** Eftir sóló- og einkaflugmannsprófið tekur bóklega námið um það bil ár og eftir það taka fjórtán strembin próf. Að þeim loknum tekur verklegi þátturinn við og það getur tekið eitt til tvö ár að klára hann.



**RAKEL RÓS KRISTINSDÓTTIR** Rakel undirstrikar að hún hafi ekki átt í neinum erfiðleikum í starfi sínu sem kona. „Mér líður frekar eins og ég sé ein af strákunum þó það þýði ekki að ég þurfi að hætta að hegða mér eins og kona“.

## Ein af strákunum

Rakel Rós Kristinsdóttir lauk bæði bóklegu og verklegu flugnámi 2004 og krækti sér síðan í flugkennararéttindi ári síðar og hóf þá störf hjá Flugfélagi Íslands. Hún deilir því með viðmælendum sínum að hafa lengi dreymt um að vinna við flugið. „Ég hef alið þennan draum með mér frá fjögurra ára aldri þegar ég steig í fyrsta skipti um borð í flugvél. Frændi fósturföður míns var flugmaður og eitt sinn þegar hann flaug yfir sumarbústaðinn okkar varð ég staðráðin í að læra flug. Þá var ég aðeins ellefu ára gömul en hóf strax þá að safna fyrir náminu og skipuleggja hvað ég þyrfti að læra í skóla til að auðvelda mér framhaldið“.

Ferlistilfinningin sem fylgir því að fljúga um loftin blá er Rakel tíðrætt um eins og Halldísi Huldu. „Mér líður hreinlega vel svo lengi sem ég stend ekki á jörðinni,“ segir Rakel og hlær. Hún segir starfið ekki krefjandi heldur sé fremur um lífsstíl að ræða. „Hugtakið krefjandi er afstætt í þessu tilfelli. Ég hef það gaman af því að fljúga að ég gæti allt eins setið og lesið bók. Það er jafn krefjandi fyrir mér.“

Rakel segist sannarlega vör við að konum í flugnámi hafi fjölgað en minna sé um það í atvinnuflugi enn sem komið er. „Ástæða þessa tel ég helst vera að ef einstaklingur elskar ekki að vera í háloftunum getur hann hreinlega ekki staðist þær prófraunir sem ganga þarf í gegnum, til dæmis að hafa þolinmæði í að vera snauð í þrjú til fjögur ár á meðan á námi stendur.“

Rakel er sammála kvenkollegum sínum í þeim efnum að bætt staða kvenna í jafnréttismálum almennt sé meginorsök þess að konur flykkjast í flugnám. „Við verðum engu að síður að hafa það í huga að þó að hlutirnir hafi batnað til muna eru karlmenn enn í miklum meirihluta þegar kemur að atvinnumennsku í flugi. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn Íslands voru aðeins 28 konur í fyrra með atvinnuflugmannsskírteini af 341 skírteinum sem gefin voru út það ár. Því er enn töluvert langt í land en þróunin er engu að síður skref í rétta átt.“

Spurð um skoðun sína á þeim sögusögnum að sumir farþegar séu gripnir skelfingu þegar þeir heyri kvenmannsrödd staðfesta flughæð og skyggni í hátalara flugstjórnarklefans, segir hún það byggjast á vana. „Fólk fylltist jú líka undrun og vantrausti þegar karlmenn fóru að taka að sér heimilisstörf á sínum tíma. Það var eins og fólk héldi að karlmenn kynnu ekki að ala upp börn eða halda heimili. Þetta er svipað viðhorf og snýst allt um vana og fáfræði. Farþegar stökkva allavega ekki úr flugvélum ef þeir komast að því að tveir kvenflugmenn stjórni vélinni. Þetta er allt spurning um að venjast tilhugsuninni.“



**SARA HLÍN SIGURÐARDÓTTIR** *Hún segir að mörg fyrirtæki séu farin að leggja áherslu á sterka liðsheild í starfsmannastefnu sinni og það sé að skila sér í auknum hlut kvenna.*

# Heimurinn fyrir ofan skýin

Sara Hlín Sigurðardóttir er ein þeirra fimm kvenna sem ráðnar voru til Flugleiða í fyrra sem flugmenn. „Ég tók einkaflugmanninn með framhaldsskóla árið 1999 og byrjaði í atvinnuflugnámi að skóla loknum, haustið 2000. Bóklega atvinnuflugmannsnáminu lauk ég 2001 og verklega hlutanum ári síðar. Síðan fór ég í flugkennaranám haustið 2002 meðfram háskólanámi og starfaði sem flugkennari 2003-2004 með háskólanámi.“

Eins og kollegar hennar í fluginu ákvað Sara ung að árum að leggja flugið fyrir sig. „Ég ákvað að verða flugmaður þegar ég var lítil stelpa en ég man ekki af hverju. Kannski vegna þess að pabbi hafði mikinn áhuga á alls konar mótorsporti, þar á meðal flugi. Hann var aðeins í svifdrekaflugi og tók nokkra flugtíma fyrir einkaflugmann, en gekk aldrei lengra. Annars voru engir flugmenn í kringum mig og því lítið um fyrirmyndir á því sviði.“

Sara segir flugmannsstarfið samtímis heillandi og krefjandi. „Heimurinn fyrir ofan skýin er ólýsanlega fallegur og það er ekki amalegt að vera alltaf baðaður í sólskini í vinnunni. Ferðalögin heilla mig líka og vinnutíminn er þægilegur. Það að vita ekki hvaða vikudagur er og vera ekki föst í ákveðinni rútínu finnst mér frábært“. Sara segir starfið krefjandi fyrir þær sakir að veðrið geti verið með ýmsu móti og því krafist aukinnar einbeitingar. „Aðflug inn á nýja staði eða þar sem mikil umferð er geta líka verið erfið, sem og að koma inn á nýja staði sem eru ólíkir því sem við eigum að venjast. Flugmenn þurfa að geta brugðist fljótt við margvíslegum aðstæðum og vandamálum og þurfa oft að sýna mikla þolinmæði.“

Viðmót samstarfsfélaganna af hinu kyninu er einkar jákvætt, að sögn Söru. „Það er á undanhaldi á flestum vinnustöðum í dag að vera með karlrembustæla.“

Hún segist ekki hafa fundið fyrir því að farþegar treysti síður konu sem flugmanni en karlmanni. „Konur eru yfirleitt þekktar fyrir útsjónarsemi, nákvæm vinnubrögð og skynsemi, sem eru mikilvægir eiginleikar í starfinu. Stundum verð ég að vísu vör við að fólk horfir kannski meira á mig en karlkyns flugmennina í flugstöðinni en það er einungis af því það er óvant því að sjá konu í einkennisbúningi flugmanna. Ég held að farþegum finnist þeir alveg jafn öruggir í flugi þegar kona er við stjórnvölinn eins og þegar um karlmann er að ræða. Almennt held ég að farþegar treysti jafnvel konum betur. Ef einhverjir efast enn um ágæti kvenna sem flugmanna er ég sannfærð um að sama fólkið átti sig á því með tímanum að hér er aðeins um fordóma að ræða.“

**22 konur starfa sem flugmenn í dag,** samkvæmt Jóhannesi Bjarna Guðmundssyni, varaformanni Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Konurnar starfa hjá Air Atlanta, Flugfélagi Íslands, Flugskóla Íslands og Icelandair. Flestar starfa hjá Icelandair, um 5% flugmanna. Enn fleiri konur eru með atvinnuflugmannsskírteini eða 28 talsins, enda starfa þær ekki allar hjá stóru flugfélögunum eða almennt sem flugmenn. Jóhannes segir konum hafa fjölgað ört frá árinu 2002 samfara fjölgun starfandi flugmanna almennt.

# Ímynd flugkvenna góð

Halldís Hulda Hreinsdóttir hóf einkaflugmannsnám við Flugskóla Íslands árið 1999. Ári síðar byrjaði hún í bóklegu námi, sem gaf henni atvinnuflugmannsréttindi þremur árum síðar, og nýverið lauk hún flugkennaraprófi. Hún segir engan í fjölskyldu sinni hafa farið út í flug en sjálf hafi hún ætlað sér að verða flugmaður allt frá því hún var barn. „Ég var staðráðin í því að láta þennan draum verða að veruleika og það virðist vera að ganga eftir.“

Þegar talið berst að því hvað geri starfið heillandi segir Halldís Hulda það aðallega felast í frelsistilfinningunni sem fylgi því að svífa um loftin blá. „Það er rosalega góð tilfinning að finna þá tilfinningu frelsis sem gagntekur mann í háloftunum, en eins og með frelsi í almennum skilningi fylgir því ábyrgð. Flugið er mikið ábyrgðarstarf og það krefst gífurlegrar skipulagningar,“ bætir Halldís Hulda við.

Nýverið var Halldís Hulda ráðin sem flugkennari hjá Flugskóla Íslands og er að vonum í skýjunum vegna þessa. „Það kom mér skemmtilega á óvart að fá ráðningu sem flugkennari þar sem ég lauk sjálfu prófinu fyrir aðeins mánuði. Það verður mikil áskorun að kenna í fyrsta sinn og sérstaklega að samræma barnauppeldi og starfsframa, en ég á tvö lítil kríli.“

Hún segir ekki erfitt að fóta sig í starfinu sem kona enda þótt karlmenn séu enn í meirihluta. „Ég veit auðvitað ekki hvernig þetta er hjá stóru flugfélögunum þar sem ég er ekki komin í að vinna þar, enda byrjaði ég nýverið að vinna hjá Flugskóla Íslands. Altént held ég ekki að um ofríki karlmanna sé að ræða í þessum bransa, held að þeim finnist bara gott að fá fleiri konur. Karlremba er nú í flestum tilvikum einungis saklaust grín, en auðvitað er misjafnt hvernig henni er tekið.“



**HALLDÍS HULDA HREINSDÓTTIR** „Það er alveg klárt að konur í flugnámi eru fleiri núna en þegar ég byrjaði. Að mínu viti er engin ein ástæða fyrir þessari fjölgun kvenna í stéttinni því konur hafa almennt verið að sækja meira í störf sem einu sinni voru bara álitin fyrir karlmenn,“ segir Halldís Hulda.

Að sögn Halldísar Huldu hefur hún orðið vör við að margir treysta síður konu sem flugmanni en karli. „Það var eins og fólk tryði að sú athöfn að stýra flugvél krefðist einhverra sérstakra karllegra aflrauna. Fólk var bara óvant því að konur sitji i flugstjórnarsætinu og einhverjir farþegar hafa eflaust fengið hnút í magann þegar þeir heyrðu kvenmannsrödd tala úr flugstjórnarklefanum, fyrir einhverjum árum. Þetta er hins vegar breytt í dag, að ég tel. Alla vega heyri ég frekar talað um að fólk treysti konum betur en hitt.“ Hún segir ímynd kvenna í flugi almennt góða og að hún vaxi jafnt og þétt eftir því sem konum fjölgi í faginu.





**Varsjá**
**45.640** kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Novotel Centrum 21. september m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

**Dublin**
**53.400** kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Camden Court Hótel í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

**Luxemborg**
**57.960** kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Mercure Centre Gare 30. nóvember m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

**Madrid**
**58.070** kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Regina 5. október í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

**Lubljana**
**62.160** kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 3 nætur á Grand Hótel Union Garni 12., 19. október og 2. nóvember í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

**Róm**
**65.550** kr. á mann
Innifalið: Flug, gisting í 4 nætur á Hótel Jolly Leonardo 10. nóvember í 2ja manna herb. m/morgunverði, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn

Allt verð er netverð. Ef bókað er í síma eða á skrifstofu bætast 2.000 kr. við hverja bókun.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Lágmúla 4 • Sími 535 2100

120 1886 2006

## KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR

*f. 1962. Rithöfundur*



# ÞJÓÐ



Krónur trjánna lutu þungar af ávöxtum og litrík blóm gáfu augunum tilgang og líktust sum hver stjörnum. Grasið var grænt og mjúkt teppi sem engum hefði hugnast að leita að en hér var það komið. Ljúft undir fótum en trampandi skór hefðu farið hjá sér á grasinu á sama hátt og hettan sem böðull krýnir höfuð fórnarlambs með fer hjá sér. Og augu iljana hefðu kannski ekki þorað að opnast aftur eftir þvílíkt þramp í skóm á slíku grasi. Hér er huggulegt að vera, sagði Adam og tók í hönd Evu er röltu þau um fallega garðinn. Sá sem einu sinni byrjar að lifa getur ekki hætt, svaraði Eva og gat ekki hætt að njóta þess að hafa sjón og anda að sér sætum ilmi loftsins með hunangskeim. Feitir og pattaralegir fuglar flugu um himininn og sungu blítt. Þá birtist þeim lágvaxin kona og bar þeim kaffikönnu á bakka, tvo bolla. Settust þau niður og dreyptu á indælu kaffinu. Konan brosti og var það í fyrsta sinn að manneskja í heiminum brosti svo hvarf konan. En Eva vildi líka prófa að brosa og brosti. Adam líka. Að brosa þótti honum gaman þótt það skildi eftir sig óljóst tóm og með því móti hvarf Adam til Evu og Eva til hans. Níu mánuðum síðar ól Eva sveinbarn hvers þyngd var léttari en sýndist. Eða einsog fugl og næstum því einsog strá. Foreldrarnir skiptust á um að halda á barninu finnandi út hverju það líktist að halda á því en það var engu líkt og þó ekki. Einsog blómakrans, ský, pakki af vindi, poki af broskjöllum, vínflaska fléttuð saman úr laufi, íkorni, lækur.



GOTT FÓLK McCANN



# SAGA

Hugmyndirnar streymdu að og flæddu útfyrir bakka hugmyndanna. Gnóttin var svo mikil. Endalaust af berjum á trjánum. Endalaust af orðum sem runnu út fyrir varirnar sem þau lögðu stundum fingurna á tilað fá þögn. Þá gekk til þeirra fönguleg kona með útlit sem verðskuldaði athygli og fékkst hún tilað passa barnið og aðstoða parið við heimilishaldið, einnig sem Eva tók hana sér að ástkonu því hún hafði ríka þörf fyrir það. Þegar Adam sofnaði á kvöldin skröfuðu ástkonurnar lengi og kysstust í staðinn fyrir að borða snúða. Í stað snúða komu kossar í þessum fegurðar og frjósama garði.* Vel þótti Evu miskunnsamt á meðan hún hafði barn á brjósti að tala lengi nætur á milli brjóstagjafa og enda rökræðurnar á kossi. Adam var lukkulegur með nýju heimilisvinkonuna og tálgaði konunni hljóðfæri því hann sagði að þær hefðu ekki gott að því að tala svona mikið, þær yrðu líka að syngja og spila á hljóðfærið. Honum þótti náðugt að sofna við langar samræður um allt og ekkert og ennþá náðugra ef sungið var. Svona var lífið endalaust gaman í þessum dýrðar garði og Eva tálgaði hljóðfæri handa Adam og konan tálgaði hljóðfæri handa Evu. Svo spiluðu þau og sungu fyrir unga sveininn.

* **Kossar kvennanna eru taldir fyrirmyndir marenstoppana sem enn í dag fást í búðum. Marenstoppar eru þá afsteypur af kossunum úr Edensranni. Mörgum bakaranum þykir alltaf gaman að steypa þær. Seinni tíma afbrigði kossana eru svo kókosbollurnar. Þá er og sjálfur garðurinn fyrirmynd súpermarkaða nútímans og afkomendur A og E leitast við að endurgera garðinn inní fallegum byggingum sem verðskulda athygli. Einu sinni á ári fáum við starfsfólkið frí.**






Verslunarmenn
til hamingju með frídaginn

Á hverjum hátíðisdegi býður Landsbankinn listamanni
að deila með okkur hugrenningum sínum.
Kristín Ómarsdóttir á orð dagsins.

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

# Fullkomið sköpunarverk

Engin poppstarna hefur náð því að verða jafn mikil poppstjarna í eðli sínu og Morrissey sem leikur í Höllinni um næstu helgi. *Einar Logi Vignisson* bregður upp svipmynd af þversögninni sem meistarinn skapaði úr sjálfum sér.



Húlahopphringir voru einhver vinsælustu leikföng á frumbernskuárum rokksins og gjarnan dillað sér með þá við dúndrandi rokkundirspil. Þóttu menn æ leiknari sem þeir gátu bætt á sig fleiri hringjum. Segja má að poppsagan gangi í húlahopphringi, flestar poppstjörnur lifa af í mesta lagi einn sjö ára hring en aðrir ná að halda fleiri hringjum á lofti, mishátt. Einn slíkur er Morrissey, sem kemur til Íslands nú þegar hann hefur náð að bæta enn einum lífhring á sig og halda honum í hæðum sem jafnast á við það sem best lét í árdaga sólóferilsins og á velmektardögum The Smiths. Mikill þróttur hefur einkennt síðustu tvær plötur hans og hann er í sínu allra besta formi á tónleikaferðalaginu sem nú stendur yfir.

Morrissey hefur jafnan kallað á sterk viðbrögð og lofið sem hann hefur verið ausinn stundum vandræðalega mikið. Eftirfarandi er ekki oflof af heimasíðu einhvers brjálaðs aðdáenda heldur staðhæfingar sem birst hafa undangengin ár um Morrissey og fyrrum samsveitarmenn hans í The Smiths í breskum tónlistartímaritum: Einn mikilhæfasti textahöfundur poppsögunnar, á pari við Dylan og Cohen. Mesta breska textaskáldið ásamt Ray Davies og Lennon. Besta hljómsveit níunda áratugarins. Næstmerkasta sveit í sögu Breta, aðeins hinir goðsagnakenndu Bítlar fremri. Og listinn langt því frá tæmdur; Melody Maker telur plötuna The Queen Is Dead merkustu plötu allra tíma, fjandvinir Morrissey á NME völdu hann áhrifamesta popptónlistarmann allra tíma. Þrátt fyrir þessa sterku stöðu í hugum poppspekúlanta er Morrissey jafn mikil ráðgáta í hugum almennings nú og hann var þegar ævintýrið hófst fyrir tæpum aldarfjórðungi. Hér verður ferill Morrissey ekki rakinn enda verið rifjaður upp reglulega undanfarið. Beinum frekar sjónum okkar að verkunum sem hann hefur skilið eftir sig og fyrirbærinu Morrissey sem er einhver ólíklegasta poppstjarna sem um getur.

**Á jaðri iðnaðarins**

Morrissey sker sig mjög frá öðrum stórmennum áðurnefndra úrvalslista að tvennu leyti. Fyrir það fyrsta hefur hann hvað sem miklum skrifum tónlistarblaðanna líður jafnan haldið sig á útjaðri dægurmenningarinnar, fjarri aflvélum poppiðnaðarins, hefðbundinni umræðu og umfjöllun um poppstjörnur. Að auki hefur hann aldrei notið jafn almennrar hylli og flest stórmenni tónlistarsögunnar. Tíu sólóskífur og álíka margar Smiths-plötur hafa ekki dugað til að ná samanlagðri sölu

## Sálarangist og snilldartaktar á sólóferli

**Morrissey hefur sent frá sér tíu langplötur á sextán ára sólóferli sínum. *Skarphéðinn Guðmundsson* hefur fylgst grannt með útgáfunni allar götur síðan fyrsta sólóplatan leit dagsins ljós og staldrar hér við, vegur plöturnar og metur og greinir helstu hæðirnir og lægðirnar á þessum tíma.**




**„VIVA HATE“ (1988)** Halelúja! Kraftaverk gerðust enn. Eftir hinn ólýsanlega sára missi er Smiths gaf upp öndina reis hann aftur upp frá dauðum réttu ári síðar og sefaði sársauka dýrkenda sinna. Fyrsta sólóskífan sannaði tvennt; þrátt fyrir óumdeilda hæfileika lagahöfundar Smiths – Johnny Marr – þá undirstrikaði hún að hjartað og sálin í sveitinni, sjálfur snillingur hennar hafði verið söngvarinn og textahöfundurinn Morrissey. Hann hélt nefnilega sínu striki, sendi frá sér fleiri ódauðlega texta um sálarangist hins misskilda utangarðsmanns, og bætti þar um betur með því að læða að fyrrverandi félögum sínum eitruðum pillum.

**KILL UNCLE (1991)** Fyrsti bömmerinn á þá annars glæstum ferli. Í fyrsta sinn hafði þessi – að maður hélt – ósnertanlegi snillingur hrasað og villst rækilega af braut. Nýr meðhöfundur, Mark E. Nevin (sem gert hafði garðinn frægan sem lagahöfundur kolanámudjassaranna í Fairground Attraction), veitti honum óvelkominn og vafasaman liðstyrk í að vinda músíkkvæðinni sínu rækilega í kross og var hann nú farinn að syngja einhvers konar sveiflukennt rokkabillípopp.

**YOUR ARSENAL (1991)** Kraftaverk númer tvö. Ári eftir að Morrissey hafði nánast rústað ferlinum með einni plötu tókst honum að hrista af sér slenið, endurvekja tiltrú manna á sér og gefa út plötu sem gaf „Viva Hate“ lítið eftir – þökk sé nýjum meðhöfundum; ungum, ferskum og lítt sjóuðum gítaristum, Boz Boorer og Alain Whyte. Þeir virtust vita upp á hár hvernig færa ætti meiningar hins nýja vinnuveitanda síns í tóna og laglínur.




**BEETHOVEN WAS DEAF (1993)** Heldur dauf, andlítil og tilgangslaus upptaka frá Your Arsenal-tónleikaferðinni sem gaf síst til kynna hvernig Morrissey á að sér að vera á tónleikum þegar hann hann er í essinu sínu.

**VAUXHALL AND I (1994)** Einfaldlega sterkasta og heildstæðasta sólóplatan; einstaklega safaríkur ávöxtur af samstarfi hans við lagahöfundana Boorer og Whyte sem sjálfir sýndu á sér nýjar, mýkri og blæbrigðaríkari hliðar. Af öllum sólóplötum Morrisseys svipar þessari líka e.t.v. hvað mest til þess sem hann var að gera með Smiths – er sumpart óður til gömlu Smiths-áranna, án þess þó að apa þau upp með nokkru móti. Byrjendur í sóló-Morrissey; leitið ei lengra.




**SOUTHPAW GRAMMAR (1995)** Erfið plata. Ekki í þeim skilningi að hún sé eitthvað tormelt – þótt hún sé það vissulega í samanburði við aðrar plötur Morrisseys. Heldur er hún einfaldlega erfið. Erfiðir textar og langsóttir. Erfiðar og stefnulausar lagasmíðar og erfiðar útsetningar. Verst var svo næsta óhugnanleg aðdáun hans og daður við ofbeldi og aðrar myrkar hvatir og misgjörðir mannskepnunnar – sem erfitt var að kyngja.

**MALADJUSTED (1997)** Manninum leið klárlega ekki vel á seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar og greinilegasta birtingarmynd þess eru plöturnar tvær sem hann sendi frá sér á þeim árum. Árið 1997, er Malajusted kom út, má segja að hann hafi verið búinn að mála sig endanlega út í horn á heimaslóðum. Var karlinn endanlega búinn að missa það?

**YOU ARE THE QUARRY (2004)** Sjö árum eftir útkomu þunnildisins Maladjusted og eftir að hafa flust búferlum, haldið í útlegð vestur um haf alla leið til Los Angeles, gaf Morrissey út nýja plötu. Maðurinn hafði klárlega gengið í gegnum rækilega endurhæfingu, yfirbragð hans og tónlistarinnar allt orðið skýrara og skiljanlegra. Maður vissi orðið aftur hvar maður hefði karlinn og ekki leyndi sér að sjóndeildarhringurinn hafði víkkað, striginn var orðinn stærri, viðfangsefnin fleiri og fyrir vikið áhugaverðari. Nú var hann loksins í stöðu til að kýla Kanann kaldann fordómalaust og sjá heimahagana og æskustöðvarnar í nýju ljósi. Allt þetta hjálpaðist að við að gera plötuna að sannkölluðu „kommbakki“, skólabókardæmi um gamlan snilling sem kominn var aftur í gamla góða formið. Tónlistin markaði í sjálfu sér engar byltingarkenndar breytingar, enda er karlinn og hefur ætíð verið íhaldssamur í eðli sínu þegar að henni kemur. En hér var fókusinn einfaldlega orðinn mun skýrari og segja má að platan hafi þannig verið rökrétt og verðugt framhald Vauxhall and I. Ekki spillti heldur fyrir að karlinn var þegar hér var komið sögu aftur kominn í tísku – ef svo óviðeigandi mætti að orði komast. Smiths og Morrissey höfðu gegnt undarlega veigalitlu hlutverki í Britpop-bylgjunni sem öllu tröllreið á tíunda áratugnum og ekki bætti óstuð Morrisseys þar úr skák.




**LIVE AT EARLS COURT (2005)** Besta tónleikaplata sem Morrissey hefur komið að, bæði einn og með Smiths. Hér fær maður loksins svo gott sem beint í æð alla orkuna sem ennþá býr í þessum kynlega kvisti, þegar sá gállinn er á honum. Og platan gefur einnig góða mynd af tónleikadagskránni sem íslenskir eiga væntanlega í vændum; vel og haganlega samsett blanda af sterkustu lögum hans bæði frá sólóferli og Smiths-árum.




**RINGLEADER OF THE TORMENTORS (2006)** Staðfesting á hversu vel Morrissey er á sig kominn, sem tónlistarmaður – sem listamaður og persóna. Klárlega með bestu sólóskífunum. Þrátt fyrir að upptökustjórinn sé Tony Visconti, hinn goðsagnakenndi upptökustjóri Bowies, og hana prýði strengjaútsetningar eftir hið aldna ítalska kvikmyndatónskáld Ennio Morricone fer platan eins nærri því að teljast hefðbundin Morrissey-plata og hugsast getur – án þess þó að verða nokkurn tímann óþægilega fyrirsjáanleg. Uppfull af ekta Morrissey-lögum, sem við dýrkum öll og dáum svo taumlaust. Það sem meira er – og verður að teljast sérstaklegt ánægjuefni fyrir okkur sem ætlum okkur að berja loksins átrúnaðargoðið augum á íslensku tónleikasviði – er að nýju lögin eru flest einkar vel til lifandi flutnings fallin eins og sannaðist með margrómaðri framkomu hans á Hróarskelduhátíð fyrr í sumar.

# Morrissey

einnar meðal Bítlaplötu. Og þarf ekki að klífa á hæsta tind vinsældafjallsins til að skoða samanburðinn, jafnvel listamenn sem aldrei hafa platínuplötumenn verið eins og Dylan og Ray Davies drekkja Morrissey þegar bókhaldið er gert upp. Ofan á bætist að ráðsmenn spilunarlista útvarpsstöðvanna hafa jafnan sniðgengið Morrissey, tónlistin fellur ekki nógu ljúflega í neinn þægindaflokk, ekki nógu mikið rokk, ekki nógu glaðvært popp, ekki nógu gamalt og gott, ekki nógu eitíslegt. Útvarpsspilun undanfarinna vikna hér á landi er gott dæmi um þetta, þegar jafn frægur listamaður er á leiðinni mætti ætla að flestar útvarpsstöðvar færu í sparifötin en reyndin er sú að eina stöðin sem spilar tónlisti hans af einhverjum þrótti er netstöðin Nýbylgjan auk hefðbundinna smáskammta á Rás 2.

### Beðið eftir skandal

Morrissey er heldur ekki að finna á þeim síðum dagblaðanna sem við Íslendingar köllum gjarnan „fólk í fréttum". Það er einfaldlega aldrei neitt að frétta af Morrissey! Í það minnsta ekki af manninum sjálfum, fréttirnar einskorðast við tíðindi af plötugerð, tónleikaferðalögum og í einstaka tilfellum kaldhæðnum athugasemdum hans um kollega í stéttinni. Við vitum í raun lítið meira um persónulega hagi hans en hann upplýsir um í textunum. Slúðurdálkahöfundum til skapraunar hefur Akkilesarhæll poppstjörnunnar aldrei fundist á Morrissey. Ekki lent í eiturlyfja- eða kynlífshneyksli né hegðað sér á nokkurn áhugaverðan hátt fyrir papparassaljósmyndara. Í tuttugu ár hafa menn beðið eftir skandalnum eða stóru fréttinni, að sá gamli komi út úr skápnum eða sjáist þótt ekki væri nema kyssa aðra manneskju út á götu. En ekkert gerist. Persónulegasti textagerðarmaður poppsögunnar býður okkur að dansa með sér í gegnum það líf sem hann kynnir okkur í verkum sínum og fullyrðir að það líf sé tæmandi. Engan sannleika um sig sé að finna utan tónlistarinnar. Morrissey hefur þannig náð fullkomnum popplistamannsins, að vera sköpunarverk sjálfs síns og ekkert annað en sköpunarverkið.

### Viðtalsleikhúsið

Ein birtingarmynd þessa sjálfs eru leikverkin sem hann skrifar í viðtalsformi. Viðtöl við Morrissey eru alltaf áhugaverð, hann sér blaðamönnum ævinlega fyrir hressilegum fyrirsögnum. En Morrissey gætir þess að viðtölin snúist alltaf um persónuna sem hann hefur skapað og engum blaðamanni hefur hingað til tekist að toga neitt af viti upp úr honum um persónuna utan leiksviðsins. Morrissey telur hana ekki áhugaverða og samtalið gufar upp ef blaðamaðurinn er of ágengur. Frægt er nýlegt forsíðuviðtal blaðamannsins Paul Morley við Morrissey í tímaritinu Uncut. Morley hefur þekkt Morrissey í 30 ár og spyr hann áleitnari spurninga um einkahagi en öðrum blaðamönnum hefur leyfst. Morrissey víkur sér undan af gamalkunnugri fimi til að byrja með en blaðamaðurinn notar persónulegan kunningsskap til að færa sig nær og nær markmiði sínu, að fá Morrissey til að ræða í fullri alvöru við sig um persónulega hagi og „raunverulegar" skoðanir en ekki eingöngu þær sem birtast í textum og viðtölum. Tilraunin er dæmd til að mistakast, viðtalið verður æ óþægilegra eftir því sem á líður, ekki vegna þess að einhverjum viðkvæmum staðreyndum sé velt upp, heldur vegna þess að það er ekkert að hafa og sú staðreynd er í senn heillandi, pirrandi og sárgrætileg. Fiðrildið er gullfallegt en púpan ekki og rannsóknir á henni segja okkur ekkert um ástæður fegurðarinnar.

### Enskari en allt

Öll þessi glíma Morrissey við að brjótast úr hefðbundnu hlutverki poppstjörnunnar er þeim mun áhugaverðari fyrir þær sakir að engin poppstjarna hefur sýnt fyrirbærinu „poppstjarna" jafn mikinn áhuga. Enginn hefur lagt jafn mikið á sig til að verða poppstjarna og enginn hefur náð jafn mikilli leikni í því að vera ekkert nema poppstjarna. Áhugi hans á smástirnum sjöunda áratugarins jaðrar við þráhyggju. Kristallaðist með hvað afkáralegustum hætti á dögum The Smiths með samstarfi sveitarinnar við Sandie Shaw og eilífum tilhlaupum við minni háttar verk ólíklegustu söngdíva. Gekk fram úr hófi að mati Johnny Marr, sem þótti niðurlægjandi að sveitin skyldi eyða tíma í að flytja lög söngkonunnar Cillu Black. En trúmennska Morrissey við enska poppmenningu er eitt af því sem gerir hann svo heillandi, enskari en allt sem enskt er. Styrkleiki hans og veikleiki sem höfundar er í því falinn hversu djúpt hann nær inn í enska þjóðarsál. Styrkleiki að



**THE SMITHS** Þessi fornfræga hljómsveit Morrisseys eins og hún birtist aðdáendum sínum á þekktustu ljósmynd sem smellt hefur verið af henni.

því leyti að enginn hefur túlkað hana betur en veikleiki vegna þess að allar verstu dillur Englendinga eru inngrónar, t.a.m. samhygð með þeirri sérbresku drengjamenningu, „laddism", sem á sér margar skuggahliðar í skallabulluhætti og kynþáttahatri. Á þessu sviði hefur list Morrissey lagst hvað lægst og kom honum út úr húsi hjá bresku pressunni árum saman eftir útgáfu hins kjánalega lags The National Front Disco og órökvísra útskýringa á því lagi og forverum þess af sama meiði.

En nú er Morrissey sumsé kominn inn úr kuldanum og sú endurnýjun lífdaga sem hann hefur gengið í hefur aflað honum nýrra aðdáenda. Ennþá kveikir hann í einmana sálum og læknar þunglyndi með eina mögulega meðalinu; þunglyndinu sjálfu. Og skemmir partíið hjá gleðipoppurunum með reglulegu millibili. Gaman verður að sjá hvort Höllin verður að megninu til skipuð gömlum aðdáendum eða hvort íslenska krúttkynslóðin þarfnast líka lækningar við. Dásamlegur kaupauki ef hægt væri að toga eitthvað kaldhæðið út úr honum í Íslandsheimsókninni um t.d. Sigur Rós, Björk, hvalveiðar, litlu sætu lömbin sem við myrðum eða hvaðeina sem stingur í augun það sinnið. ■



# Morrissey

einnar meðal Bítlaplötu. Og þarf ekki að klífa á hæsta tind vinsældafjallsins til að skoða samanburðinn, jafnvel listamenn sem aldrei hafa platínuplötumenn verið eins og Dylan og Ray Davies drekkja Morrissey þegar bókhaldið er gert upp. Ofan á bætist að ráðsmenn spilunarlista útvarpsstöðvanna hafa jafnan sniðgengið Morrissey, tónlistin fellur ekki nógu ljúflega í neinn þægindaflokk, ekki nógu mikið rokk, ekki nógu glaðvært popp, ekki nógu gamalt og gott, ekki nógu eitíslegt. Útvarpsspilun undanfarinna vikna hér á landi er gott dæmi um þetta, þegar jafn frægur listamaður er á leiðinni mætti ætla að flestar útvarpsstöðvar færu í sparifötin en reyndin er sú að eina stöðin sem spilar tónlisti hans af einhverjum þrótti er netstöðin Nýbylgjan auk hefðbundinna smáskammta á Rás 2.

## Beðið eftir skandal

Morrissey er heldur ekki að finna á þeim síðum dagblaðanna sem við Íslendingar köllum gjarnan „fólk í fréttum“. Það er einfaldlega aldrei neitt að frétta af Morrissey! Í það minnsta ekki af manninum sjálfum, fréttirnar einskorðast við tíðindi af plötugerð, tónleikaferðalögum og í einstaka tilfellum kaldhæðnum athugasemdum hans um kollega í stéttinni. Við vitum í raun lítið meira um persónulega hagi hans en hann upplýsir um í textunum. Slúðurdálkahöfundum til skapraunar hefur Akkilesarhæll poppstjörnunnar aldrei fundist á Morrissey. Ekki lent í eiturlyfja- eða kynlífshneyksli né hegðað sér á nokkurn áhugaverðan hátt fyrir papparassaljósmyndara. Í tuttugu ár hafa menn beðið eftir skandalnum eða stóru fréttinni, að sá gamli komi út úr skápnum eða sjáist þótt ekki væri nema kyssa aðra manneskju út á götu. En ekkert gerist. Persónulegasti textagerðarmaður poppsögunnar býður okkur að dansa með sér í gegnum það líf sem hann kynnir okkur í verkum sínum og fullyrðir að það líf sé tæmandi. Engan sannleika um sig sé að finna utan tónlistarinnar. Morrissey hefur þannig náð fullkomnum popplistamannsins, að vera sköpunarverk sjálfs síns og ekkert annað en sköpunarverkið.

## Viðtalsleikhúsið

Ein birtingarmynd þessa sjálfs eru leikverkin sem hann skrifar í viðtalsformi. Viðtöl við Morrissey eru alltaf áhugaverð, hann sér blaðamönnum ævinlega fyrir hressilegum fyrirsögnum. En Morrissey gætir þess að viðtölin snúist alltaf um persónuna sem hann hefur skapað og engum blaðamanni hefur hingað til tekist að toga neitt af viti upp úr honum um persónuna utan leiksviðsins. Morrissey telur hana ekki áhugaverða og samtalið gufar upp ef blaðamaðurinn er of ágengur. Frægt er nýlegt forsíðuviðtal blaðamannsins Paul Morley við Morrissey í tímaritinu Uncut. Morley hefur þekkt Morrissey í 30 ár og spyr hann áleitnari spurninga um einkahagi en öðrum blaðamönnum hefur leyfst. Morrissey víkur sér undan af gamalkunnugri fimi til að byrja með en blaðamaðurinn notar persónulegan kunningsskap til að færa sig nær og nær markmiði sínu, að fá Morrissey til að ræða í fullri alvöru við sig um persónulega hagi og „raunverulegar“ skoðanir en ekki eingöngu þær sem birtast í textum og viðtölum. Tilraunin er dæmd til að mistakast, viðtalið verður æ óþægilegra eftir því sem á líður, ekki vegna þess að einhverjum viðkvæmum staðreyndum sé velt upp, heldur vegna þess að það er ekkert að hafa og sú staðreynd er í senn heillandi, pirrandi og sárgrætileg. Fiðrildið er gullfallegt en púpan ekki og rannsóknir á henni segja okkur ekkert um ástæður fegurðarinnar.

## Enskari en allt

Öll þessi glíma Morrissey við að brjótast úr hefðbundnu hlutverki poppstjörnunnar er þeim mun áhugaverðari fyrir þær sakir að engin poppstjarna hefur sýnt fyrirbærinu „poppstjarna“ jafn mikinn áhuga. Enginn hefur lagt jafn mikið á sig til að verða poppstjarna og enginn hefur náð jafn mikilli leikni í því að vera ekkert nema poppstjarna. Áhugi hans á smástirnum sjöunda áratugarins jaðrar við þráhyggju. Kristallaðist með hvað afkáralegustum hætti á dögum The Smiths með samstarfi sveitarinnar við Sandie Shaw og eilífum tilhlaupum við minni háttar verk ólíklegustu söngdíva. Gekk fram úr hófi að mati Johnny Marr, sem þótti niðurlægjandi að sveitin skyldi eyða tíma í að flytja lög söngkonunnar Cillu Black. En trúmennska Morrissey við enska poppmenningu er eitt af því sem gerir hann svo heillandi, enskari en allt sem enskt er. Styrkleiki hans og veikleiki sem höfundar er í því falinn hversu djúpt hann nær inn í enska þjóðarsál. Styrkleiki að



**THE SMITHS** Þessi fornfræga hljómsveit Morrisseys eins og hún birtist aðdáendum sínum á þekktustu ljósmynd sem smellt hefur verið af henni.

því leyti að enginn hefur túlkað hana betur en veikleiki vegna þess að allar verstu dillur Englendinga eru inngrónar, t.a.m. samhygð með þeirri sérbresku drengjamenningu, „laddism“, sem á sér margar skuggahliðar í skallabulluhætti og kynþáttahatri. Á þessu sviði hefur list Morrissey lagst hvað lægst og kom honum út úr húsi hjá bresku pressunni árum saman eftir útgáfu hins kjánalega lags The National Front Disco og órökvísra útskýringa á því lagi og forverum þess af sama meiði.

En nú er Morrissey sumsé kominn inn úr kuldanum og sú endurnýjun lífdaga sem hann hefur gengið í hefur aflað honum nýrra aðdáenda. Ennþá kveikir hann í einmana sálum og læknar þunglyndi með eina mögulega meðalinu; þunglyndinu sjálfu. Og skemmir partíið hjá gleðipoppurunum með reglulegu millibili. Gaman verður að sjá hvort Höllin verður að megninu til skipuð gömlum aðdáendum eða hvort íslenska krúttkynslóðin þarfnast líka lækningar við. Dásamlegur kaupauki ef hægt væri að toga eitthvað kaldhæðið út úr honum í Íslandsheimsókninni um t.d. Sigur Rós, Björk, hvalveiðar, litlu sætu lömbin sem við myrðum eða hvaðeina sem stingur í augun það sinnið. ■

MIAMI VICE
bíóleikur á spron.is




Allir viðskiptavinir SPRON geta verið með í skemmtilegum bíóleik á spron.is. Taktu þátt og þú gætir unnið tvo miða á stórmynd sumarsins, MIAMI VICE.

Auk þess vinnur einn heppinn þátttakandi **50.000 kr. gjafabréf hjá NTC- verslunarkeðjunni.**

**Taktu þátt á spron.is**

spron

ARGUS / 06-0390

# Hæfileikalausar brúður með íslenskan gálgahúmor

Búbbarnir heita nýir sjónvarpsþættir sem hefja göngu sína á Stöð 2 í lok mánaðarins. Þættirnir eru heldur ólíkir öðrum sjónvarpsþáttum þar sem aðalpersónur þeirra eru brúður sem vinna á sjónvarpsstöð.



BRAGI OG SVEPPI Bragi Þór Hinriksson og Sveppi sjá um talsetningu á Búbbunum. Þeir eru jafnframt handritshöfundar.

Ætli það megi ekki rekja hugmyndina til þess þegar ég horfði á Prúðuleikarana í sjónvarpinu fyrir mörgum árum,“ segir Bragi Þór Hinriksson, faðir Búbbanna, þegar hann rifjar upp hvernig hugmyndin að þáttunum kviknaði. „Nú er verið að endurgera ýmsa sjónvarpsþætti, til dæmis gamanþætti, en það hefur enginn endurgert svona brúðuþátt áður. Það hefur í raun bara einn maður og eitt fyrirtæki gert svona þætti,“ segir Bragi Þór og vísar þar til Jim Henson og samnefnds fyrirtækis en Henson er einmitt höfundur Prúðuleikaranna. „Búbbarnir eru í anda Prúðuleikaranna – ef þeir eru í anda einhverra. Þetta er samskonar útgáfa – gálgahúmor og mikill hraði – nema Búbbarnir eru alíslenskir.”

## Guðfaðir, tæknistjóri og kokkur

Búbbarnir gerast á sjónvarpsstöðinni NBS sem guðfaðirinn Brandon Díneró á. Þar hefur safnast saman hæfileikalaust fólk en aðalpersónan Gústi reynir að sjá til þess að hlutirnir gangi upp. „Gústi er einhverskonar sviðsstjóri. Hann er í hringiðu allra Búbbanna og reynir að sjá til þess að allt haldist á áætlun,“ útskýrir Bragi Þór.

Meðal þeirra sem koma við sögu eru fréttamaðurinn, fréttakonan, sminkan, þulan, grínistinn, tæknimennirnir Bói og Dói og svo spænski kokkurinn. Bragi Þór vill þó ekki meina að spænski kokkurinn sé eftirherma sænska kokksins sem sló í gegn í Prúðuleikurunum. „Spænski kokkurinn er meira eins og Jói Fel eða Jamie Oliver. Hann er alþjóðlegur kokkur sem notar mikið af kryddjurtum og chilli í réttunum sínum og eldar mjög frumlegan mat, þar á meðal páfagauk,“ segir Bragi Þór.



BRANDON DÍNERÓ Guðfaðirinn og eigandi sjónvarpsstöðvarinnar NBS.

## Skrímsli, mýs og kettir

Búbbabrúðurnar eru gerðar af Stefáni Jörgen Ágústssyni og Hildi Bjarnadóttur. Stefán Jörgen er margreyndur brúðu- og brellumeistari en hann vann meðal annars við myndina Flags of our Fathers, sem Clint Eastwood leikstýrir, og kom að gerð sögusafnsins í Perlunni. Stefán Jörgen og Bragi Þór eru æskufélagar. „Við höfum alltaf deilt áhugamálum. Ég er leikstjóri og höfundur en Stefán Jörgen hönnuður. Það er frábært að geta unnið með manni sem veit hvað ég vil gera og býr yfir svo mikilli tækni. Stefán Jörgen bjó til hinar ýmsu brúður fyrir þættina sem meðal annars loka augunum, opna munninn eða sýna ákveðin svipbrigði. Hann bjó auk þess til uglu, ketti, mýs og skrímsli svo það kennir ýmissa grasa í þáttunum.”



SPÆNSKI KOKKURINN Sambland af Jamie Oliver og Jóa Fel.

## Brúður sprengdar í tætlur

Að sögn Braga Þórs eru Búbbarnir mannlegar brúður ólíkt dýrunum í Prúðuleikurunum. „Búbbarnir eru holdgervingar mannanna sem vinna dagleg störf en svo eru nokkur dýr sem vinna þarna líka. Söguþráðurinn er líka mjög hraður og áhorfendur vita ekki við hverju þeir eiga að búast. En það verður mikið um sprengingar enda hafði ég mjög gaman af því að sprengja brúður í tætlur.“

Bragi Þór segir þættina vera fyrir allan aldur. „Fullorðna fókið flissar yfir neðanbeltis tvíræðninni, unglingunum þykir þetta töff og börnin eiga eftir að hafa gaman af brúðunum. Gamla fólkið hlær síðan og brosir því öll fjölskyldan verður saman komin fyrir framan sjónvarpi.“



GENGUR Á ÝMSU Það gengur á ýmsu hjá Búbbunum eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

## Óvíst með útlönd

Meðal handritshöfunda Búbbanna eru, auk Braga Þórs, Gísli Rúnar Jónsson, Sveppi og Vilhjálmur Goði. Fjórmenningarnir ljá allir Búbbunum raddir sína sem og Björgvin Franz Gíslason. Tónlist þáttanna er hins vegar í höndum Jóns Ólafssonar.

Að sögn Braga verða tíu þættir gerðir í byrjun en hann vonast til að framhald verði á. Hann segist ekki vera farinn að spá í hvort þættirnir verði framleiddir fyrir erlendan markað. „Við erum að reyna að hafa þættina tímalausa og óstaðbundna. Þættirnir eru á íslensku en ég útiloka ekki neitt. Núna erum við samt aðallega að miða þá fyrir Íslendinga,“ segir Bragi Þór, höfundur Búbbanna.

kristjan@frettabladid.is







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

# Jói FEL

# Spennandi nýjungar

***Við kynnum með stolti þrjár nýjungar frá Jóa Fel, sósur sem frábært er að nota:***

- á salatið
- sem brauðdýfa
- á reyktan og grafinn lax




*Þessar verður þú að prófa!*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




Á diggy.is sérðu þá sem spreyttu sig á því að koma vörumerki diggy.is á framfæri, hvað þeim datt í hug og hvernig heppnaðist. Með því að kjósa atriðið sem þér finnst best, fyndnast, furðulegast eða flottast átt þú möguleika á að vinna Dell Inspiron 1300 fartölvu.

Kjóstu á diggy.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA Hlaupa hvað?

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** HVARF Í SKJÓL RJÓÐRA



Ég fór út að skokka um daginn. Sem er ákaflega undarlegt af jafn miklu letidýri og ég er. Ég veit eiginlega ekki hvað kom yfir mig. Kannski var það veðrið, kannski var það geðveiki, ég veit það ekki. Ég dró fram einhvern klæðnað úr skápnum sem teljast mætti til íþróttafatnaðar, skellti mér í hlaupaskó og skellti á eftir mér hurðinni. Svo bara spretti ég úr spori og leið nokkuð vel með sjálfa mig.

Það liðu þó ekki margar mínútur þar til mér fór að leiðast þófið, eða svona um það bil þrjár mínútur. Ég skakkalappaðist samt spöl lengra og lagði leið mína inn á Klambratúnið. Þar mætti ég nokkrum „alvöru“ skokkurum, með hjartamæli á úlnliðnum, í spandex gammosíum og með ákaflega yfirvegaða öndun. Við hlið þeirra leið mér hálf bjánalega í ósamstæða jogginggallanum mínum, sem er síðan 1999. Ég leit á klukkuna og sá að sex mínútur voru liðnar frá því ég asnaðist til að byrja á þessari vitleysu. Mikið var ég ekki að nenna þessu. Ég rétti úr bakinu, beygði olnboga og hljóp teinrétt eins og ég hefði ekki gert annað um ævina, hljóp svo inn á milli rjóðra á Klambratúninu og þegar enginn sá til þá fleygði ég mér á grasið, reif mig úr fötunum og fór bara í sólbað. Ég veit ekki hvað mér gekk til með þessu hlauparugli. Ég er sú týpa sem er búin að vera á leið í ræktina síðan árið 1999, eða þegar keypti jogginggallann góða, og hef enn ekki á lóðabekk lagst. Já mér leið vel í sólbaðinu, það á betur við mig að liggja eins og skata.

Þegar ég valhoppaði heim í hlað var nágranni minn á sama stað í garðinum og þegar ég lagði af stað klukkutíma áður. Ég hugsaði með mér að granninn héldi allavega að ég væri rosa fitt að „hlaupa“ svona lengi. Og þá leið mér vel, enda er það víst regla að sækja hamingjuna í álit ókunnugra.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## Með hníf og gaffli

> Þráinn Bertelsson

# Vor við Austurstræti



Á annarri hæð við Austurstræti 9 er bjartur og fallega innréttaður veitingastaður sem heitir La Primavera eða Vorið. Þar eru skjannahvítir taudúkar á borðum og munnþurrkurnar efnismiklar. Maður fær ósjálfrátt vatn í munninn þegar maður sér þennan viðbúnað og ályktar að þarna ráði ríkjum kokkar sem ekki sætti sig við annað en það besta.

Matseðillinn er stuttur og yfirleitt veit það á gott. Sex mismunandi forréttir á 2.100 til 2.360 kr. Fimm pastaréttir á 2.400 til 2.600. Þrír fiskréttir; skötuselur, saltfiskur og lax, á 3.000 til 3.300 kr. Og fjórir kjötréttir; naut, lamb, kjúklingur og grís, á 3.180 til 4.410 kr.

Umhverfið var svo traustvekjandi að við ákváðum að treysta yfirmatsveininum og völdum fimmrétta matseðil að hans hætti á 6.550 kr. á mann.

Máltíðin fór þokkalega af stað. Kaldur kjúklingur á ristuðu brauði með granatepli – sem gaf skemmtilegt bragð.

Næst kom skelfiskspjót með frábærri hörpuskel, risarækju, humri og að ég held skötuselsbita. Þetta var hóflega kryddað með rauðum pipar og smakkaðist vel. Pastarétturinn „gnocchi með tómötum, basil og mozarella-osti“ var sérlega góður og kryddaður af næmleika matreiðslumanns sem kann að draga fram bragð hráefnisins með réttri kryddnotkun og maturinn var borinn fram á heitum diskum til að staðfesta enn frekar einlægan ásetning yfirvalda í eldhúsinu til að gera vel við gesti.

Nokkur stund leið milli þess að réttir væru fram bornir þótt ekki væri salurinn þéttsetinn gestum. Mér kom stuttlega í hug að skjótast heim til að fá mér brauðsneið, en í þeim svifum var aðalrétturinn fram borinn. Það var svínalund með steiktum shitake-sveppum, kartöflumús og léttri sósu.

Þessi aðalréttur olli nokkrum vonbrigðum eftir þær væntingar sem kviknað höfðu við forleikinn. Svínakjötið var gegnumsteikt, eðli málsins samkvæmt, og hafði því miður þornað mjög við steikinguna en meðlætið var prýðilegt þótt það væri heldur skorið við nögl.

Á stöðum hinna hvítu dúka gerir maður yfirleitt ráð fyrir að þjónarnir séu jafnokar kokkanna í sínu fagi, en á La Primavera er ungu og lítt þjálfuðu fólki treyst fyrir því mikilvæga hlutverki að hafa milligöngu milli matreiðslufólks og gesta. Þetta unga fólk var ákaflega hjálpfúst, en nokkuð hikandi í framkomu, eins og vonlegt er, því að það er ábyrgðarhlutverk að vera þjónn á veitingahúsi með metnað.

Þessari máltíð lauk með með góðu kaffi og prýðilegri sítrónuböku sem skreytt var með blæjuberi, rifsi og sýrðum rjóma.

**La Primavera, Austurstræti 9, 101 Reykjavík**
Máltíð fyrir tvö á La Primavera kostaði 15.150 kr.
**Plúsarnir** eru stílhreint umhverfi, fallega dúkuð borð og metnaðarfullt eldhús.
**Mínusarnir** eru að herslumuninn vantar upp á að þjónusta og matseld séu í þeim gæðaflokki sem verðin á matseðlinum gefa fyrirheit um.

# Heimsótti Cruise

Penelope Cruz er nýjasta stjarnan til að fá að sjá Suri Cruise, dóttur leikarans Tom Cruise og Katie Holmes. Eins og kunnugt er voru Cruz og Cruise par í þrjú ár. „Ég held að hún sé eitt fallegasta barn sem ég hef séð,“ sagði Penelope. „Ég er mjög ánægð fyrir hönd foreldranna. Þau eru mjög ánægð og gengur afskaplega vel.“ Líklegt er talið að Tom Cruise og Katie Holmes gangi í hjónaband í höfuðstöðvum Vísindakirkjunnar í Los Angeles. ■



**PENELOPE CRUISE** Heimsótti fyrrum kærastann Tom Cruise og nýfædda dóttur hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








**Í STUÐI** Bogomil Font og Flís léku tónlist sína og tókst vel til innan um fötin og geisladiskana í nýjum húsakynnum Smekkleysu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Tónleikar umvafðir fötum og diskum

Á fimmtudaginn voru haldnir síðustu tónleikarnir í hljómleikaröð Grapevine tímaritsins. Bogomil Font og hljómsveitin Flís stigu á stokk í nýju húsnæði hljómplötubúðar Smekkleysu sem flutti nýverið frá kjörgarðshúsnæðinu á Laugavegi á Klapparstíg 27 þar sem verslunin Spúútnik er til húsa. Til stendur að herrafataverslunin Elvis deili húsnæðinu með Smekkleysu. Margt var um manninn og voru gestir og gangandi ekki síður að berja augum nýju búðina sem kom vel út á nýjum stað.



**UNGIR SEM ALDNIR** Margt var um manninn á tónleikunum.



**SKOÐAÐ AF NÁKVÆMNI** Tónleikagestir voru niðursokknir í fjölbreytt geisladiskaúrval.




**Kl. 16.00**
*Kvartett trommuleikarans Kára Árnasonar leikur á sumartónleikum Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Kvartettinn skipa Steinar Sigurðarson, Agnar Már Magnússon og Þorgrímur Jónsson auk Kára.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Síðasta sýningarhelgi*

Sýningum á verkum Bjarkar Guðnadóttur, Daníels Magnússonar og Hildar Bjarnadóttur, sem staðið hefur yfir í Nýlistasafninu, lýkur nú um helgina. Þrír ólíkir listamenn deila rými safnsins og er sjón sögu ríkari.

Björk sýnir innsetningar sem hún kallar „Tilfæringar“ en þar má sjá ljósmyndir og teikningar. Hún vinnur líka inn í rýmið með afgöngum úr flísefni en þema sýningar hennar er skikkjur.

Hildur Bjarnadóttir vinnur á nýstárlegan hátt úr textílhefð á sýningunni en hún nefnir hana „Fleti“. Verkin eru myndir unnar úr hör og settar á striga en listakonan segist vera undir áhrifum frá móður sinni sem starfaði lengi sem handavinnukennari.



**TEXÍLL OG TILFÆRINGAR Í NÝLÓ** Björk Guðnadóttir, Daníel Magnússon og Hildur Bjarnadóttir myndlistarmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Daníel Magnússon sýnir fyrsta hluta verkefnis sem tengist horfnu eyjunum Ikaria, Níslandi og Drogeo sem Ítalirnir Nicholas og Antonio eru sagðir hafa fundið suður af Íslandi á 16. öld en þurrkaðar burt af landakortinu af herraþjóð Íslendinga í byrjun 17. aldar. Daníel setur eyjarnar á svið og útfærir og skýrir þær með lengri og styttri textum.

**>Ekki missa af...**

hádegistónleikum orgelleikarans **Christoph Schoener** í Hallgrímskirkju í tilefni af **Alþjóðlegu orgelssumri.**

ljósmyndasýningu **Hildar Margrétardóttur** í **Skotinu**, sýningarrými Ljósmyndasafns Reykjavíkur í **Grófarhúsinu**.

árlegum risatónleikum **Stuðmanna** í Fjölskyldu og húsdýragarðinum í kvöld. **Birgitta, Stefán Karl og Valgeir Guðjónsson** mæta líka og sjálfur **Megas** leikur lög af plötunni „Á bleikum náttkjólum“.

# Músík bláa mannsins

Ekki er öll vitleysan eins úti í hinum stóra heimi. Hinir þöglu trumbuleikarar og röraþeytarar í The Blue Man Group sem sýnt hafa listir sínar við fátíðar vinsældir hafa nú sett á markað einkar flippuð hljóðfæri sem gefa almenningi möguleika á að herma eftir þessum bláu mönnum.

Þegar er búið að hanna tvö hljóðfæri sem eiga án efa eftir að kæta marga. Hljómborðið er enginn venjulegur skemmtari en það býður upp á möguleika á að leika á gítar, píanó og blámannstrommur sem hljóma víst undurfurðulega. Slagverksgræjan er heldur ekkert slor því skynjarar í tækinu nema hreyfingar tónlistarmannsins og framkallar margslungin hljóð.



**HLJÓÐFÆRI BLUE MAN GROUP** Rafknúin slagverksgræja sem gerir fólki kleift að setja sig í spor bláu skemmtikraftanna.

Á heimasíðu sýningarinnar má finna ítarlegar upplýsingar um hönnun og möguleika hljóðfæranna en þau er til dæmis hægt að tengja við mp3-spilara eða iPod spilastokk og spila með uppáhaldslögunum sínum, taka herlegheitin upp og leika þau aftur og aftur. Tíu lög eru innbyggð í græjuna, þar af tvö lög sem hópurinn hefur endurútsett sérstaklega og notað í sýningum.

Öflugt hátalarakerfi er innbyggt í hljóðfærin svo aðrir fái notið dásemdanna.

Sýningarhópur Bláu mannanna skemmtir nú í New York, Boston, Chicago, Las Vegas, London, Berlín og Toronto en máski á æðið eftir að breiðast út enn víðar núna.

- khh


KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitin Sín í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar




Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!
Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!
Miðasala er þegar hafin!

| | | |
|---|---|---|
| Laugardaginn | 12. ágúst | kl. 20:00 |
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 19. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 22:00 |

Á ÞAKINU — LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37







**VIÐ HÖFUÐSTÖÐVAR REYKVÍSKRA „ROKKEFELLERA“** Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson taka afdrifaríkar ákvarðanir um stýrivexti. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ádeilukenndar óperuídívur

**Félagarnir Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson skemmta landanum með óviðjafnanlegum söngdagskrám við ólíklegustu tilefni. Fyrsta smáskífa þeirra, „Íslenska glamúrlagið“, er komið í spilun en þar gera óperusöngvararnir óspart grín að bubbum þessa lands og almennri útþenslustefnu Íslendinga.**

„Við köllum okkur óperuídívurnar,“ útskýrir Davíð bassasöngvari en þeir félagar hafa þekkst og sungið saman lengi. „Við byrjuðum að syngja saman fyrir 10-11 árum þegar við vorum báðir söngnemar. Þá vorum við alltaf að syngja dúett í afmælum hjá öldruðum frænkum okkar sem gáfu okkur súkkulaði í staðinn. Síðan fór þetta að vinda upp á sig. Svo fórum við náttúrulega báðir til útlanda og urðum frægir og komum svo aftur heim og tókum upp þráðinn.“

Dúóið er geysivinsælt í afmælum, steggjapartíum og öðrum viðlíka samkomum. Raunar áréttar Davíð að þeir troði upp við ólíklegustu tilefni og þá jafnan með sérsniðna dagskrá. „Það er voða vinsælt að láta okkur birtast í kjólfötum með rós – kannski í röð í banka. Um daginn mættum við í slíka stofnun og áttum að syngja til eins gjaldkerans því kallinn hennar var búinn að gera eitthvað af sér,“ segir hann og hlær við. Svo eru þeir einnig býsna vinsælir í flugfreyjupartíum og alltaf bætist við efnisskrána.




**VERÐSKULDUÐ FRÆGÐ OG VIRÐING** Þeir félagar gerðu sína eigin útgáfu af eintaki slúðurrits, meðal annars vegna þess að þeir eru iðulega klipptir burt af myndum slíkra blaða.

Margir minnast enn söngþáttarins „Það var lagið“ í vetur þar sem Davíð og Stefán slógu eftirminnilega í gegn svo símalínur glóðu í dágóða stund á eftir. „Við mættum til Hemma Gunn, tveir feitir óperusöngvarar að keppa við Magna úr Á móti sól og Sólstrandagæjann Kristján, og fólk er víst enn að tala um það. Við vorum ekkert að halda „kúlinu“, tókum bara Presley og Abba og svona.“ Nú er víst brjálað að gera hjá þeim félögum. „Þó ég segi sjálfur frá er þetta með því vinsælla sem er í gangi í dag,“ segir Davíð sposkur.

Þeir syngja allt milli himins og jarðar, allt frá óperettum til bítlalaga og Davíð er lunkinn við að snara textum og snúa þeim upp á fólk, yfirleitt við glimrandi undirtektir. „Ég fór í þriggja ára íslenskunám og náði mér í próf bara til að geta samið texta,“ útskýrir hann íbygginn.

Nýja lagið fjallar um nútímafólk, „Reykjavíkur-Rokkefellera“ sem ekki vita aura sinna tal, enda „vellur bara kavíar út um eyrun á þeim“ eins og textasmiðurinn segir. Davíð útskýrir að ríkt fólk verði fyrir miklum fordómum en með laginu vilji þeir félagar fagna góðu uppgjöri bankanna og sýna á þeim nýjar hliðar því það kosti mikla peninga að vera ríkur – en allir hafi efni á að syngja. Lagið er frumsamið en þessir klassískmenntuðu söngmenn syngja lagið á sinn hátt, „við gerum lagið að okkar eins og Idol-dómararnir myndu segja.“

Myndbandið er á leið í spilun en það er fátítt að óperusöngvarar leggi í slíkt, „nema kannski Garðar Thor Cortes en hann myndast bara svo illa svo við ákváðum að gera þetta sjálfir,“ segir Davíð að lokum.

Þeim sem vilja vita meira um hvernig sölsa má undir sig Suður-Spán eða heyra lagið í heild sinni er bent á gagnabanka heimasíðunnar www.tonlist.is.

- khh



CAMERARCTICA TÓNLISTARHÓPURINN

# Frétt leiðrétt

Rangt var farið með atriði í tónleikadagskrá Sumartónleika í Skálholti í blaðinu í gær þar sem sagt var að sellóleikarinn Bruno Cocset léki með Bachsveitinni á tónleikum kl. 21 í kvöld. Hið rétta er að Cocset leikur á tónleikum kl. 17 ásamt Maude Gratton semballeikara og Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur sellóleikara og síðan aftur kl. 15 næstkomandi mánudag ásamt Bachsveitinni í Skálholti, Camerarctica og einsöngvurum og flytur þá tónlist eftir Boccherini.

Tónlistarhópurinn Camerarctica leikur verk eftir Stamitz, Hoffmeister, Mozart og fleiri á tónleikununum í kvöld ásamt Emil Friðfinnssyni og Dean Ferrel sem leikur á víólóne.

Eru lesendur beðnir velvirðingar á þessum mistökum. - khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

2 3 4 **5** 6 7 8

### Laugardagur

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Orgelleikarinn **Christoph Schoener** leikur á hádegistónleikum í **Hallgrímskirkju** í tilefni af **Alþjóðlegu orgelssumri.**

☐ 15.00 **Listasumar á Akureyri** og **Landsvirkjun** bjóða upp á málmblásturstónleika í **Laxárstöð Landsvirkjunar í Aðaldal**. Básúnuleikarinn **Kaldo Kiis** úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, sem leikur á básúnu, og trompetleikarinn **Vilhjálmur Ingi Sigurðsson** úr Málmblásarakvintett Reykjavíkur flytja létta og skemmtilega tónlist fyrir áheyrendur.

☐ 16.00 Kvartett trommuleikarans **Kára Árnasonar** leikur á veitingastaðnum **Jómfrúnni** í **Lækjargötu.**

### LEIKLIST

☐ 17.00 Einleikurinn **Aumingja litla ljóðið** sýndur á **Kirkjubóli** í **Bjarnardal** í Önundarfirði.

### OPNANIR

☐ 14.00 Myndlistarkonan **Karin Leening** opnar sýninguna **Rauðhetta, Dýrkonur og aðrar verur í undurfögrum óbyggðum** á **Café Karólínu** á Akureyri.

☐ 16.00 **Guðjón Sigvaldason**, gjess, opnar sýninguna **Fígúrur** í **koníaksstofunni** á **Hótel Öldunni á Seyðisfirði** og leikur með sambland af nævisma og teiknimyndastíl.

☐ Feðgarnir **Gunnar Örn** og **Gunnar Guðsteinn** (**Gussi**) halda saman málverkasýningu í **Óðinshúsi** við **Eyrargötu** á Eyrarbakka.

### ÚTIVIST

☐ 14.00 **Hörður Geirsson**, safnvörður á **Minjasafninu á Akureyri,** mun leiða sögugöngu um elsta hluta bæjarins, Innbæinn og Fjöruna. Gengið verður frá **Laxdalshúsi**, Hafnarstræti 11, og tekur gangan um eina og hálfa klukkustund.

### SÝNINGAR

☐ 11.00 Á sumarsýningu **Hafnarborgar**, **Hin blíðu hraun**, eru verk eftir fimm íslenska listamenn sem allir fást við hugmyndina um hraunið. Sýningarstjóri er **Jón Proppé**, listfræðingur.

### BÆKUR

☐ 14.00 Listhópurinn **Gelitin** sýnir í **galleríi Kling & bang** á Laugavegi 23.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

3 4 5 **6** 7 8 9

### Sunnudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 **Gunnhildur Einarsdóttir** hörpuleikari og **Kristjana Helgadóttir** flautuleikari leika á stofutónleikum á **Gjúfrasteini**.

☐ 20.00 Orgelleikarinn **Christoph Schoener** leikur á tónleikum í **Hallgrímskirkju** í tilefni af **Alþjóðlegu orgelssumri**.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 Ókeypis aðgangur að **Iðnaðarsafninu** á **Akureyri**. **Iðnaðarsafnið** er opið alla daga í sumar frá 13-17.











HVÍTA HÚSIÐ / SÍA





> **Mælum með**

*... hárböndum. Glæsileg og áhyggjulaus leið til að að halda hárinu í skefjum ef að veðurguðirnir verða ekki í góðu skapi um helgina. Útikamrar og tjaldvera bjóða oftast ekki upp á hárblásara eða sléttujárn.*

**útlit**
utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN VALA MAGNÚSDÓTTIR VERSLUNARSTJÓRI Í DERES

# Stuttbuxur og ökklastígvél flottast í tískunni í dag



**Spáir þú mikið í tískuna?** Já ég mundi segja það, tíska er nú eitt af áhugamálum mínum.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Það er nú soldið blandað. Ég mundi segja að ég væri oftast soldið plein með smá pönk, rokk og second hand-fíling.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég er mest í þessum merkjum sem allir þekkja eins og Diesel og Leví´s.

**Flottustu litirnir?** Mér finnst fjólublátt mjög flott núna og svartur er alltaf þægilegur.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Mér finnst stuttbuxur æðislegar við flott ökklastígvél.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég var að kaupa mér rúskinns-ökklastígvél í GS-skóm.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Mér finnst flott að fólk er farið að þora að vera öðruvísi.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Það sumarlegasta sem ég keypti mér eru bleikar Sparkz gallabuxur.

**Uppáhaldsverslun?** Deres að sjálfsögðu og margar fleiri.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Allt of miklum og þori ekki að segja frá því.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Kápa sem ég keypti í Centrum fyrir stuttu.

**Uppáhaldsflík?** Allar gallabuxurnar mínar, ég get ekki valið á milli.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Ég fer nú yfirleitt til Kaupmannhafnar en væri alveg til í að fara til Parísar.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ég man nú ekki eftir einhverri einni flík en það er óhætt að segja að ég á fullt af fötum sem eru ljót, allavega í dag.



## MÓÐUR VIKUNNAR

> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

# Erfiðir tímar

Það er ekki tekið út með sældinni að vera fatafrík þessa dagana. Þetta er tímabil dauðans enda útsölulok í öllum búðum og enn er smá tími í að nýjar og ferskar vörur fara að streyma inn í tískuvöruverslanir klakans. Ég er búin að vera að skoða erlend tískublöð ágústmánaðar sem mata mann af helstu straumum og stefnum komandi árs og mig er gjörsamlega farið klæja í puttana að fara í ný föt. Það er nefnilega ekkert skemmtilegra en að labba inn í búð fulla af girnilegum og spennandi vörum.

Akkúrat núna veit maður ekki alveg í hvorn fótinn á að stíga. Er réttara að hoppa beint inn í hausttískuna eða bíða átekta í sumarkjólnum með beltið um mittið og halda í bjartsýninshugsunina um að sumarið sé ekki búið? Ég lenti í því um daginn að ég var orðin gjörsamlega fataþurfi. Allt í lagi, fataskápurinn var ekki tómur en ég varð að bæta einhverju í flóruna. Þetta er einhver tilfinning sem maður fær og flestir stelpur vita nákvæmlega um hvað ég er að tala, blanda af panik og græðgistilfinningu. Það þarf nefnilega bara eina nýja flík til að poppa upp öll gömlu fötin.

Ég arkaði um ganga verslunarmiðstöðvar í móðursýkislegri von um að eitthvað nýtt væri komið í búðirnar með karlinn minn þolinmóðan í eftirdragi. Mátaði og mátaði eins og brjálæðingur. Ég bara varð að finna mér eitthvað geggjað til að fullnægja fataþörf minni. Maður verður samt að passa sig þegar þetta ástand ríður yfir því að mestu kaupmistökin eru gerð í svona tilfinningaástandi. Endaði með að labba út með bros á vör og þrjár algjörlega ómissandi flíkur í poka sem ég á allavega eftir að nota einu sinni ef ekki oftar.

Veit samt að þetta fatahungur er bara rétt að byrja. Ætti kannski að fara að skrifa niður og ákveða hvað mig vantar mest og hvaða trend ég verð að eignast. Skipuleggja innkaupin, góð pæling.


**Athugið**

Fréttablaðið mun **ekki** koma út Sunnudaginn 6. ágúst & mánudaginn 7. ágúst

*Góða helgi*

Starfsfólk Fréttablaðsins

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ




**KLASSÍSKIR** Converse-skórnir margfrægu fást í öllum regnbogans litum í verslununum Deres og Focus.

**DEAD** Hauskúpu lopahúfa.

**ÞÆGILEG AFTUR** hettupeysurnar frá Hólmgeirssystrum hafa vakið mikla athygli og eru fáanlegar í Nonnabúð. Tilvaldar í útileguna.

**SMART** Flott peysa frá versluninni Kronkron FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Vætusamir dagar og kaldar nætur

Mesta ferðahelgi sumarsins er gengin í garð og því ekki seinna vænna en að skella tjaldinu í skottið ásamt öðrum nauðsynjavörum. Það er alltaf erfitt að pakka niður og ákveða í hverju í ósköpunum ferðalangurinn á að vera í útilegum á Íslandi. Í sömu ferðinni verður að taka með stuttbuxur og ullarpeysu enda allra veðra von, ekkert er verra en að vera í blautum gallabuxum og níðþungum leðurjakka með gæsahúð inn að beini að reyna að vera smart í útilegu. En hvernig er hægt að vera flottur til fara þegar fólk er úti allan daginn, vaðandi drullu uppá bak til þess eins að komast á klósettið og ekki með almennilegan spegil til að skoða sig í?



**SMART OG HLÝTT** Þetta verður vetrar- og útivistartískan að mati fatahönnuðarins Jean Paul Gaultier fyrir Hérmes.

Síðar hettupeysur, leggings, marglit stígvél, ullarsokkar og flíspeysur í fallegum litum lífga upp á rigningarsuddann. Flottir strigaskór fullkomna síðan góða samsetningu fyrir útileguna.

Converse-strigaskórnir eru tilvaldir í útileguna vegna þess að þeir verða bara flottari ef þeir eru skítugir, lopapeysur eru í tísku og ullarsokkar yfir buxur er eitthvað sem helstu tískuhönnuðirnir eru að gera um þessar mundir. Þannig að það ætti ekki að vera erfitt að sjóða saman skemmtilega blöndu af hlýjum og góðum fötum og halda ótrauður áfram að skemmta sér úti í guðsgrænni náttúrunni.

alfrun@frettabladid.is



**SVARTIR** Glansandi og flottir Adidas-skór frá Kronkron

**HÚFA** Flotta lopa húfa.

**STUTTBUXUR** Þessar eru frá Spúútnik og eru tilvaldar yfir föðurlandið í útileguna.

**FLÍS** Ferskjubleik flíspeysa frá Cintamani lífgar upp á grámygluna.

**NAUÐSYNLEGT** Gömlu góðu prjónavettlingarnir eru alltaf flottastir. Þessir eru frá Handprjónasambandinu á Laugavegi.

**GLÆSILEG** Flott taska undir búnaðinn er nauðsynleg og er þessi frá Kronkron.

**BLEIK OG FÍN** Stígvél eru alltaf skemmtileg í mörgum litum. Þessi eru frá Rokki og rósum.



TILRAUNAKENNT Flott snið á þessum kjól og takið sérstaklega eftir hálsmálinu.

# Töffaraleg pæja

Natalie Portman hefur vakið mikla athygli fyrir skemmtilegan og öðruvísis fatastíl. Þegar Portman skaust upp á sjónarsviðið sem leikkona var hún ung og saklaus en nú hefur hún brotist út úr skelinni. Hún vekur alltaf mikla ánægju gagnrýnenda þegar hún stígur á rauða dregillinn og oft býr hún til ákveðna karaktera með fatnaði sínum.

Natalie er mikill töffari og þar er sjaldgæft að sjá hana í dragsíðum galakjól við fín tilefni. Hún segir sjálf að uppáhalds fatnaðurinn sinn séu gallabuxur, stuttermabolur og strigaskór og að hún sé strákastelpa í sér. En þegar Natalie tekur sig til er hún glæsileg í stuttum kjólum. Oftast velur hún flott og tilraunakennd snið og er í háum stígvélum eða skóm með lágum hælum. Hún er mikið fyrir fatnað frá árunum kringum 1960 og velur sér oftast snið og litasamsetningar frá þeim tíma. - áp

MUNSTURGLEÐI Þessi kjóll gæti verið tekinn beint af fyrirsætunni Twiggy sem var upp á sitt besta kringum 1960. Flott munstur og snið sem fer henni vel. FRETTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



GLÆSILEG Frábær hlýralaus svartur kjóll með túlípana-pilsi sem fer Natalie óheyrilega vel.



SÆTUR Natalie er flott í gulum stuttum kjól með síðum ermum.



TEIKNIMYNDA-FÍGÚRA Bilaður kjóll með flottum litum og glæsilegu sniði.

FLOTT Glæsileg slá sem passar við hvað sem er. Kvenlegt og fínt.



HÖNNUNARTVÍEYKIÐ Basso & Brooke hafa unnið til fjölda verðlauna fyrir sitt skemmtilega fatamerki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# *Ferskir straumar*

Basso&Brooke er nýtt og ferskt fatamerki hefur látið að sér kveða í tískuheiminum undanfarið. Hönnuðurinn Christopher Brooke lærði hönnun í London, meðal annars í Central Saint Martins, frægasta hönnunarskóla heims samhliða Parsons í New York. Hann var stílisti fyrir stjörnur á borð við Kylie Minogue, Robbie Williams og Pink áður en hann ákvað að stofna sitt eigið merki með brasilíska hönnuðinum Bruno Basso. Mottóið hjá félögunum var að rugla fólk í ríminu með fatnaði sínum.

Basso&Brooke vildu leika sér með hreyfanleika og hugmyndir manna að ljótum fötum. Hugmyndavinnan á bak við hverja einustu línu er alltaf mjög góð og skemmtileg og stundum eru sýningar þeirra eins og góð teiknimynd. Mikil litagleði og brjáluð munstur einkenna fatnað þeirra en myndirnar tala sínu máli. - áp



MARGIR LITIR Basso & Brooke blanda saman hvaða litum sem er og alltaf virðist það koma vel út.


Verslunin flytur!!

Bjóðum því

10% - 50% afslátt!











Verið velkomin!

opið: virka daga 10-18.

höfum opið aftur á laugardögum frá 12. ágúst nk.

heima

húsgagnaverslun

suðurlandsbraut 48 - 108 reykjavík - 568 4242

Grafíska smiðjan ehf. 06.06







# Hannar nærföt

Jessica Simpson ætlar að setja á markað eigin línu af kynæsandi undirfötum. Leikkonan og söngkonan glæsilega fékk hugmyndina þegar hún var sjálf að kaupa sér undirföt. „Jess finnst mjög erfitt að finna brjóstahaldara sem henni líkar við svo hún ákvað að búa þá til sjálf," sagði vinkona hennar. Jessica hefur margoft tjáð sig um líkama sinn og sérstaklega hversu stolt hún er af brjóstum sínum, „Þau er alveg fullkomin. Ég var einu sinni hrædd við að sýna þau en nú finnst mér þau frábær," segir Jessica Simpson. ■



**JESSICA SIMPSON** Á erfitt með að finna sér nærföt og ákvað að hann þau sjálf.




# Kid Rock segir Pamelu ótrúlega í rúminu

Rokkarinn Kid Rock kvæntist Strandvarðabombunni vegna þess að hún er ótrúleg í rúminu. Skötuhjúin gengu í það heilaga fyrir viku síðan og Kid Rock hefur talað fjálglega um ástæður þess að hann ákvað að binda sig Pamelu. Það hefur hún líka gert og allt útlit er fyrir að þau eigi hvort annað ágætlega skilið. „Ég ætla ekki einu sinni að reyna að láta sem kynlífið skipti ekki máli. Sumar konur segja að það skipti ekki máli, en það gerir það fyrir mig," sagði Pamela. ■



**SKÖPUÐ HVORT FYRIR ANNAÐ** Kid Rock og Pamela Anderson segja að kynlífið skipti öllu fyrir gott hjónaband. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hriktir í stoðum sambandsins

Nýjustu fregnir herma að farið sé að hrikta í stoðum sambands Jennifer Aniston og Vince Vaughn. Sumir fjölmiðlar vestanhafs ganga jafnvel svo langt að fullyrða að sambandi þeirra sé í raun og veru lokið. Samkvæmt miðlunum hefur Jen sótt huggun hjá bestu vinkonum sínum, leikkonunni Courtney Cox, söngkonunni Sheryl Crow og blakkonunni Gabrielle Reece, eftir að hún hætti með Vince. ■



**VINCE OG JEN** Meðan allt lék í lyndi hjá leikaraparinu.






**PARÍS HILTON** Komin með leið á Nicole Richie. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Vill bola Richie út

Ofurljóskan París Hilton er staðráðin í að fá annan meðstjórnanda að sjónvarpsþáttunum The Simple Life. Hótelerfinginn Hilton hefur til þessa unnið með bestu vinkonu sinni, Nicole Richie, en vill fá hana úr þáttunum. „Ég veit ekki hvað kom yfir hana. Hún hefur látið frægðina stíga sér til höfuðs. Ég hlakka til að gera nýja þáttaröð með einhverjum öðrum," sagði Hilton. ■



**STELLA MCCARTNEY** Á von á sínu öðru barni með Alasdhair Willis

# Aftur ólétt

Fatahönnuðurinn Stella McCartney á von á sínu öðru barni með eiginmanni sínum Alasdhair Willis en fyrir eiga þau 17 mánaða gamlan son. Faðir Stellu, bítillinn Paul McCartney, er í skýjunum yfir þessum fregnum og verður þetta fjórða barnabarn hans. Eins og kunnugt er gengur hann í gegnum erfiðan skilnað og segir Paul að þetta séu bestu fregnir sem hann hafi fengið lengi. ■

ATH! ÞESSIR SÝNINGARTÍMAR GILDA FYRIR LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG.





ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-4-5-7-8-10-11 | B.I. 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP | KL. 2-5-8-11 | |
| THE LONG WEEKEND | KL. 6:15-8-10-11 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4-6 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 2 | LEYFÐ |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 2-5-8-11 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 8:15 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:45-4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2:15-5:15-8:15-11:15 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 6:30-8:15-10:15-11:15 | B.I. 14 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4-6 | LEYFÐ |
| *OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 8:30 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:50-4 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-5-8-11 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4 | |
| THE LONG WEEKEND | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 2-5-8-11 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 2-4 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:40 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 8 | |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 10 | B.I. 10 |

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5:30-6- 8:30-9-10:30 | B.I. 12 |
| HALF LIGHT | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:30 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 5:30-8 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919




**ARTHUR LEE SÖNGVARI LOVE** Ein helsta goðsögn hippanna er látin.

# Arthur Lee látinn

Ein af helstu goðsögnum hippatímabilsins, Arthur Lee, lést á sjúkrahúsi í Memphis á fimmtudag. Lee var 61 árs gamall og var banamein hans hvítblæði. Lee var söngvari og aðallagasmiður hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar Love frá Los Angeles. Hafði hljómsveitin gríðarleg áhrif á margar samtímahljómsveitir sínar eins og til dæmis The Doors. Plata hljómsveitarinnar, Forever Changes, frá árinu 1967, hefur meðal annars oft og mörgum sinnum ratað inn á lista yfir bestu plötur sögunnar hjá ýmsum tónlistarmiðlum.

Lee barðist hins vegar sjálfur við sín eigin andlegu vandamál sem gerði það að verkum að erfitt þótti að vinna með honum. Síðustu ár voru þó farsæl fyrir Lee, sem spilaði á fjölsóttum tónleikum og gaf meðal annars út DVD-disk með tónleikum hans í The Royal Festival Hall í London þar sem Forever Changes var spiluð í heild sinni. **- sha**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Fangar á kvikmyndahátíð

**Fátt hefur vakið jafn mikla reiði í stríði „hinna vestrænnu þjóða“ gegn hryðjuverkum og Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu. Þar sitja nú í kringum 460 fangar sem taldir eru tengjast al-Kaída-hryðjuverkasamtökunum og á kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, sem hefst í lok þessa mánaðar, verður kvikmyndin The Road to Guantanamo sýnd en þrír fyrrum fangar úr Guantanamo koma til landsins af því tilefni og sitja fyrir svörum.**



**THE ROAD TO GUANTANAMO** Heimildarmynd um þrjá breska ríkisborgara sem sátu í fangabúðunum í tvö ár án dóms og laga.

Myndin segir sanna sögu þriggja breskra ríkisborgara – Shafiq Rasul, Asif Iqbal og Ruhal Ahmed - sem voru í haldi í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu í tvö ár án dóms og laga. Að sögn Hrannar Marínósdóttur, framkvæmdastjóra kvikmyndahátíðarinnar, komust þau í samband við fangana í gegnum leikstjóra myndarinnar, Michael Winterbottom, sem gerði það kleift að fangarnir þrír eru á leiðinni hingað til lands. Auk spurt&svarað sýninga mun Íslandsdeild Amnesty International halda ráðstefnu um fangabúðirnar þegar nær dregur. „Við viljum enda að hlutverk hátíðarinnar verði ekki síst að varpa öðruvísi ljósi á fréttir líðandi stundar,“ bætir Hrönn við.

**Umdeildar frá upphafi**

Fangabúðirnar í Guantanamo eiga rætur sínar að rekja til stríðsins í Afganistan þegar Bandaríkjamenn réðust gegn talíbanastjórninni þar í landi en grunur hafði fallið á stjórnina um að hún héldi hlífiskildi yfir al-Kaída samtökunum sem sögð eru hafa skipulagt árásirnar á Tvíburaturnana í New York 11. september 2001. Bandaríkjastjórn hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir búðirnar sem eru sagðar ómannlegar og brjóta í bága við á mannréttindalög. Yfirvöld í Bandaríkjunum segja hins vegar að þau séu fullum rétti til að halda föngunum þarna án þess að þeim hafi verið birt nokkur ákæra. Þeir séu ekki stríðsfangar heldur hernaðarlega mikilvægir fyrir stríðið gegn hryðjuverkum. Þeir njóti því engra réttinda. „Sakborningar“ hafa kvartað yfir því að þeir fái enga lögfræðilega aðstoð en frá því hefur verið greint að fjöldi fanga hafi reynt sjálfsvíg í búðunum. Þremur þeirra tókst ætlunarverk sitt fyrr á þessu ári.



**GEORGE BUSH** Hefur ekki viljað hlusta á tillögur þess efnis að láta loka fangabúðunum á Kúbu því þar séu geymdir menn sem enn gætu ráðist á bandaríska jörð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**Sér ekki fyrir lokun búðanna**

Í nóvember 2002 er talið að yfir 750 fangar hafi verið geymdir á bak við lás og slá í Guantanamo en síðan þá hefur hundruðum verið sleppt. Engu að síður er talið að 450 fangar séu enn vistaðir í búðunum. Grunur um að pyntingar væru viðhafðar í Guantanamo fór strax að kvikna hjá alþjóðasamfélaginu og talsmenn Sameinuðu þjóðanna segja augljóst að slíkum yfirheyrsluaðferðum sé beitt.

Árið 2005 gáfu Amnesty-samtökin út yfirlýsingu þar sem Guantanamo er lýst sem „gúlagi okkar tíma“ og þess krafist að þeim verði lokað sem fyrst. Á síðasta ári birti bandaríska tímaritið Newsweek frétt þess efnis að Kóraninn hefði verið svívirtur og olli það mikilli reiðiöldu um gjörvallan arabaheiminn. New York Times greindi síðan frá minnisblaði FBI starfsmanns þar sem fram kom að fangarnir væru kyrktir, barðir og sígarettum stungið í eyrun á þeim. Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur hins vegar vísað öllum ásökunum á bug og ef marka má yfirlýsingar Bandaríkjastjórnar stefnir ekkert í að þessum búðum verði lokað á næstunni. **- fgg**



**FANGABÚÐIRNAR** Mikil andstaða er við þessar fangabúðir á Kúbu en talið er að rúmlega 400 fangar séu geymdir þar á bak við lás og slá.



## Hólmar til Silkeborg

Hólmar Örn Rúnarsson er nánast búinn að ná samkomulagi við Silkeborg um kaup og kjör en danska liðið er nú í viðræðum við Keflvíkinga um kaupverð á miðjumanninum. Hólmar sagðist vera spenntur fyrir atvinnumennskunni þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær en hann verður líklega orðinn leikmaður Silkeborg innan skamms.

**sport**

sport@frettabladid.is

ARI FREYR SKÚLASON: SKRIFAÐI Í GÆR UNDIR ÞRIGGJA ÁRA SAMNING VIÐ SÆNSKA LIÐIÐ HÄCKEN

# *Fer til Häcken til að fá að spila*

Knattspyrnumaðurinn Ari Freyr Skúlason skrifaði í gær undir þriggja ára samning við sænska úrvalsdeildarliðið Häcken. Ari er nítján ára gamall og hefur leikið frábærlega með Valsmönnum í Landsbankadeildinni í sumar. „Þetta gerðist alveg ótrúlega fljótt, nú er það bara frágengið að ég mun fara út á miðvikudaginn og gangast undir læknisskoðun," sagði Ari sem er alveg pottþéttur á því að hann muni fljúga í gegnum þá skoðun.

Häcken kaupir Ara frá Val en félögin tvö komust að samkomulagi á fimmtudag. Hann er mjög þakklátur fyrir þau tækifæri sem hann hefur fengið hjá Val en hann hefur leikið ellefu af tólf leikjum liðsins og skorað eitt mark, með stórglæsilegu skoti gegn FH. „Þetta hefur verið ótrúlega gaman í sumar og ég ætlaði mér að klára tímabilið með Val. En þeir hjá Häcken vildu svo ólmir fá mig að það var eiginlega ekki möguleiki á að bíða," sagði Ari.



Hann fór til Heerenveen í Hollandi árið 2003 en kom aftur til Vals í fyrra. „Stefnan var alltaf að komast aftur út og ég hef verið að undirbúa mig undir það síðan ég kom aftur heim. Ég er því mjög sáttur við að komast aftur út og fara að spila fótbolta sem atvinnumaður," sagði Ari Freyr sem unnið hefur við hellulagnir í sumar.

Ari Freyr ætlar sér að vera í atvinnumennskunni á næstu árum og er mjög spenntur fyrir því að fara til Häcken. „Ég veit að félagið er þekkt fyrir góða unglingastarfsemi í Svíþjóð. Svo er liðið með nokkra þekkta leikmenn eins og danska brjálæðinginn Stig Töfting og svo er þarna einnig varnarmaðurinn Teddy Lucic sem var í sænska landsliðshópnum. Þar á milli eru nokkrir ungir og skemmtilegir leikmenn."

Íslenskir leikmenn hafa vakið mikla athygli í Svíþjóð. „Ég vildi frekar fara í lið sem væri líklegt til að gefa mér tækifæri í stað þess að fara í stærra lið þar sem ég yrði kannski mikið utan liðsins. Maður er að fara í þetta til að fá að spila," sagði Ari en vonandi getur hann hjálpað Häcken sem er í mikilli fallbaráttu.

## > Örn í tíunda sæti

Örn Arnarson úr Sundfélagi Hafnarfjarðar bætti Íslandsmet sitt í hundrað metra flugsundi um tæpa hálfa sekúndu í undanrásum á Evrópumótinu í Búdapest í gær. Örn lenti í sjötta sæti á tímanum 53,42 sekúndum en hann keppti síðan í undanúrslitum í gærdag. Þar lenti Örn í tíunda sæti þegar hann synti á 53,54 sekúndum og komst ekki í úrslitin. Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi synti 50m bringusund í undanrásum í gær og var það síðasta grein hans á mótinu. Jakob synti á tímanum 29,09 sem dugði honum í 34. sætið.



Jóhannes Harðarson:

## Pirraður á meiðslunum

**FÓTBOLTI** Jóhannes Harðarson, leikmaður Start í Noregi, er enn ekki góður af meiðslunum sem hafa hrjáð hann síðan í byrjun árs. Jóhannes meiddist aftur um leið og hann hafði náð sér og á enn nokkuð í land með að ná fullum bata.

„Ég er orðinn mjög pirraður á þessu. Það styttist í annan endann á tímabilinu og ég verð líklega ekki til í slaginn fyrr en eftir sex vikur. Ég hef ekki spilað síðan í byrjun árs og er því ekki í neinu leikformi, það óraði ekki fyrir mér að þetta tæki svona langan tíma," sagði Jóhannes við norska fjölmiðla í gær. **- hþh**



**HÖRÐ BARÁTTA** Alonso er hársbreidd á undan Schumacher. NORDICPHOTOS/GETTY

Formúlan í Búdapest:

## Einvígi Alonso og Schumacher

**FORMÚLA 1** Um helgina verður Formúlu 1 kappakstur í Búdapest og er mikil spenna fyrir hann. Michael Schumacher á þarna möguleika á að vinna sitt fjórða mót í röð en sex mót eru eftir. Fernando Alonso er í efsta sæti í keppni ökumanna en Schumacher er aðeins ellefu stigum á eftir honum og því ljóst að allt getur gerst.

„Ég er mjög bjartsýnn og tel brautina í Búdapest henta mér mjög vel. Ég nýt mín frekar í að vera í sókn en vörn, undirbúningurinn hefur gengið vel og þetta lítur allt mjög vel út," sagði Schumacher í gær. Alonso var aðeins rólegri í yfirlýsingunum en segist ætla að gera allt sem í hans valdi stendur til að auka bilið í Schumacher. **- egm**



**ÚTAF** Rooney fékk rautt spjald fyrir olnbogaskot en dómurinn þótti vægast sagt strangur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Amsterdammótið:

## United vann

**FÓTBOLTI** Manchester United vann opnunarleik Amsterdammótsins gegn Porto í Hollandi í gær með þremur mörkum gegn einu en mótið verður sýnt beint á Sýn alla helgina. Paul Scholes kom United yfir með góðu skoti áður en Wayne Rooney skoraði glæsilegt mark eftir einleik. Ole Gunnar Solskjær, sem er óðum að ná sér eftir erfið meiðsli, skoraði svo þriðja mark United áður en Pepé minnkaði muninn með stórbrotnu marki. **- hþh**

# Við eigum mikið inni og munum bara bæta okkur

**Íslenska landsliðið í körfubolta vann sinn fyrsta sigur á Norðurlandamótinu í Finnlandi í gær. Ísland lagði Norðmenn af velli með 90 stigum gegn 69 og segir þjálfari liðsins, Sigurður Ingimundarson, liðið vera á réttri braut.**

**KÖRFUBOLTI** Undirbúningur íslenska karlalandsliðsins í körfubolta fyrir Evrópumótið er í fullum gangi, en liðið leikur sinn síðasta leik á Norðurlandamótinu í dag. Þar verða Danir andstæðingar okkar en Ísland vann öruggan sigur á Norðmönnum í gær, 90-69. Jakob Sigurðarson og Logi Gunnarsson voru stigahæstir í íslenska liðinu með sextán stig en Magnús Gunnarsson skoraði tólf. Allir leikmenn liðsins fengu að spreyta sig í gær.

„Við höfum verið að bæta okkur með hverjum leik á mótinu og það er styrkleikamerki," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari liðsins, við Fréttablaðið í gær.

„Norðmenn eru með mun lakari lið en Finnar og Svíar en við hefðum þó átt að gera betur í þeim leikjum. Leikirnir hefðu getað farið á báða vegu, við vorum að missa boltann um of frá okkur í báðum leikjum. Gegn Svíum lentum við í basli þegar við misstum stóru mennina okkar út af en við teljum okkur eiga mikið inni og eigum bara eftir að bæta okkur," sagði þjálfarinn sem hefur verið að vinna að ýmsu til að bæta leik liðsins.

„Sem lið þurfum við að vinna betur saman og loka ákveðnum holum sem myndast auk þess sem við þurfum að sýna meiri hörku í vörninni, en við höfum haft betur í fráköstunum í öllum leikjunum á mótinu sem er mjög jákvætt. Við erum þó enn að tapa of mörgum boltum í sókninni og við þurfum nauðsynlega að bæta það," sagði Sigurður.

Ekki hafa allir getað æft með liðinu og þrír lykilmenn, Jón Arnór Stefánsson, Brenton Birmingham og Fannar Ólafsson voru ekki með á mótinu. Undirbúningur liðsins fyrir EM, þar sem liðið er með Georgíu, Finnlandi, Lúxemborg og Austurríki í riðli, heldur áfram eftir tvær vikur þegar liðið tekur þátt í æfingamóti þar sem mótherjarnir verða Holland, Belgía og Svíþjóð. Síðustu æfingaleikirnir verða svo gegn Írum áður en mótið hefst í byrjun september.



**ÞJÁLFARATEYMIÐ** Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari, og Friðrik Ingi Rúnarsson aðstoðarmaður hans, fylgjast með liðinu á æfingu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það er mikið sem við lærum af þessu móti og við vitum betur hvar við erum staddir með liðið. Á næsta móti verða komnir nýjir menn til móts við okkur til að berjast um stöður. Samkeppnin um stöður er gríðarleg og við þurfum bara aðeins að fínstilla okkur," sagði Sigurður Ingimundarson að lokum.

**hjalti@frettabladid.is**

Skemmtilegu Íslandsmóti í holukeppni lauk í gær á Grafarholtsvelli:

# Anna Lísa og Örn Ævar meistarar

**GOLF** Anna Lísa Jóhannsdóttir úr GR og Örn Ævar Hjartarson úr GS urðu Íslandsmeistarar í holukeppni en mótið fór fram á Grafarholtsvelli. Anna Lísa vann Þórdísi Geirsdóttur í úrslitaleiknum 3/2 en staðan var jöfn eftir þrettán holur áður en leiðir skildust. Anna Lísa vann þá þrjár holur í röð og tryggði sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil.

Keppnin í karlaflokki var æsispennandi fram á lokaholuna. Örn vann 17. holu og átti þá eina holu á Ólaf Má Sigurðsson í úrslitaleik karla. Ólafur varð því að vinna 18. holuna til að jafna leikinn en á henni púttuðu þeir báðir fyrir fugli.

Ólafur var aðeins lengra frá og rétt missti af fuglinum og eftirleikurinn var auðveldur fyrir Örn sem tryggði sér parið og þar með 2-0 sigur. **- hþh**



**DRENGILEG KEPPNI** Ólafur og Örn þakka hvor öðrum keppnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**SKORAÐI** Eiður Smári skoraði gott mark fyrir Barcelona í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Fyrsta markið fyrir Barcelona

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen skoraði í gær sitt fyrsta mark í búningi Barcelona en hann er nýgenginn í raðir Spánar- og Evrópumeistaranna. Markið kom í æfingaleik við UANL Tígrana í Mexíkó. Barcelona sigraði með þremur mörkum gegn engu og skoraði brasilíski snillingurinn Ronaldinho eitt mark úr aukaspyrnu, en hann kom inn sem varamaður í leiknum líkt og Eiður Smári.

Þá lagði Ronaldinho upp mark Eiðs með stungusendingu en hitt mark leiksins var sjálfsmark hjá heimamönnum. Mark Eiðs var síðasta mark leiksins og kom það á 77. mínútu. Hann fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína í leiknum. Börsungar eru í æfingaferð um Mexíkó og Bandaríkin en liðið flaug í gær til Los Angeles og mun á morgun leika æfingaleik gegn CD Guadalajara. **- egm**



**NÝR STJÓRI** Hér er Martin O'Neill hugsi á svip. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Martin O´Neill snýr aftur:

## Nýr stjóri hjá Aston Villa

**FÓTBOLTI** Aston Villa hefur fundið nýjan knattspyrnustjóra en það er Martin O'Neill sem hefur ekki verið viðriðinn fótboltann undanfarið ár. Hann hætti með skoska liðið Glasgow Celtic þar sem eiginkona hans, Geraldine, átti við alvarleg veikindi að stríða. Hún er hins vegar á skjótum batavegi og mun O'Neill halda með Aston Villa í æfingaferð til Þýskalands og Hollands um helgina, að því er BBC hermir.

O'Neill hóf sinn feril hjá Shepshed Charterhouse áður en hann fór til Grantham, svo fór hann til Wycombe og loks til Leicester. Hann náði frábærum árangri með Leicester og endaði liðið fjórum sinnum í efri helmingi úrvalsdeildarinnar undir hans stjórn. Þá vann hann deildarbikarinn tvívegis með liðinu. **- egm**


515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
M12 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 FÁ SÝN Á 2.465 KR.
MEISTARADEILD EVRÓPU
- STERKASTA DEILDIN
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
ENSKA ÚRVALSDEILDIN
- Á DIGITAL ÍSLANDI FRÁ 15. SEPTEMBER
digital ísland
STÆRSTU
VIÐBURÐIRNIR
Íslensku nördarnir (hefst 31. ágúst)
Fyrstu leikir Eiðs Smára
Undankeppni EM 2008
Landsbankadeildin
Íslenska landsliðið
Enska landsliðið
Ensku bikarkeppnirnar
Enski samfélagsskjöldurinn
Evrópukeppni félagsliða
Enska 1. deildin
Copa America 2007
Stærstu golfmótin
Box
NFL
NBA, ofl.
sýn
besta sætið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„You don't have time to think up there. If you think, you're dead."**

Svar: Maverick úr Top Gun frá 1986

# dagskrá
SUNNUDAGUR

## ÍTÆKINU EWAN MCGREGOR LEIKUR Í BIG FISH Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 14.20

# *Foreldrarnir hvöttu hann til að hætta í skóla*

Ewan Gordon McGregor fæddist 31. mars árið 1971 í Crieff í Skotlandi. Foreldrar hans eru James og Carol McGregor og eru þau bæði kennarar. Þegar Ewan var sextán ára hætti hann í Crieff og Morrison-skólanum til að gangast til liðs við Perth Repertory-leikhúsið þar sem hann vann sem sviðsmaður og fékk nokkur smærri hlutverk. Foreldrar hans hvöttu hann til að hætta í skóla og leitast við að ná leiklistartakmörkum sínum í staðinn fyrir að vera óhamingjusamur.

Ewan lærði leiklist í ár í Kirkcaldy-skólanum í Fife og skráði sig síðan í þriggja ára nám í Guildhall School of Music and Drama í London. Hann hætti þar rétt áður en hann útskrifaðist því hann nældi í hlutverk í þáttaröðinni Lipstick on Your Collar árið 1993. Áhorfendur tóku fyrst eftir Ewan árið 1994 í Shallow Grave, sem leikstýrt



var af Danny Boyle. Síðan lék hann í Pillow Book árið 1996 og Trainspotting sama ár en síðari myndin kom honum á kortið.

Nú er Ewan einn eftirsóttasti leikari í heimi og frægastur fyrir hlutverk sitt í Star Wars-myndunum.

Ewan kvæntist franska iðnhönnuðinum Eve Mavrakis árið 1995 en hann kynntist henni þegar hann vann við sjónvarpsþáttinn Kavanagh QC árið 1994. Þau eiga saman tvær dætur, Clara Mathilde og Esther Rose.

Ewan hefur stofnað framleiðslufyrirtækið Natural Nylon með vinum sínum Jonny Lee Miller, Sean Pertwee, Jude Law og Sadie Frost og stefna þau á að framleiða óháðar kvikmyndir.

**Þrjár bestu myndir Ewans:** **Star Wars III: Revenge Of The Sith** - 2005 **Trainspotting** - 1996 **Shallow Grave** - 1994



▶ 19.35 *Mannlíf*

ÚT OG SUÐUR



▶ 20.30 *Gaman*

MONK



▶ 21.00 *Spenna*

KILLER INSTINCT



▶ 20.30 *Spenna*

POINT PLEASANT



▶ 10.55 *Fótbolti*

AMSTERDAM MÓTIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Bubbi byggir (810:813) **8.11** Geirharður bojng bojng (9:26) **8.31** Hopp og hí Sessamí (13:26) **8.55** Konstanse (1:10) **9.01** Stjáni **9.25** Sígildar teiknimyndir (25:30) **9.32** Líló & Stitch (44:49) **9.54** Gæludýr úr geimnum (20:26) **10.15** Latibær **10.40** Hlé **11.30** Formúla 1

**14.00** Körfuboltahetjan **15.30** Hlé **16.00** Kóngur um stund (7:12) **16.30** Út og suður **17.00** Vesturálman (13:22) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar (14:31) **18.28** Ævintýri Kötu kanínu (12:13)

**18.41** **Pia heldur sér á floti** Leikin þýsk barnamynd. e.

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

▶ **19.35** **Út og suður (14:17)**

**20.00** **Hve glöð er vor æska (3:4)** (La Meglio gioventù) Ítalskur myndaflokkur sem gerist á fjórum viðburðaríkum áratugum í lífi tveggja bræðra frá Róm. Hinn áhyggjulausi Nicola ferðast um heiminn, en ákveður að lokum halda kyrru fyrir á Ítalíu og gerast geðlæknir.

**21.40** **Queens of the Stone Age** (Queens of the Stone Age) Bandaríska rokkhljómsveitin Queens of the Stone Age á tónleikum.

**22.45** **Villingagarðurinn** (National Lampoon's Animal House) Bandarísk gamanmynd frá 1978 um óstýriláta háskólanema sem skólayfirvöld vilja endilega losna við. Leikstjóri er John Landis.

**0.35** Heill á húfi (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 14 ára. e) **2.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Pingu **7.10** Jellies **7.20** Myrkfælnu draugarnir **7.35** Stubbarnir **8.00** Noddy **8.10** Kalli og Lóla **8.25** Könnuðurinn Dóra **9.15** Taz-Mania 1 **9.35** Ofurhundurinn **10.00** Kalli litli kanína og vinir hans **10.25** Barnatími Stöðvar 2 (Horance og Tína) **10.50** Ævintýri Jonna Quests **11.15** Sabrina **11.35** Bratz

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Neighbours **13.10** Neighbours **13.30** Neighbours **13.50** Neighbours **14.15** Það var lagið (e) **15.15** Einu sinni var (6:6) **15.45** Neyðarfóstrurnar (3:16) **16.25** Curb Your Enthusiasm (7:10) **16.55** Veggfóður **17.40** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.10** **Örlagadagurinn (9:12)**

**19.40** **Jane Hall's Big Bad Bus Ride (5:6)** (Stórfenglegar strætóferðir Jane Hall)

▶ **20.30** **Monk (9:16)** (Mr. Monk And The Secret Santa) Lögregluþjónn lætur lífið eftir að hafa drukkið vín sem yfirmaður hans fékk að gjöf. Náungi sem reyndi að skjóta lögreglustjórann nokkrum mánuðum áður liggur undir grun og til þess að komast að hinu sanna ákveður Monk að dulbúa sig sem jólasveinn.

**21.15** **Cold Case (20:23)** (Óupplýst mál) Árið 1994 var 16 ára gömul stúlka myrt án þess að málið yrði upplýst. Rannsókn málsins er tekin upp aftur af Lilly og gengi hennar eftir símtal frá fanga sem til stendur að lífláta innan þriggja daga. Bönnuð börnum.

**22.00** **Eleventh Hour** (Á elleftu stundu) (3:4)

**23.10** Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring (Bönnuð börnum) **2.05** Two Weeks Notice **3.45** The Adventures of Pluto Nash (Bönnuð börnum) **5.15** Cold Case (20:23) (Bönnuð börnum) **5.55** Fréttir Stöðvar 2 **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**

**19.10** **Seinfeld (9:22)** (The Masseuse)

**19.35** **Seinfeld (10:22)**

**20.00** **Pípóla (4:8) (e)**

**20.30** **Bernie Mac (17:22) (e)** (Mac-Inations)

▶ **21.00** **Killer Instinct (10:13) (e)** (She's The Bomb) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Lögreglumaðurinn Jake Hale er ávíttur af deild sinni eftir að félagi hans var drepinn við skyldustörf. Þjakaður af sorg ákveður Jake að fara í fremstu víglínu með glæpadeild San Francisco lögreglunnar til að koma höndum yfir hættulegustu glæpamenn borgarinnar, ásamt því að bjarga starfi sínu sem er í hættu. Bönnuð börnum.

**21.50** **Ghost Whisperer (3:22)**

**22.40** **Falcon Beach (9:27) (e)** (Blame Game)
**23.30** X-Files (e) **0.20** Jake in Progress (11:13) **0.45** Smallville (12:22) (e) **1.30** Sirkus RVK (e)

## SKJÁREINN

**12.55** Whose Wedding is it Anyway? (e) **13.40** Beautiful People (e) **14.30** The O.C. (e) **15.30** America's Next Top Model V (e) **16.30** Borgin mín (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Pepsi World Challenge (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks. Tvíburarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjörnuborgarinnar og kynnast krökkum fína og fræga fólksins í Beverly Hills.

**19.45** **Melrose Place**

▶ **20.30** **Point Pleasant** Nick er í þjálfunarbúðum fyrir skotveiðimenn og gengur vel og Judy fór með honum. Boyd kemst að sannleikanum varðandi Jesse. Meg heyrir Ben og Amber tala um leyndarmál.

**21.30** **C.S.I: New York**

**22.30** **Sleeper Cell** Farik uppgötvar að peningasendingin sem kom frá Mexíkó og átti að fjármagna Youmud Din hefur minnkað. Farik, Darwyn og Christian fara yfir landamærin til Tijuana og reyna að finna út hvernig þeir geta lagað peningamálin.

**23.15** Stardust Memories **0.35** C.S.I. – lokaþáttur (e) **1.30** The L Word (e) **2.20** Beverly Hills 90210 (e) **3.05** Melrose Place (e) **3.50** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
*besta sætið*

▶ **10.55** Amsterdam Tournament 2006

**12.35** Amsterdam Tournament 2006 **14.15** US PGA í nærmynd **14.40** Líf David Beckhams (Footballer's Story) **15.30** US Masters 2005

**18.30** **Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)

**19.00** **US PGA Tour 2006** Bein útsending frá Buick Open

**22.00** **When Lineker Met Maradona (e)** Glæný heimildarmynd um knattspyrnugoðið Diego Armando Maradona sem hefur átt ansi skrautlegt líf. Frábær heimildarmynd þar sem Maradona lætur allt flakka.

**22.45** **Amsterdam Tournament 2006** Útsending frá leik Man Utd. og Ajax

**0.25** Hápunktar í PGA mótaröðinni

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Big Fish **8.05** Beautiful Girl **10.00** Fierce Creatures **12.00** Forrest Gump (e) **14.20** Big Fish **16.30** Beautiful Girl **18.00** Fierce Creatures **20.00** **Forrest Gump (e)** Sexföld Óskarsverðlaunamynd um hinn treggáfaða Forrest Gump sem nær ótrúlega langt. Hann er alls staðar þar sem sögulegir atburðir eiga sér stað en óvíst er að hann meðtaki þýðingu alls þess sem gerist í kringum hann. Aðalhlutverk: Tom Hanks, Robin Wright. Leikstjóri: Robert Zemeckis. 1994. Leyfð öllum aldurshópum. **22.20** **Solaris** Vísindaskáldsaga eins og þær gerast bestar, með George Clooney í aðalhlutverki. Leikstjóri: Steven Soderbergh. 2002. Bönnuð börnum. **0.00** Moving Target (Bönnuð börnum) **2.00** The Real Thing (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Solaris (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News Weekend **13.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **15.00** THS The Women of Desperate Housewives **17.00** Sexiest Celebrity Brunettes **18.00** 10 Ways **18.30** Gone Bad **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** THS Tyra Banks **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Sexiest Celebrity Brunettes **23.00** Sexiest Celebrity Blondes **0.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Sirrý skellir sér í hjólreiðatúr með Jóni Björnsyni fyrrverandi félagsmálastjóra um stóra örlagadaginn í lífi hans. Á besta aldri hætti hann að "klifra" upp metorðastigann og steig upp á reiðhjól. Hann hefur hjólað einn síns liðs mánuðum saman um sögufrægar slóðir í framandi löndum. Hvernig er lífið án fastrar atvinnu og "titils"?

SAGÐI UPP Í RÁÐHÚSINU OG HJÓLAR UM HEIMINN

Í opinni dagskrá á NFS og Stöð 2 í kvöld kl. 19.10

NFS digital ísland vísir VEF TV

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Grief is nature's most powerful aphrodisiac."**

**Svar: Chazz Reinhold úr Wedding Crashers frá 2005**

# dagskrá

## MÁNUDAGUR

**VIÐ TÆKIÐ: VALGEIR RAGNARSSON VAR ÁNÆGÐUR MEÐ KASTLJÓSIÐ**

# *Þrusufínt Kastljós*

Kastljósþátturinn á fimmtudagskvöldið var mjög skemmtilegur og hefur án efa reynt nokkuð á útsendingarstjórana. Þeyst var frá myndverinu í Reykjavík, þaðan til Akureyrar, aftur niður á Austurvöll og svo framvegis. Það var mjög skemmtilegt að sjá formið á þættinum brotið aðeins upp og varð útkoman mjög lífleg. Verslunarmannahelgarstemning var allsráðandi í þættinum og var boðið upp á hvert skemmtiatriðið á fætur öðru, Baggalútsmenn voru auðvitað í stuði og spiluðu íslenskt fylleríslag á hljóðfærið ukulele frá Hawaii. Erlu Tryggvadóttur sjónvarpskonu var þó lífsins ómögulegt að skilja að ukulele er ekki það sama og gítar, henni fyrirgefst það þó.

Það hlakkaði líka í Snorra Ásmundssyni sem vafalaust mokar inn seðlunum á sölu aflátsbréfa í kringum þessa mestu syndahelgi ársins. „Fólk er þá allavega búið að fá fyrirgefningu frá almættinu fyrir syndir sínar, en spurningin er auðvitað hvort að það fyrirgefi sjálfu sér," sagði þessi kostulega réttvísi maður.



**KASTLJÓSIÐ** Kastljósið á fimmtudagskvöld var óvenju gott.

Botninn í þáttinn sló svo rakarakvartetinn Elmar frá Akureyri sem var mjög skemmtilegur. Þeir piltar áttu sér víst þann draum heitastan að syngja í Kastljósinu og ef það tækist myndu þeir leggja upp laupana. Ég hvet þá þó eindregið til þess að endurskoða þá ákvörðun og jafnvel að splæsa í búninga eins og alvöru rakarastofukvartettar klæðast, það verður nefnilega að viðurkennast að þeir voru dálítið nördalegir án búninganna.

Kastljósið fær mikið hrós fyrir skemmtilegan og stútfullan þátt. Kastljósið og Ísland í dag mættu gera meira að því að færa sig út fyrir gömlu þreyttu myndverin og brydda upp á nýjungum, ekki bara þegar sólin skín, hún skín hvort eð er nær aldrei í Reykjavík.



▶ **19.35** *Hestar*

KÓNGUR UM STUND



▶ **20.20** *Drama*

RELATED



▶ **21.00** *Drama*

FALCON BEACH



▶ **20.30** *Lokaþáttur*

THE O.C.



▶ **18.50** *Íþróttir*

GILLETTE SPORTPAKKINN

### SJÓNVARPIÐ

**7.55** EM í frjálsum íþróttum **11.00** Drengurinn í kúlunni

**12.20** Hlé **15.05** EM í frjálsum íþróttum **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** EM í frjálsum íþróttum

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

▶ **19.35** **Kóngur um stund (9:12)** Hestamenn eru þekktir fyrir að vera lífsglatt og uppátækjasamt fólk – og við fáum að kynnast mörgum þeirra, landsþekktum sem lítt þekktum, í þættinum Kóngur um stund í sumar.

**20.10** **Æskudraumar** (The Young Ones) Bresk söngvamynd í léttum dúr frá 1961. Nicky og vinir hans gefa út lag til að safna peningum og bjarga félagsmiðstöðinni sinni frá niðurrifi.

**22.00** **Tíufréttir**

**22.25** **Glæpahneigð (4:22)** (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna.

**23.10** Út og suður **23.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Smá skrítnir foreldrar **7.25** Pokemon 4 **8.45** Ginger segir frá **9.10** Skjaldbökurnar **9.30** Kalli kanína og félagar **9.35** Kalli kanína og félagar **9.45** Froskafjör **9.55** Skrímslaspilið (14:49) **10.15** Big **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Home Improvement (16:25) **12.50** Harry Potter and the Chamber of Secrets **15.35** Oprah (26:145) **16.20** The Real Da Vinci Code **17.10** The Real Da Vinci Code **18.00** You Are What You Eat (13:17)

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.10** **The Simpsons (4:22)** (Simpson-fjölskyldan)

**19.35** **Extreme Makeover: Home Edition (3:25)** (Hús í andlitslyftingu)

▶ **20.20** **Related (7:18)** (Systrabönd) Nýr gamansamur dramaþáttur úr smiðju framleiðenda Friends og Sex and the City. Í þáttunum segir frá Sorelli-systrunum fjórum og glímu þeirra við hið daglega amstur og þær miklu kröfur sem gerðiar eru til nútímakvenna.

**21.05** **Gone But Not Forgotten (1:2)** (Horfinn en ekki gleymdur) Framhaldsmynd í tveimur hlutum byggð á samnefndri metsölu spennusögu.

**22.30** **Antwone Fisher** Eftirminnileg kvikmynd.

**0.25** Medium (19:22) (Bönnuð börnum) **1.05** NCIS (4:24) (Bönnuð börnum) **1.50** You Wish! **3.15** Dead Heat (Stranglega bönnuð börnum) **4.45** Related (7:18) **5.30** Fréttir **6.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**

**19.00** **Ísland í dag**

**19.30** **Fashion Television (e)**

**20.00** **Seinfeld (11:22)** (The Conversion)

**20.30** **Jake in Progress (12:13)** (Jake Or The Fat Man)

▶ **21.00** **Falcon Beach (10:27)** (Papa Was A Rolling Stone) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi. En þar mætast líka tveir heimar – sumarleyfisgestirnir og íbúar bæjarins.

**21.50** **Smallville (13:22)** (Vengeance)

**22.40** **Killer Instinct (10:13) (e)** (She's The Bomb)

**23.30** Stacked (8:13) (e) **23.55** Rescue Me (4:13) **0.40** Seinfeld (11:22)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.50** Everybody Hates Chris (e) **16.20** One Tree Hill – lokaþáttur (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210**

**19.45** **Melrose Place**

▶ **20.30** **The O.C. – lokaþáttur** Útskriftardagurinn er runnin upp og allir fara út að skemmta sér. Mamma Ryans gefur honum bíl í útskriftargjöf, Marissu gjöf er sigling í eitt ár með pabba sínum og Summer stefnir enn á Brown. Volchok er enn fúll út í Marissu og Ryan.

**21.30** **The Contender** Leitin er hafin að næstu hnefaleikastjörnu!

**22.30** **Law & Order – NÝTT!** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I: New York (e) **0.55** Beverly Hills 90210 (e) **1.40** Melrose Place (e) **2.25** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**15.00** US PGA Tour 2006 **18.00** Veitt með vinum (Norðurá)

▶ **18.50** **Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.

**19.20** **Amsterdam Tournament 2006** Upptaka frá fjórða leiknum í hinu árlega Amsterdam-móti Ajax í fótbolta.

**21.00** **Ensku mörkin 2006-2007** (Ensku mörkin 2006-2007) Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

**21.30** **Saga fótboltans** (European Superpowers) Magnaður myndaflokkur um vinsælustu íþrótt í heimi.

**22.25** **HM 2006 (Ítalía – Frakkland)** Upptaka frá sjálfum úrslitaleiknum á HM í Þýskalandi þar sem mættust Ítalir og Frakkar.

**0.25** 4 4 2

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Liar Liar **10.00** Moonlight Mile **12.00** Lovely and Amazing (Bönnuð börnum) **16.00** Liar Liar **18.00** Moonlight Mile **20.00** **Lovely and Amazing** (Yndislegar elskur) Skemmtileg mynd um samband móður og þriggja dætra. Aðalhlutverk: Brenda Blethyn, Emily Mortimer, Catherine Keener, Raven Goodwin. **22.00** **The Others** (Hinir) Umtöluð spennumynd. Grace Stewart býr með tveimur börnum sínum í virðulegu húsi í Jersey í Bandaríkjunum og bíður heimkomu eiginmannsins úr seinna stríðinu. Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Fionnula Flanagan, Alakina Mann, James Bentley, Christopher Eccleston. Leikstjóri: Alejandro Amenábar. 2001. Bönnuð börnum. **0.00** Dreamcatcher (Stranglega bönnuð börnum) **2.10** Knockaround Guys (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Others (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News Weekend **13.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **17.00** Sexiest Celebrity Brunettes **18.00** E! News Weekend **19.00** THS Jennifer Lopez **21.00** Sexiest Celebrity Brunettes **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** THS Jennifer Lopez **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Sorry I iz late, bu dere was a documentry on about monkeys.“**

Svar: Ali G úr Ali G Indahouse frá 2002

# dagskrá

**Í TÆKINU** MEG RYAN LEIKUR Í AGAINST THE ROPES Á STÖÐ 2 KL. 21.10

## *Ætlaði að verða blaðamaður*



Sæta ljóskan með bláu augun, Margaret Mary Emily Ann Hyra, eða Meg Ryan eins og flestir þekkja hana, fæddist 19. nóvember árið 1961 í Fairfield í Connecticut. Faðir hennar var ráðningaraðili fyrir leikara en foreldrar Meg skildu árið 1976. Meg útskrifaðist úr Bethel miðskólanum í júní árið 1979 og flutti til New York. Þar lærði hún fjölmiðlafræði við háskólann í New York. Til að þéna aukapening meðan hún náði sér í gráðu í fræðunum prófaði hún sig áfram í leiklist og notaði nýtt nafn, Meg Ryan.

Árið 1981 fékk hún stóra tækifærið á tjaldinu sem dóttir Candice Bergen í myndinni Rich and Famous. Síðan lék Meg í sápunni As the World Turns frá 1982 til 1984. Hún fékk líka hlutverk í þáttunum One of the Boys árið 1982 en fljótlega var hætt við þá þætti.

Meg varð loksins stjarna með línunni „Take me to bed or lose me forever“ í myndinni Top Gun árið 1986 sem sló öll met. Eftir það hefur hún leikið í fjölmörgum vinsælum myndum og flestir kannast við hana úr When Harry Met Sally árið 1989 en fyrir það hlutverk fékk hún Golden Globe og BAFTA tilnefningu.

Meg giftist leikaranum Dennis Quaid 14. febrúar árið 1991 en þau kynntust við gerð myndarinnar Innerspace árið 1987. Þau skildu 16. júlí árið 2001 og eiga saman soninn Jack Henry Quaid sem fæddist árið 1992.

**Þrjár bestu myndir Meg Ryan:** **Sleepless In Seattle** - 1993 **When Harry Met Sally** - 1989 **Top Gun** - 1986



▶ 19.40 *Tónlist* JOOLS HOLLAND



▶ 20.10 *Gaman* ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 19.00 *Gaman* SEINFELD



▶ 21.00 *Gaman* RUN OF THE HOUSE



▶ 18.30 *Fréttir* KVÖLDFRÉTTIR

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára **8.06** Bú! **8.17** Lubbi læknir **8.30** Bitte nú! **8.55** Sigga ligga lá **9.07** Sögurnar okkar (5:13) **9.14** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (7:26) **9.37** Gló magnaða (62:65) **10.02** Spæjarar **10.25** Latibær **10.50** Kastljós **11.20** Formúlukvöld **11.50** Formúla 1

**13.15** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (2:4) **13.45** Njósnarinn Harriet **15.25** Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum **15.45** Íþróttakvöld **16.10** Landsmót hestamanna **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (60:73) **18.25** Búksorgir (3:6)

**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.40** **Kvöldstund með Jools Holland (4:6)**
**20.45** **Ljóska í laganámi** (Legally Blonde) Eftir að kærasti ljóskunnar Elle segir henni upp eltir hún hann í laganám í Harvard til að næla í hann aftur. Leikstjóri er Robert Luketic og meðal leikenda eru Reese Witherspoon, Luke Wilson og Selma Blair.
**22.20** **Maðurinn með járngrímuna** (The Man in the Iron Mask) Bandarísk bíómynd frá 1998. Loðvík XIV Frakklandskóngur þykir grimmur harðstjóri. Leikstjóri er Randall Wallace og meðal leikenda eru Leonardo DiCaprio, Jeremy Irons, John Malkovich, Gérard Depardieu, Gabriel Byrne, Anne Parillaud og Hugh Laurie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**0.30** Allt á fullu (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **2.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Andy Pandy **7.05** Kærleiksbirnirnir **7.15** Töfravagninn **7.40** Engie Benjy **7.50** Ruff's Patch **8.00** Gordon the Garden Gnome **8.35** Animaniacs **8.55** Leðurblökumaðurinn **9.15** Kalli kanína og félagar **9.40** Titeuf **10.05** Mighty Morphin Power Rangers **11.35** S Club 7

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Bold and the Beautiful **12.45** Bold and the Beautiful **13.05** Bold and the Beautiful **13.45** Bold and the Beautiful **14.10** Idol – Stjörnuleit **15.30** Monk (8:16) **16.30** The Apprentice (4:14) **17.15** Örlagadagurinn (8:12) **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.05** **Lottó**
**19.10** **My Hero** (Hetjan mín) Ardan O'Hanlon úr Father Ted leikur George sem er sko enginn venjulegur maður þótt við fyrstu sín hann líti út fyrir að vera það.
**19.40** **Hot Properties (1:13)** (Pilot) Frá höfundum gamanþáttanna Frasier koma þessir nýju og bráðskemmtilegu þættir um fjórar eldhressar konur.
▶ **20.10** **Það var lagið (e)** Í sumar verða sýndir valdir þættir.
**21.10** **Against the Ropes** (Ein í hringnum) Meinfyndin bandarísk stórmynd sem gefir ansi skemmtilega og óvenjulega innsýn í heim hnefanna. Meg Ryan leikur umboðsmann hnefaleikakappa í þessum harða og blóðuga heimi. 2004.

**23.05** 13th Floor (Stranglega bönnuð börnum) **0.45** Con Air (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** Lone Hero (Stranglega bönnuð börnum) **4.10** FX 2 (Stranglega bönnuð börnum) **5.55** Fréttir Stöðvar 2 **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
▶ **19.00** **Seinfeld (7:22)**
**19.30** **Seinfeld (8:22)**
**20.00** **Fashion Television (e)**
**20.30** **Sirkus RVK (e)**
**21.00** **Ghost Whisperer (3:22) (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.
**21.45** **Falcon Beach (9:27) (e)** (Blame Game)
**22.30** **Invasion (18:22) (e)** (Re-Evolution) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. Eftir storminn hefst röð undarlegra atvika sem lögreglustjóri staðarins ákveður að kanna nánar. Kemur þá ýmislegt dularfullt í ljós sem engar rökréttar skýringar virðast á. Magnaðir þættir í anda X-files.

**23.15** X-Files (e)

### SKJÁREINN

**11.30** Dr. Phil (e)

**13.45** The Bachelor VII (e) **14.45** Point Pleasant (e) **15.35** One Tree Hill – lokaþáttur (e) **16.30** Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn (e) **17.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir (e) **18.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar (e)

**19.00** **Beverly Hills 90210**
**19.45** **Melrose Place**
**20.30** **All About the Andersons** Anthony reynir að sannfæra mömmu sína um að hún eigi að vera sjálfstæðari og félagslyndari og að hún eigi svolítið að fara að lifa sínu lífi.
▶ **21.00** **Run of the House** Þegar Kurt, Sally og Chris komast að því að foreldrar þeirra hafa ekki planað neitt fyrir 16 ára afmæli Brookes ákveða þau að halda óvænta veislu fyrir hana daginn fyrir afmælið. Kurt og Sally skipuleggja allt og láta Chris um að koma með hana í afmælið.
**21.30** **Pepsi World Challenge**
**22.20** **Parkinson** Micheal Parkinson er ókrýndur spjallþáttakonungur Breta

**23.15** The Contender (e) **0.10** Sleeper Cell (e) **1.00** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.50** Beverly Hills 90210 (e) **2.35** Melrose Place (e) **3.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.50** Dagskrárlok

### NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Óþekkt **11.00** Fréttavikan

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.45** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Vikuskammturinn **17.10** Óþekkt **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

▶ **18.30** **Kvöldfréttir**
**19.10** **Fréttavikan**
**20.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00** **Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**21.35** **Vikuskammturinn** Samantekt með áhugaverasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
**22.30** **Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scorched **8.00** Elizabeth Taylor: Facets **10.00** Not Without My Daughter (e) **12.00** Down With Love **14.00** Scorched **16.00** Elizabeth Taylor: Facets **18.00** Not Without My Daughter (e) **20.00** **Down With Love** (Ástsýki) Rómantísk gamanmynd sem gerist í New York snemma á sjöunda áratugnum. Aðalhlutverk: Reneé Zellweger, Ewan McGregor, Sarah Paulson, David Hyde Pierce. Leikstjóri: Peyton Reed. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** **Terminator 3: Rise of the Mac** (Tortímandinn 3) Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Nick Stahl, Claire Danes. Leikstjóri: Jonathan Mostow. 2003. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Special Forces (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Torque (Bönnuð börnum) **4.00** Terminator 3: Rise of the Mac (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Live from the Red Carpet **13.30** Extreme Close-Up **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** THS Trust Fund Babies **17.00** Child Star Confidential **17.30** 10 Ways **18.00** E! News Weekend **19.00** THS Women Of Sex and The City **21.00** Sexiest Celebrity Brunettes **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** THS Women Of Sex and The City **2.00** Wild On Tara

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

Frá höfundum Frasier koma þessir nýju og bráðskemmtilegu þættir, í anda Sex and the City. Þeir fjalla um fjórar eldhressar konur sem hafa haslað sér völl sem fasteignasalar á Manhattan.

HOT PROPERTIES

Í kvöld kl. 19:40



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Hot Properties** Stöð 2 kl. 19.40

### *Nýr stelpuþáttur*



Af einhverjum ástæðum eru stelpuþættir vel þekkt fyrirbæri en hins vegar eru fáir þættir sem hægt er að kalla strákaþætti enda á þessi kynjaskipting á þáttum eiginlega ekki rétt á sér. Hvað sem því líður, þá er nokkuð ljóst að þáttinn Hot Properties verður líklegast að flokka sem stelpuþátt. Þátturinn er samt runninn undan rifjum þeirra sömu og gerðu hina geysivinsælu þætti um útvarpsmanninn Frasier en viðfangsefnið í þessum nýju þáttum er hins vegar allt annað. Þeir fjalla um fjórar sjálfstæðar konur sem starfa við fasteignaviðskipti í New York en eins og aðrir lenda þær einnig í sínum persónulegu vandamálum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | 5 | | 8 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | | | | 4 | 3 | 9 |
| | 4 | | | | 1 | | 6 | 7 |
| | | | | 2 | | | | |
| 2 | 8 | | 4 | | | | 9 | |
| 8 | 7 | 9 | | | | | | |
| | | | | | | 3 | | |
| | | 3 | | 6 | 7 | | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 | 9 | 5 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 |
| 2 | 1 | 4 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 4 |
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 |



▶ **23.30** *Hnefaleikar*

SHANE MOSLEY VS. FERNANDO VARGAS

### SÝN

*besta sætið*

**10.10** Amsterdam Tournament 2006 e. **11.50** Amsterdam Tournament 2006 e. **11.30** Ensku mörkin 2006-2007

**14.00** Íslandsmótið í golfi 2006 **15.00** US PGA í nærmynd **15.25** Kóngur um stund (4:16) **15.55** Pro Bull Riders **16.50** Amsterdam Tournament 2006 **19.00** Amsterdam Tournament 2006

**21.00 Box – Danny Williams – Matt Sk** Útsending frá hnefaleikabardaga milli Danny Williams og Matt Skelton sem fram fór í síðasta mánuði.

▶ **23.30 Box – Shane Mosley vs. Fernand** Upptaka frá bardaga þeirra Shane Mosley og Fernando Vargas sem fram fór á dögunum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Á ferðaslóðum: Norðurland **10.05** Veðurfregnir **10.15** Fimm þúsund mínútur í Kænugarði **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Teygjan **14.40** Sjö dagar sælir **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Sakamálaleikritið **17.20** Lokkandi ljóð og lítil lína **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Besti tíminn **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Á sælueyjum **21.05** Djassgallerí New York **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Geymt en ekki gleymt **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már **18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




# ((STÓR)) ÚTSALAN ER HAFINN

## Tónlist frá 199 kr.
## DVD frá 699 kr.
## Tölvuleikir frá 799 kr.




S·K·Í·F·A·N

**MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI**

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

# *Ofbeldi*

Umræða um ofbeldi í þjóðfélaginu dúkkar upp með reglulegu millibili. Nú síðast gafst fjölmiðlum ærið tilefni til þess að taka léttan snúning á viðfangsefninu, eftir að einn lá á sjúkrahúsi út af keðjuslag og plötusnúður hafði fengið eyrað sitt nýsaumað á sig aftur, en það var bitið af honum af fyllibyttu. Lögreglumaður benti á í sjónvarpsviðtali að út af fyrir sig væri ofbeldi ekki nýtt af nálinni hér á landi. Í Íslendingasögunum er talsvert getið um slíkt. Bændur flugust á.

**TVENNT** finnst mér alltaf jafn skrítið varðandi hina reglubundnu umræðu um ofbeldi og slagsmál Íslendinga. Fyrir það fyrsta er alltaf fullyrt eða látið liggja í orðunum, að ofbeldi fari vaxandi. Þetta er gert þrátt fyrir það að rannsóknir og tölur hafi sýnt að ofbeldi, til dæmis í miðbænum, hafi ekki farið vaxandi heldur þvert á móti. Í annan stað finnst mér alltaf jafnmerkilegt hvað umræðan um ofbeldi snýst alltaf um miðbæinn. Menn fara að tala um „ástandið í miðbænum“ og „miðbæ óttans“ og svo framvegis. Þetta gera menn þrátt fyrir að keðjuslagurinn hafi til dæmis farið fram á Selfossi, sem er ekki í miðbænum, og mýmörg önnur ofbeldisverk hafi alls ekki farið fram í miðbænum heldur til dæmis í Keflavík svo dæmi sé tekið, eða bara á ólíklegustu stöðum eins og í Mosfellsbæ. Hvorugt er í miðbænum.

**MÉR** er það hulin ráðgáta hvers vegna það er rokið til og talað við kráareigendur í miðbænum eftir ofbeldisverk á Selfossi. Menn slást með keðjum úti á landi. Blöð tala um ástandið í miðbænum. Hvað veldur?

**UMRÆÐA** tekur oft á sig furðulegar myndir og fer að stjórnast af sérstökum lögmálum. Það er fyrirliggjandi að Íslendingar á öllum aldri munu halda áfram að slást um land allt, sérstaklega þegar þeir drekka svona mikið. Umræðan um þessa staðreynd virðist stjórnast af tveimur alþekktum klisjum: Heimur versnandi fer og miðbærinn er að fara í hundana.

**ÉG** held að það væri þess virði að reyna að nálgast ofbeldið með öðrum gleraugum. Auðvitað er aðlaðandi að álykta að allt sé á leið til andskotans og á góðum rigningardegi er slíkt viðhorf auðvitað það eina rétta. En stundum getur verið ágætt að hvíla rausið. Sjálfur get ég staðfest, í tilefni verslunarmannahelgarinnar, að ofbeldisverknaðir eiga sér stað af ýmsum ástæðum. Þegar ég var kýldur af þremur óskyldum mönnum í röð á innan við þremur korterum, fimmtán ára að aldri á Laugarvatni, lærði ég að stundum verður maður að passa hvað maður segir við fulla karlmenn. Árið áður ruddist ofstopamaður inn í tjald okkar félaganna í Húsafelli um miðja nótt og dró af okkur alla svefnpokana. Ég lá heima með lungnabólgu í mánuð á eftir.

**Í** miðbænum hef ég hins vegar gengið um óáreittur á öldurhúsum og á milli öldurhúsa hátt í annan áratug með millibilum og skemmt mér konunglega. Er þó meðö ör eftir Kaffibarinn, en það var út af dansi og mestmegnis mér að kenna.

